

14

Virði skóga og nýting
skógarauðlinda í brennidepli

26

Markaður Búrsins
í tíunda sinn

32-33

Í eldlínunni
í hálfra öld

Bændablaðið

6. tölublað 2016 • Fimmtudagur 22. mars • Blað nr. 463 • 22. árg. • Upplag 32.000



Hjónin Ásgeir Pétursson og Guðrún Helga Skowronsk stunda minkarækt í Dalsbúinu í Helgadal í Mosfellssveit. Hún er söðlasmiður og hestamanneskja auk þess að ala nokkrar hænur og kindur á búinu. Ásgeir, sem er fyrrverandi skipstjóri á flutningaskipum, er bjartsýnn á að íslenskum minkabændum takist að þrúka af hremmingar og verulegar verðlækkanir á skinnum á alþjóðlegum mörkuðum. – Sjá viðtal við Ásgeir á bls. 28–30. Mynd / HKr.

Landssamband kúabænda: Framkvæmdastjóri og formaður hætta

Uppstokkun er að verða í stjórnarteymi Landssambands kúabænda (LK).

Á föstudag var greint frá því á vefsíðu samtakanna að Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK, hafi tilkynnt stjórn um þá ákvörðun sína að segja upp stöðu sinni frá og með 1. apríl næstkomandi. Baldur Helgi hefur gegnt starfinu frá 1. janúar 2006, eða lengur en nokkur annar framkvæmdastjóri samtakanna. Það bíður nýrrar stjórnar LK, sem kosin verður á næsta aðalfundi, að ráða nýjan framkvæmdastjóra samtakanna. Aðalfundur LK verður haldinn 31. mars til 1. apríl.

Á stjórnarfundum LK þann 26. febrúar tilkynnti stjórnarformaðurinn, Sigurður Loftsson, að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Guðný Helga Björnsdóttir, varaformaður samtakanna, hefur líka ákveðið að draga sig í hlé.

Tveir hafa þegar gefið kost á sér til formennsku í LK, en það eru Jóhann Nikulásson, bóndi í Stóru-Hildisey 2 og Arnar Arnason, bóndi á Hranastöðum í Eyjafirði. /HKr.

Landssamtök landeigenda á Íslandi gagnrýna harðlega drög stjórnarskrárnefndar um aðgengi að eignarlöndum:

„Umdeildur almannaréttur í frumvarpinu á sér hvorki stoð í Grágás né Jónsbók“

— Fyrrverandi stjórnarmaður LLÍ segir alveg klárt að það ákvæði standist ekki mannréttindasáttmála Evrópu

Landssamtök landeigenda á Íslandi (LLÍ) hafa gert ítarlegar athugasemdir í umsögn við drög stjórnarskrárnefndar að frumvörpum um auðlindir og umhverfis- og náttúruvernd til stjórnskipunarlag.

Umsögn LLÍ hefur verið skilað inn til forsætisráðuneytisins. Þar segir m.a. að íþyngjandi ákvæði um almannarétt innan eignarlanda í frumvarpi að stjórnskipunarlögum grafa undan þeirri vernd sem eignarrétturinn hefur notið í stjórnarskrá Íslands allt frá upphafi og ekki ætlunin að nema brott með beinum hætti. Þau ákvæði kunni að vera brot á mannréttindasáttmála Evrópu.

Með ákvæðinu sé réttur landeigenda til að vernda land sitt gegn skemmdum tekinn af þeim og alfaríð færður til löggjafans. Gagnrýna landeigendur m.a. ákvæði sem heimili almenningi að fara inn á eignarlönd og tjalda þar ef þeim sýnist svo. Gagnrýnt er að í frumvarpsdrögum sé vísað í ákvæði í Grágás og Jónsbók sem eigi sér enga stoð í veruleikanum.

„Umdeildur almannaréttur sem frumvarpið kveður á um á sér hvorki rætur né stoð í fornum lögbókum

Grágásar og Jónsbókar, eins og ranglega segir í greinargerð“ segir í umsögn LLÍ.

Verið að afbaka fornar lögbækur

Óðinn Sigbórsson, fyrrverandi stjórnarmaður í LLÍ, hefur kynnt sér ítarlega ákvæði Grágásar og Jónsbókar um rétt almennings til að fara yfir eignarlönd. Hann segir ótvírætt að samkvæmt þeim ritum, að stjórnarskrárnefnd sé að reyna að búa til almannarétt sem byggir á ákvæðum sem hvergi séu til í ritum heimildum.

„Það er ekki nokkur vafi. Þarna er verið að afbaka það sem stendur í hinni fornu lögbók. Það eru engin ákvæði, hvorki í Grágás né í Jónsbók, um það að menn megi fara í eignarlönd og dvelja þar sér til ánægju.

Þessi ákvæði eru fyrst og fremst og einvörðungu sett til þess að ekki sé hægt að meina mönnum að komast leiðar sinnar í gegnum lönd í lögmætum erindum. Á þeim tíma voru auðvitað ekki vegir eins og eru í dag,“ segir Óðinn.

Það er mat Landssamtakanna að umfjöllun í greinargerð um ákvæði í

frumvarpinu sé bæði yfirborðskennd og villandi.

„Í greinargerð kafla 3.2. um umhverfisgæði og aðgang að náttúrunni er því slegið föstu að réttur manna til að fara um eignarlönd og dvöl þar til að njóta náttúrunnar, og frumvarpshöfundar kjósa að kalla almannarétt, eigi sér rætur í fornlögum. Í greinargerð með frumvarpinu er engin tilraun gerð til að lýsa eða skýra inntak þessa réttar í Grágás eða Jónsbók eða hvar slíkan rétt er að finna í fornlögunum.

Ákvæði um almannarétt er að finna í landbríðabætti Grágásar. Sömu ákvæði er að finna í 59. kafla í búnaðarbálki Jónsbókar lögtekin árið 1281. Önnur ákvæði Grágásar lúta fyrst og fremst að rétti manna til að komast leiðar sinnar og þá um þjóðbraut ef slík var fyrir hendi.

Óðinn segir að þar sé einnig um að ræða sektarákvæði ef menn fari út fyrir eðlilega leið yfir land.

„Það eru ákvæði um það í Jónsbók að ef menn fara um akur, engi, holt og skerma, eða fara ekki rétta vegu, þá varði það sektum. Þetta ákvæði segir það einfaldlega að menn höfðu ekki frjálsa för um lönd eins og verið er að tala um í

dag. Öll ákvæði í lögum lúta að rétt manna til að komast leiðar sinnar, það mátti ekki hindra för manna og tiltekið orðalagið „á leið sinni“. Það er allt annar handleggur en það sem menn eru að gera í þessum frumvarpsdrögum.“

Umdeild ákvæði í náttúruverndarlögum

„Það að fara í lönd og dvelja þar og tjalda eins og nú er heimilað í náttúruverndarlögunum á sér enga stoð í fornum lögbókum. Þá eru þau mjög umdeild og það er engin allsherjar viðurkenning á meðal landeigenda að þessi réttur sé raunverulega fyrir hendi.

Þá er líka stigsmunur á því hvort menn setji slík ákvæði í almenn lög eða stjórnarskrá landsins sem skyldar þar með löggjafann til að taka inn slík ákvæði.

Hægt að vísa málinu áfram

– Nú er Alþingi ekki búíð að ljúka málinu, en ef stjórnmál landeigenda ná ekki fram að ganga, hvaða ráð hafa menn þá?

„Það eru ýmis úrræði. Það er til

að mynda hægt að fara með þessi ákvæði í náttúruverndarlögum til yfirþjóðlegra stofnana sem fylgjast með því að löggjöf ríkja stangist ekki á við alþjóðasamninga eða gerða sáttmála. Það er alveg klárt mál að þetta ákvæði samrýmist ekki ákvæðum mannréttindasáttmálans um að menn eigi að fá að njóta eigna sinna í friði. Þetta er þvert á þau ákvæði,“ segir Óðinn Sigbórsson.

„Yfirborðskennd og villandi“

„Landssamtök landeigenda á Íslandi telja að ákvæði um auðlindir í náttúru Íslands séu yfirborðskennd og villandi og beri þess merki að stofna eigi til einhvers konar réttinda íslenska ríkisins (sem í tillögunum er nefnt þjóðin) að þeim auðlindum sem nú eru í eigu einstaklinga og lögaðila.

Landssamtökin leggja eindregið gegn fyrirhuguðum og ótímabærum breytingum á stjórnskipunarlögum og telja að engan veginn verði við það búíð til framtíðar að Alþingi Íslendinga framselji vald, umfram heimildir í stjórnarskrá, líkt og tíðkast hefur verið undanfarna áratugi.“

/HKr.

Fréttir



Mýraeldahátíð 2016

Búnaðarfélag Mýramanna mun halda Mýraeldahátíð í reiðhóllinni Faxaborg í Borgarnesi laugardaginn 9. apríl nk. Hátíðin er haldin annað hvert ár til að minnast sinubrunans sem varð í Hraunhreppi í Mýrasýslu 30. mars–2. apríl 2006.

Nú minnast bændur þess að tíu ár eru liðin síðan brann og halda hátíðina í fimmta sinn.

Dagskrá hátíðarinnar hefst kl. 13.00 í Faxaborg og stendur til kl. 17 en þá verður gert mjalta- og gegningahlé. Ýmis fyrirtæki koma og kynna vörur sínar og þjónustu. Einnig verður boðið upp á aðra afþreyingu, bæði fyrir börn sem fullorðna.

Um kvöldið verður haldin kvöldvaka í Lyngbrekku og hátíðin endar með dúndurgóðum dansleik með færeyska sjarmatröllinu Jógván Hansen og félögum.

Atkvæðagreiðsla framlengd

Atkvæðagreiðsla um búvörusamninga var framlengd til þriðjudagsins 22. mars. Kjörstjórn tók þessa ákvörðun eftir að í ljós kom að pappírskjörseðlar vegna atkvæðagreiðslunnar voru ekki prentaðir og póstagðir í samræmi við þöntun til prentsmiðju.

Kjörgögn til þeirra kjósenda, sem fengu þau ekki send af framangreindum ástæðum, hafa verið póstlögð. Vegna þessa var frestur til að póstleggja atkvæði framlengdur til 22. mars og verða atkvæði talin 29. mars. Rafræn kosning verður sömuleiðis opin til miðnætis 22. mars.

Símavakt verður hjá BÍ á þriðjudagskvöld. Þeir sem þurfa aðstoð við netkosninguna geta hringt í 563-0396 til miðnætis og leitað aðstoðar ef einhver vandamál koma upp.



Ný orlofsíbúð fyrir bændur

Bændasamtök Íslands festu nýlega kaup á orlofsíbúð fyrir félagsmenn sína.

Íbúðin er í fjölbýlishúsi í Þorrasölum í Kópavogi og rúmar auðveldlega fjóra gesti. Í henni eru tvö svefnherbergi, rúmgóð stofa sem er sambyggð eldhúsi, bað- og þvottaherbergi og stórar svalir. Í Þorrasölum eru ný húsgögn og heimilistæki. Stutt er í alla þjónustu, m.a. sundlaug og fjölbreyttar verslanir.

Leigutökum er bent á að hafa samband við Halldóru Ólafsdóttur hjá Bændasamtökum Íslands í síma 563-0300 eða í netfangið ho@bondi.is.

Sauðfjárbúskapur leggst af á þremur jörðum í Árneshreppi á Ströndum:

Ekki héraðsbrestur, en þungt högg og alvarleg staða

— segir Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti en eftir munu standa tíu sauðfjárbú í ábúð í hreppnum

„Þetta er auðvitað þungt högg fyrir lítið byggðarlag. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinna að hér sé yfirvofandi héraðsbrestur, en staðan er alvarleg engu að síður,“ segir Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti í Árneshreppi á Ströndum og hóteltýri á Hótel Djúpavík.

Ábúendur á þremur bæjum í Árneshreppi hyggjast bregða búi næsta haust, Bæ, Finnbogastaðum og Krossnesi. Alls verða eftir í hreppnum tíu bæir þar sem stundaður er sauðfjárbúskapur.

Vona að aðrir taki við keflinu

Eva segir að því verði ekki á móti mælt að fjárbúskapur sé á undanhaldi á Ströndum, það sé miður því í héraðinu sé kjörlendi til að stunda búskap af því tagi.

„Við höldum að sjálfsgöðu í vonina um að búskapur leggist ekki af á þessum jörðum, það er ekki loku fyrir það skotið að aðrir sjái tækifæri og taki við keflinu. Það eru margar ástæður fyrir því að fólk hættir í búskap, það þarf ákveðna köllun til að stunda sauðfjárbúskap, sumir eru í greininni skamma stund en breyta svo til, snúa sér að öðrum viðfangsefnum. Við erum auðvitað í lengstu lög að vona að hér geti þrífist öflugur sauðfjárbúskapur, í þessu góða héraði sem hentar vel til slíks,“ segir Eva.

Útgerð og virkjunarframkvæmdir

Hún segir að í Árneshreppi, sem vissulega sé fámennur, sé engu að síður ríkjandi þokkaleg bjartsýni og eitt og annað sem gefi tilefni til þess. Umtalsverð trilluútgætt sé að sumarlagi í hreppnum og framkvæmdir hafa í vetur staðið yfir við höfnina í Norðurfirði. Þar er verið að koma upp nýrri flotbryggju og stefnt að því að hún verði tilbúin með vorinu. Eins bindi íbúar miklar vonir við Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, en fyrirtækin HS-Orka og Vesturverk eru í startholm varðandi framkvæmdir. Áætlanir geri ráð fyrir að reist verði virkjun í Hvalá, þrjú miðlunarlón gerð á Ófeigsstaðaheiði og vatn leitt í aðrennslisgöngum í stöðvarhús. Stærð virkjunarinnar er samkvæmt áætlun um 37 MW og virkjunin gæti framleitt um 240 Gwh af orku á ári. Stefnt er að því



Horft yfir Trékyllisvík. Frá Vinstri er Bær, Finnbogastaðir og Árnes.

Mynd / HKr.



Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti.

að hefja vegagerð í tengslum við framkvæmdir nú í sumar.

Æ fleiri leggja leið sína á Strandir

Þá nefnir Eva að í Árneshreppi sé rekin öflug ferðabjónusta, hótél er rekið í Djúpavík og veitingastaður og þá sé annar slíkur í Norðurfirði.

„Við stöndum okkur ágætlega í ferðabjónustunni hér á svæðinu og það er vaxandi straumur ferðafólks hingað á svæðið. Þetta landsvæði er

afskekkt og samgöngur hafa fram til þessa ekki verið eins og best verður á kosið. Í þeim efnum horfir til betri vegar og því fögnum við. Hér voru framan af harla fáir á ferli, en þar hefur breyting orðið á, æ fleiri ferðamenn leggja leið sína til okkar enda hafa menn uppgötvað hvað landsvæðið hefur upp á að bjóða,“ segir Eva.

Batnandi vegir, einkum sunnan við Djúpavík, hafa þar sitt að segja, það gerir að verkum að skemmri tíma tekur að aka á svæðið og því fleiri sem leggja í hann. Aðalfyrirstaðan er að sögn Evu vegurinn um Veiðileysuhóla. Þá hafa menn bent á að yfir veturinn er ekki mokað í tæpa þrjá mánuði, frá 5. janúar til 20. mars, sem vitanlega sé ekki gott. Í hlýindunum liðna daga hefur mikinn snjó tekið upp á Ströndum og vor er í lofti.

Sumarið lofar góðu

Komandi sumar lofar góðu í ferðabjónustunni en Eva segir að nú þegar sé mikið búið að bóka í gistingu á Djúpavík.

„Það er um það bil 75% af okkar plássi þegar bókað yfir sumar- mánuðina og pantanir fyrir sumarið 2017 streyma inn,“ segir hún. En bætir við að langur vegur sé frá að Strandir séu að yfirfyllast af ferðalöngum líkt og dæmi séu um annars staðar frá.

„Við erum alls ekki komin á það

stig að þurfa að beita hér ítölu,“ segir Eva á léttu nótunum. Hún bendir einnig á að með batnandi vegum verði hægt að lengja ferðamannatímamann.

Á liðnum vetri voru í boði sleðaferðir, en samvinna var um þær milli Djúpavíkurfólks og feðga á Hólmavík. Þær tókust vel og var almenn ánægja meðal þátttakenda. Eva segir að ýmsir möguleikar séu fyrir hendi til að efla ferðabjónustuna á svæðinu á tímum sem áður voru lítið nýttir og það séu menn að skoða.

Ekkert í veröldinni er útilokað

„Við reynum auðvitað að halda í bjartsýnina og benda á að sóknarfærin eru til staðar. En það má alls ekki túlka orð mín svo að ég sé algjörlega áhyggjulaus yfir því að fólk sé að flytja á brott úr hreppnum, það er mjög leiðinlegt og alls ekki gott í fámennu sveitarfélagi. Ekkert í veröldinni er þó útilokað og við vonum auðvitað fram á síðasta dag að aðrir sjái hér möguleika. Það er stundum talað um að erfitt sé fyrir fólk að koma sér inn í bændastréttina, að það sé nánast ógerningur, en ef við breytum okkar viðhorfi og horfum á búskapinn sem hvert annað fyrirtæki sem fólk tekur lán fyrir að komast inn í ætti það að vera hægt. Í þéttbýlinu taka menn stór lán til að kaupa fyrirtæki og þykir ekki tiltökumál,“ segir Eva. /MPÞ

Nýr kjarasamningur milli BÍ og SGS

Fulltrúar Bændasamtakanna og Starfsgreinasambands Íslands hafa undirritað nýjan kjarasamning sem kveður á um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf. Auk þess falla matráðar á bændabýlum undir samninginn.

Samningurinn nær ekki til þeirra starfsmanna sem starfa við ferðabjónustu eða aðra starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Starfsmenn, sem starfa við ferðabjónustu í smærri stíl, geta þó fallið undir gildissvið samningsins enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

6,2% hækkun frá 1. janúar 2016

Nýi samningurinn er í raun uppfærsla af samningi sem undirritaður var 2015



Frá Borgarfirði eystri.

Mynd / HKr.

og tekur mið af þeim breytingum sem gerðar voru á samningnum á hinum almenna vinnumarkaði í upphafi árs.


Þannig hækka laun frá 1. janúar 2016 um 6,2% og móttframlag í lífeyris-sjóð hækkar næstu árin með sama

hætti og í öðrum störfum á almenna markaðnum. Nýja samninginn má sjá á vef Bændasamtakanna, bondi.is.

ÞÚ FÆRD PALLAEFNIÐ Í BYKO

AB-gagnvarin 22x95 mm. Vnr. 0058254	185 _{kr./lm*}
Gagnvarin Eco-grade 27x95 mm. Vnr. 0058274	185 _{kr./lm}
AB-gagnvarin 27x95 mm. Vnr. 0058324	215 _{kr./lm*}
AB-gagnvarin 45x95 mm. Vnr. 0058504	295 _{kr./lm*}
AB-gagnvarin 45x145 mm. Vnr. 0058506	485 _{kr./lm*}
A-gagnvarin 95x95 mm. Vnr. 0059954	715 _{kr./lm*}
Lerki, rásað, 27x117 mm. Vnr. 0053275	675 _{kr./lm}
Plastefni dökkgrátt/ljósgrátt 23x146mm - 3,6m. Vnr. 0039510/14	3.895 _{kr./stk}

*4,5 m og stýttir.



Reiknaðu út efnismagn í girðinguna og pallinn á BYKO.is



REYNSLA OG ÞEKKING



40 ÁRA
REYNSLA

FJÓSAINNRETTINGAR

BYKO býður innréttingar í fjós og önnur gripahús í samstarfi við hollenska fyrirtækið **Spinder**. Í meira en 40 ár hefur **Spinder** verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á fjósainnréttingum. Allar vörur eru hannaðar og prófaðar með ströngustu gæðakröfur í huga og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla **Spinder** hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútíma fjósa. Leitaðu tilboða og berðu saman verð og gæði.

• BURÐARSTÍUR - BÁSAINNRETTINGAR - BRYNNINGARKERFI



50 ÁRA
REYNSLA

GÓLF Í GRIPAHÚS

Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld framleitt gólflausnir fyrir allar gerðir gripahúsa. Gólfín frá **Swaansbeton** eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands. Hafðu samband við sölumenn BYKO og fáðu nánari upplýsingar.

Swaansbeton er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

• NAUTGRIPIR - HROSS - SVÍN - SAUÐFÉ

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÉRFRÆÐINGAR OKKAR



Kai Storgaard
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4123 / 821 4080
kai@byko.is



Helgi Svanur Guðjónsson
Sölustjóri á Selfossi.
Sími: 480 4602 / 821 4041
helgis@byko.is



Halldór Th. W. Kristinsson
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4187 / 821 4186
halldorthor@byko.is



Stefán Erlingsson
Sölustjóri á Akureyri
S: 460 4862 / 821 4058
stefaner@byko.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.



byko.is

REYNSLUMIKIÐ STARFSFÓLK
ÚRVALS ÞJÓNUSTA

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttir



Guðni Ágústsson kysir Skrautu á Stóra-Ármóti.

Mynd / Sigurður Jónsson

Landssamband kúabænda 30 ára: Stórstirni skemmta kúabændum

Á aðalfundi Landssambands kúabænda sem fram fer dagana 31. mars til 1. apríl verður efnt til veislu í tilefni af 30 ára afmæli samtakanna. Fer hófið fram á Hótel Sögu. Þar munu Guðni Ágústsson, rithöfundur og fyrrverandi landbúnaðarráðherra, troða upp ásamt skemmtikraftinum Ara Eldjárn.

Örugglega verður fróðlegt að fylgjast með þeirri uppkomu, en þar hefur Guðni ótvírætt forskot á Ara þótt báðir séu góðir skemmtikraftar. Guðni er nefnilega með reynslu sem ráðherra og er líka hokinn af reynslu úr Brúnastaðafjósinu. Hann er líka eini ráðherrann í heimi svo vitað sé, jafnvel þótt víðar væri leitað, sem staðið hefur í kossafleinsi við kýr.

Á myndinni hér að ofan má einmitt sjá Guðna smella kossi á Skrautu á Stóra-Ármóti í ráðherratíð sinni. Þá voru miklar deilur um hvort skipta ætti út kúakyninu á Íslandi fyrir norskar kýr. Varði Guðni íslensku kýrnar af miklu harðfylgi. Á Alþingi reyndi Guðmundur Árni Stefánsson, fyrrv. félagsmálaráðherra, að gera grín að Guðna fyrir kossafleinsið og segir að það sé orðið frægt að hann hafi verið að kyssa



Ari Eldjárn.

Skjöldu. Guðni var snöggur upp á lagið og sagði að það væri mjög ólíkt með honum og kvennaljómanum Guðmundi Árna, hann vissi allavega hvað dómurnar hétu sem hann væri að kyssa í hvert sinn. Kýrin hétu alls ekki Skjalda heldur Skrauta.

Hvort viðureign Guðna og Ara Eldjárn við skemmtanahald í hófi kúabænda kemst í heimsfréttirnar skal ósagt látið. Hitt er víst að það verður erfitt hjá Guðna að toppa kossinn fræga. Þar gæti Ari átt tromp uppi í erminni. /HKr.



Risagróðurhúsið sem átti að reisa við Grindavík:

EsBro ekki lengur með forgang að lóðinni

Síðla árs 2014 bárust fréttir af því að framkvæmdum hollenska fyrirtækisins EsBro við risagróðurhúsið undir tómataræktun, sem ætlunin var að reisa í níu kílómetra fjarlægð frá Grindavík, hefði verið seinkað. Lítið hefur spurst til framkvæmdanna síðan.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík, segir að fyrirtækinu hefði verið tilkynnt á síðasta ári að það hefði ekki lengur forgang að lóðinni.

Róbert segir að lóðin sé þó enn á deiliskipulagi og þar sé gert ráð fyrir gróðurhúsastarfsemi innan

Auðlindagarðsins – í nágrenni við græna orku – og laus til umsóknar sem slík.

Kristján Eysteinnsson, sem hefur verið talsmaður EsBro á Íslandi, segir að málið sé í biðstöðu af þeirra hálfu, en það sé ekki formlega búið að loka því.

Í áætlunum EsBro var gert ráð fyrir tíu þúsund tonna vistvænni tómataframleiðslu á ári. Ákveðnir skilmálar yrðu gerðir um að framleiðslan yrði ekki, undir nokkrum kringumstæðum, sett á innanlandsmarkað. Í viðtali seint á árinu 2014 sagði Kristján að fjárfestingamálin væru ófrágengin. /smh

Fánamálið var tekið af dagskrá til 3. umræðu og atkvæðagreiðslu: Girt verður fyrir möguleika á að merkja matvörur með villandi upprunaupplýsingum

– breytingartillaga barst á síðustu stundu sem ákveðið var að taka tillit til

Breytingar á lögum um þjóðfánann hafa legið fyrir Alþingi frá því fyrir tæpu ári síðan. Í breytingunum felst að ekki þarf sérstakt leyfi ráðuneytisins til að nota hinn almenna þjóðfána við markaðssetningu á vöru eða þjónustu sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk að uppruna og fánanum ekki óvörðing gerð. Málið var á dagskrá til 3. umræðu þann 1. febrúar síðastliðinn en var kippt til baka inn í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á síðustu stundu.

Athugasemdir bárust frá Samtökum iðnaðarins

Málið fór í gegnum aðra umræðu 27. janúar og var svo sett á dagskrá mánudaginn 1. febrúar til 3. umræðu og atkvæðagreiðslu. En málið komst hins vegar aldrei á dagskrá þann dag og gerði Willum Þór Þórsson framsögumaður meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar grein fyrir ástæðum þess á þingfundi þann 3. febrúar. Þar kom fram að Samtök iðnaðarins hefðu haft samband á ögurstundu fyrir 3. umræðuna og höfðu athugasemdir og hugmyndir um útfærslu og breytingar á málinu. Þar sagði Willum: „Þá bar svo við að málið var tekið af dagskrá og sem framsögumaður málsins ætla ég að útskýra stuttlega hvers vegna.

Sú ákvörðun var tekin að bregðast við og gefa Samtökum iðnaðarins færi á að fylgja þessari útfærslu eftir og upplýsa nefndina frekar um hugmyndir sínar og því var málið tekið af dagskrá.

Samtök iðnaðarins (SI) komu svo fyrir nefndina í gærmorgun og fóru yfir málið og útskýrðu sjónarmið sín og breytingartillögur fyrir nefndinni. Minnisblað þess efnis liggur þegar fyrir á vef Alþingis um málið og þar geta áhugasamir kynnt sér tillögurnar. Í stuttu máli snúa þær að því að þar sem fáninn er í eðli sínu upprunamerking er mikilvægt að tryggja



Willum Þór Þórsson.

frekar að neytendur geti gengið að því sem vísu að upplýsingar um uppruna séu skýrar, eins og þegar fáninn er notaður í markaðssetningu á vöru og þjónustu verði stuðst við fyrirbyggjandi upprunareglur samnings Evrópska efnahagssvæðisins, bókun 4.“

Villandi að innflutt hráefni sé merkt íslenska fánanum

Í frumvarpinu, eins og það leit út fyrir 3. umræðu, voru undanþáguákvæði sem heimiluðu notkun á þjóðfánanum til að merkja vörur sem framleiddar hafa verið hér á landi í að minnsta kosti 30 ár

undir íslensku vörumerki. Samkvæmt frumvarpinu áttu þær einnig að teljast íslenskar að uppruna þótt þær væru framleiddar úr innfluttu hráefni að stórum hluta eða öllu leyti. Sama gildir um matvöru sem framleidd er samkvæmt íslenskri hefð. Dæmi um slíkar vörur væri til dæmis ORA-grænar baunir og Royal-búðingur.

Neytendasamtökin vilja tryggja öryggi innfluttra kjötafurða

Neytendasamtökin fagna því að héraðslendis standi neytendum til boða íslenskt kjöt sem ræktað hefur verið án aðstoðar sýklalyfja. Hvað varðar innflutt kjöt hafa samtökin ítrekað gert kröfu um að innflutt kjöt uppfylli sömu gæðakröfur og innlend framleiðsla.

Það felur meðal annars í sér að tryggja verður að innflutt kjöt sé laust við sýklalyfjaleifar á sama hátt og það íslenska og að skimað verði fyrir ónæmum sýklum í innfluttu kjöti á reglubundinn hátt eins og heilbrigðisráðherra hefur óskað

eftir. Æskilegt væri að stjórnmöld myndu efla eftirlit með innfluttum kjötafurðum svo um munar til að tryggja að innflutta kjötið uppfylli sömu gæðakröfur og það íslenska.

„Það er fagnadarefni að sýklalyfjaleifar finnast ekki í innlendu kjöti,“ segir Jóhannes Gunnarsson,



Jóhannes Gunnarsson.

formaður Neytendasamtakanna. „Minnt er á að Neytendasamtökin hafa ávallt krafist þess að ekki séu minni kröfur gerðar til innfluttra landbúnaðarvara og þeirra innlendu. Því þarf Matvælastofnun að fylgjast með að innflutt kjöt sé án sýklalyfjaleifa og einnig að þetta kjöt sé skimað til að tryggja að það innihaldi ekki ónæma sýkla. Það er eðlilegt að gerðar séu sömu kröfur til innflutts kjöts og sem gerðar eru til kjöts framleitt hér á landi,“ sagði Jóhannes í pistli á vefsíðu samtakanna nýverið. /HKr.

Keppnin um Gullklippurnar á KEX Hostel

Rúningskeppnin um „Gullklippurnar“ verður haldin í þriðja sinn laugardaginn 9. apríl í portinu á KEX-hostel í Reykjavík. Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda og árshátíð er haldin daginn á undan svo vænta má að allmargir sauðfjárbændur verði í höfuðstaðnum þessa helgi.

Á Kexinu munu þauþanir rúningsmenn sýna sitt besta verklag og keppa um hinar rómuðu gullklippur sem er verðlaunagripur keppninn-



ar. Keppnin hefst kl. 14 en allir eru velkomnir að koma og hvetja keppendur áfram þar sem um sanna fjölskylduskemmtun er að ræða.

Áhugasamir keppendur geta enn þá skráð sig til leiks en þeir eru beðnir um



að hafa samband í síma 563-0300 eða senda tölvuskeyti á netfangið tb@bondi.is.

Búskapur er heyskapur

Lífland býður upp á fjölbreytta flóru af gæðavörum sem tryggja góðan heyfeng

Rúlluplast	Verð kr.	Rekstrarvörur til stæðugerðar	Verð kr.	Net og bindigarn	Verð kr.
Megastrech - Grænt 75 cm x 25µm x 1500 m	10.950	Advance Grass íblöndunarefni 150 g duga í 50 tonn af fóðri	12.349	Total Cover rúllunet 3.600 m	25.490
Megastrech - Hvítt 75 cm x 25µm x 1500 m	10.950	Undirplast verð á 100 m ² (12x50 m, 14x50 m, 16x50 m)	1.754	VITO rúllugarn 750 m/kg 2 rúllur í pakka	4.500
Megastrech - Svart 75 cm x 25µm x 1500 m	10.800	Yfirplast verð á 100 m ² (10x50 m, 12x50 m, 14x50 m, 16x50 m)	5.077	VITO stórbaggagarn 150 m/kg 2 rúllur í pakka	8.100
Unterland - Hvítt 75 cm x 25µm x 1500 m	10.950	Varnarnet verð á 1 m ² (8x10 m, 12x15 m)	194	VITO stórbaggagarn 130 m/kg 2 rúllur í pakka	8.200
Unterland - Hvítt 50 cm x 25µm x 1800 m	8.950	Sandpokar stk	199	Lífland áskilur sér rétt til verðbreytinga án fyrirvara. Öll verð án vsk.	



Frír flutningur ef pantað er fyrir 1. maí

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is



JÖKLAR

- Forsniðin einingahús úr timbri
- Íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður

GÓLF

Gólfbitar eru úr 45x140.
Gólfklæðning er úr nótuðum furuborðum.

VEGGIR

Timburgrind útveggja er 45x140 mm, klædd að utan með 12mm vatnspólum krossvið. Útveggir eru klæddir að utan með 21mm standandi grenipanel (eða lerk) á 21+25 mm legtum.

ÞAK

Sperrur eru 45x140 mm, kraftsperrur. Endanlegt þakefni er Icopal þakpappi (ábræddur) – Fylgir með í pakkanum.

GLUGGAR OG HURÐIR

Gluggar og hurðir eru úr tré með CE vottun.

ANNAÐ

Rennur og niðurföll fylgja með.

Allar teikningar til byggingarfulltrúa fylgja með húsunum.

Allur burðarviður hússins er að styrkleika-flokki T1 – CE vottað sbr. kafla VIII í mannvirkjalögum.

Húsin koma ósamsett miðað við lýsinguna; „Tilbúin að utan, fókheld að innan“.

Húsin uppfylla að öllu leyti skilyrði íslenskrar byggingarreglugerðar.

Hönnunin er í senn einföld og stílhrein ...



... og útfærð þannig að kostnaður fari ekki fram úr hófi, bæði á húsunum sjálfum og vinnu við uppsetningu.



Húsin geta staðið ein og sér eða verið sett saman í lengju.

BREYTINGAMÖGULEIKAR


- Hægt er að lengja húsin.
- Hægt er að spegla húsunum.
- Hægt er að bæta við gluggum og hurðum.

GRUNNHÚS 23 FM

Verð: 2.100.000. kr.

**TILBOÐSVERÐ TIL 5. APRÍL
1.690.000. kr.**

Afhending mánaðarmót maí/júní.
Tilboðsverð miðast við staðfestar pantanir fyrir 5. apríl 2016



Hægt er að lengja húsið að vild með því að bæta við einingum í miðju þess.



LANDSHÚS

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

Bændablaðið

— Málgagn bænda og landsbyggðar —

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is — **Sími:** 563 0339 — **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is — **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is — Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is — Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is — **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is — **Sími:** 563 0303 — **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is — **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is — **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Prentsnið — Prentun: Landsprent ehf. — Upplag: sjá forsíðu — Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Engir bændur — enginn matur!

Á morgun, miðvikudaginn 23. mars, munu leigubílstjórar og bændur lama alla umferð um miðborg Lundúna. Markmiðið er að vekja stjórnmálamenn til umhugsunar um sinnuleysi kerfisins gagnvart þessum stéttum. Einnig að mótmæla græðgi verslunarinnar á kostnað bænda.

Breskir bændur mótmæla stöðugt lækkandi afurðaverði og leigubílstjórar mótmæla akstri réttindalausra Uber-bíla með farþega án afskipta yfirvalda. Allt á þetta sér vissa samsvörun í íslenskum veruleika. Hvorki íslenskir leigubílstjórar né bændur hafa þó gripið til viðlíka aðgerða og kollegar þeirra í Bretlandi og víðar um Evrópu hafa staðið í að undanfögnu.

Búið er við að breskir bændur mæti þúsundum saman til höfuðborgarinnar þar sem þeir munu sérstaklega mótmæla aðför verslunarfyrirtækja að matvælaframleiðendum og skipulögðum þvingunum þeirra til að lækka verð frá framleiðendum. Er svo komið að þúsundir bænda hafa farið á hausinn og eru breskir bændur greinilega búnir að fá meira en nóg af ástandinu.

Áætlað er að 10 þúsund leigubílar muni fylla götur miðborgar London og aka að bústað forsætisráðherra Breta í Downingstræti og væntanlega munu þúsundir breskra bænda marsera við hlið þeirra. Hafa bændur úr öllum búgreinum verið hvattir til að mæta með trommur, sekkjapípur, lúðra og önnur verkfæri til að vekja sem mesta athygli í borginni. Unnið hefur verið að skipulagningu þessara mótmæla í samvinnu við lögreglu, en tíu mínútum fyrir brottför mótmælenda úr miðborginni munu bílstjórar og bændur sameinast í allsherjar þögn.

David Handley, formaður aðgerðarhóps bænda, „Farmers For Action“, segir að búast megi við frekari aðgerðum bænda í kjölfarið. „Fólkið sem ber ábyrgð á ástandinu ætti að vera mjög áhyggjufullt núna. Því við munum koma aftur og heim að þeirra dyrum.“

Svipaðar aðgerðir fóru fram í miðborg Helsinki í Finnlandi á dögunum. Þá mættu yfir þrjú þúsund bændur á um 600 dráttarvélum og stilltu sér upp á torginu við þinghúsið í því sem þeir kölluðu neyðarkall til pólitíkusa. Mótmæltu þeir harðlega þátttöku finnskra yfirvalda í gegnum ESB í viðskiptabanni gegn Rússum sem stórkaðað hefur finnskan landbúnað. Á borða sem þeir héldu á lofti voru m.a. letuð slagorðin, „Engir bændur — enginn matur“.

Niðurbrot landbúnaðar hefur hvergi verið meira innan ESB-landanna en í Finnlandi á undanförnum árum. Á síðasta ári lækkuðu tekjur finnskra bænda um 40% miðað við árið 2014. Þá gagnrýna bændur harðlega stuðningsgreiðslukerfi CAP sem sé að drukkna í skrifræði og hafi algjörlega brugðist finnskum bændum. Ofan á tap vegna lokunar á Rússlandsmarkaði er verslun m.a. kennt um að hafa með innflutningi á ódýrum matvörum neytt finnska bændur til að lækka verð á sinni framleiðslu enn frekar og langt undir kostnaðarverð. Eru fyrirtækin sögð hafa nýtt sér offramboð á kjöti og mjólkurvörum inna ESB-ríkjanna vegna viðskiptabannsins á Rússa til að knýja bændur í Finnlandi, Bretlandi og víðar til að lækka verð á sínum framleiðsluvörum. Miðað við hamagang forsvarsmanna stærstu íslensku matvælakeðjunnar er varla hægt að skilja annað en að íslensk verslunarfyrirtæki ætli að nýta sér þessa stöðu á svipaðan hátt. Hluti af þeirri baráttu er afnám tollverndar samfara vaxandi gagnrýni á íslenskan landbúnað. /HKr.

Sindri Sigurgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Útgáfudagur þessa blaðs er síðasti dagur bænda til að kjósa um nýja búvörusamninga í nautgripa- og sauðfjárrækt. Samband garðyrkjubænda hefur þegar afgreitt garðyrkjusamninginn og búnaðarþing ramma-samninginn. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar verður ljós að viku liðinni, þann 29. mars næstkomandi. Um sama leyti kemur málið til kasta Alþingis í formi frumvarps til breytinga á búvöru-, búnaðar- og tollalögum sem samningarnir fela í sér.

Umræður um samningana hafa verið nokkuð hvassar á köflum. Á fyrri stígum bar einkum á gagnrýni kúabænda en núna eftir undirritun hefur umræðan verið þyngri meðal sauðfjár-bænda. Það er eðlilegt í ljósi þess að það er verið að leggja til miklar breytingar. Það er þó stigið varlega til jarðar því breytingarnar fara hægt af stað og eru ekki miklar fyrstu árin. Tvær endurskoðanir verða á samningstímanum. Í tengslum við þá fyrri munu kúabændur taka afstöðu til þess hvort að afnema eigi kvótakerfi í mjólkurframleiðslu og þá verður einnig tekin staða í sauðfjárræktinni í ljósi þess hvort tekist hefur að auka verðmæti afurða. Hafi markmið ekki náðst verður áframhaldið með öðrum hætti.

Gagnrýnin hefur meðal annars beinst að því að ríkisstuðningur sé að lækka hjá mörgum. Í reiknivél sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur útbúið er það einmitt raunin. Almenn hagræðingarkrafa ríkisins ef miðað er við alla samningana fjóra er rúm átta prósent. Það þýðir að heildarupphæðin verður svipuð á föstu verðlagi eftir 10 ár, eins og hún er núna. Þetta varð niðurstaðan í ljósi þess að rúmar 900 milljónir fengust til nýrra verkefna í samningunum — mest í rammisamningnum. Það er ekki síst vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru.

Til heilla fyrir greinina til framtíðar litið

Það er og hefur alltaf legið fyrir að það er markmið og tilgangur þessara samninga að færa áhersluna af stuðningi sem gengur kaupum og sölum, þ.e. greiðslumarki, yfir á stuðning sem ekki þarf að kaupa. Í því felst að stuðningurinn

Til framtíðar litið

færist frá svæðum þar sem er mikið greiðslumark í hlutfalli við framleiðslu yfir á svæði þar sem hlutfallið er öfugt. Það er einfaldlega hugmyndin að baki að losna út úr kerfi þar sem menn þurfa að kaupa sér ríkisstuðning til að hefja sauðfjár- eða nautgriparækt.

Ekki er við því að búast að þeir sem hafa varið miklum fjármunum til að kaupa sér ríkisstuðning gleðjist yfir þessum breytingum — en þetta er einfaldlega talið til heilla fyrir greinina í heild til framtíðar litið — og það er langur aðlögunartími. Það er alveg hægt að skilja sjónarmið þeirra sem hafa nýlega fjárfest í greiðslumarki. Það lá þó ekkert annað fyrir en að greiðslumarkið haldi gildi sínu út gildistíma núverandi samninga. Hins vegar er ekki hægt að stíga út úr svona kerfi án þess að valda neinum óþægindum. Þeir sem keyptu greiðslumark hafa líklega vænst þess að þeir gætu selt það einhverjum öðrum seinna. Gangi nýi samningurinn eftir verður það ekki hægt — en greinin verður heilbrigðari á eftir.

Stuðningur við landbúnað hefur lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu

Allir vænta þess að hér verði hagvöxtur næsta áratuginn. Það þýðir líka að þá verður stuðningur við landbúnað lægra hlutfall af landsframleiðslu eftir 10 ár en hann er nú. Það er í samræmi við þróun undanfarinna áratuga. Ef hið opinbera væri að verja sama hlutfalli af landsframleiðslu núna og það gerði árið 1986, þá væri fjárhæðin nærri 100 milljörðum, að meðtalinni markaðsvernd. Miðað við stöðuna í dag er þetta nærri 80% samdráttur á 30 árum. Það eru miklar breytingar enda hefur landbúnaðurinn þróast mikið og breyst á þessum þremur áratugum. Hann mun vitanlega halda því áfram. Það á ekki að vera markmið í sjálfu sér að auka hlut ríkisstuðnings í tekjum bænda. Það liggur hins vegar jafnskið fyrir að nær öll lönd styðja sinn landbúnað að meira eða minna leyti og til þess að íslenskir bændur geti starfað á einhvers konar jafnréttisgrundvelli þá þarf einfaldlega að styðja við bakið á þeim.

Stuðningur meiri á landsbyggðinni en í þéttbýli

Bændur vita að mikill velvilji er meðal almenn-

ings til íslensks landbúnaðar, þrátt fyrir að nýleg skoðanakönnun hafi leitt í ljós fremur lítinn stuðning við búvörusamningana. Aðeins 13% svarenda segjast þekkja efni samninganna sem er verulegt áhyggjuefni enda eru þeir grundvöllur starfsskilyrða íslensks landbúnaðar sem er mikilvægur hluti af íslensku atvinnulífi. Afstaða svarenda virðist því ekki byggjast á þekkingu á efni samninganna. Eftir sem áður hefði ég viljað sjá meiri stuðning á höfuðborgarsvæðinu, en hann minnkar verulega þegar komið er í þéttbýli. Stuðningurinn er meiri á landsbyggðinni enda er þar fleira fólk sem er beintengt landbúnaði og þeirri framleiðslu sem þar fer fram. Það breytir ekki því að fjöldi starfa er í matvælaframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu sem skapa mikil verðmæti fyrir íslenskt þjóðarþú. Í nýjum tölum Hagstofunnar kemur fram að framleiðsluvirði landbúnaðarins var nærri 68 milljarðar króna á síðasta ári.

Afstaða SA og ASÍ kemur á óvart

Ýmsir aðrir hagsmunaaðilar hafa sett fram skoðanir á búvörusamningnum. Sumir þeirra eru gamalkunnir eins og samtök fyrirtækja í innflutningi og verslun. Það kemur meira á óvart að bæði Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið hafa gagnrýnt samningana og hvatt Alþingi til að hafna þeim. Það er í meira lagi sérkennilegt að bæði þessi stóru hagsmunasamtök hafi virt að vettugi allt það fólk og öll þau fyrirtæki sem starfa við og fyrir landbúnað. Vissulega hafa þau eins og aðrir rétt til að hafa skoðun á ráðstöfun opinberra fjármuna. En þá má líka nefna að sjaldnast tekst að ganga frá kjarasamningum á vinnumarkaði án þess að ríkið komi þar með fjármuni að borðinu með óbeinum hætti. Ég hefði vænst þess að þessi stóru hagsmunasamtök hefðu meiri skilning og þekkingu á starfsskilyrðum landbúnaðarins en þessi afstaða ber með sér.

Umræða um framtíð landbúnaðar á Íslandi mun halda áfram án tillits til hvemig afgreiðsla búvörusamninganna veltist. Það er eðlilegt og sjálfsagt en ég vona að við berum gæfu til þess að ræða þau mál á grundvelli staðreynda og horfa til þess hvert við ætlum í framtíðinni, fremur en að standa alltaf föst í hjólförum dagsins í dag. Gleðilega páskahátíð.

Ísland er land þitt



Djúpavík er skjólgóð vík í Reykjarfirði á Ströndum. Þar var ein af þremur verslunarstöðum í firðinum ásamt Kúvíkum og Gjögri. Á síðari árum hefur verið rekið hótél þar í gamla kvennabragganum, stóra rauða húsinu fremst til hægri á myndinni.

Um hundruð ára hafið landbúnaður verið aðalatvinnuvegurinn í héraðinu, en saga Djúpavíkur hefst árið 1917 þegar Elías Stefánsson setti þar á stofn síldarsöltunarstöð. Þetta breytti lífi fólks, en síðan varð Elías gjaldþrota í kreppunni miklu árið 1919.

Árið 1934 var hafist handa við byggingu síldarverksmiðju á Djúpavík og aðeins rúmu ári síðar, eða 7. júlí 1935, var farið að framleiða bæði síldarmjöl og lýsi. Veidiin var mjög góð og verksmiðjan malaði gull. Þegar síldarverksmiðjan var fullbyggð var hún langstærsta steinsteypta bygging á Íslandi. Hún er sannarlega gríðarstór, 90 metra löng á þremur hæðum. Síldarverksmiðjan var útbúin öllum fullkomnustu tækjum til síldarbræðslu og vinnslu á mjöli.

Mynd / HKr.

Líf og starf



Stoltur hópur kjötiðnaðarmanna SS sem þátt tóku í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna um fyrri helgi.

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna:

Kjötiðnaðarmenn SS hrepptu 19 gull-, 6 silfur- og 3 bronsverðlaun

Kjötiðnaðarmenn SS á Hvolsvelli stóðu sig vel í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem fór nýlega fram á höfuðborgarsvæðinu. Jón Þorsteinsson varði titilinn „Kjötmeistari Íslands“ og hlaut 254 stig. Steinar Þórarinnsson varð í 3.–5. sæti um þann titil með 250 stig.

Níu kjötiðnaðarmenn frá SS, eða þeir Steinar Þórarinnsson, Björgvin Bjarnason, Bjarki Freyr Sigurjónsson, Oddur Árnason, Samúel Guðmundsson, Hermann Bjarki Rúnarsson, Einar Sigurðsson, Jónas Pálmar

Björnsson og Jón Þorsteinsson sendu samtals 33 vörur inn í keppnina. Hlutu þeir 19 gullverðlaun, 6 silfurverðlaun og 3 bronsverðlaun. Því hlutu 85% innsendra vara verðlaun og gullverðlaun voru 68% verðlaunanna.

Auk þess féllu í þeirra skaut fimm sérverðlaun auk hins eftirsóttá titils Kjötmeistara Íslands.

Keppnin fer þannig fram að kjötiðnaðarmenn senda inn vörur með nafnleynd til dómarahóps, sem dæmir vörurnar eftir faglegum gæðum. Hver keppandi má senda inn allt að

10 vörur til keppinnar. Allar vörur byrja með fullt hús stiga, eða 50 stig. Dómarar leita síðan að öllum hugsanlegum göllum. Við hvern galla sem finnst fækkar stigum. Með þessu fyrirkomulagi geta margar vörur fengið gull-, silfur- eða bronsverðlaun.

Til þess að fá gullverðlaun þarf varan að hafa 49–50 stig og vera nánast gallalaus. Til þess að fá silfurverðlaun þarf varan að hafa 46–48 stig og má aðeins vera með lítills háttar galla og til þess að fá bronsverðlaun þarf varan að hafa 42 til 45 stig.

/MHH



Jón Þorsteinsson, kjötmeistari Íslands 2016.

MÆLT AF MUNNI FRAM

150

Þessi þáttur samanstendur af kveðskap síðustu aldar og einnig frá eldri tíma. Höfundar eru allir látnir, en efnið sannar okkur þó, að hollt er það sem horfnir kváðu. Fyrstu vísuna orti **Heiðrekur Guðmundsson** frá Sandi í sextugsafmæli **Jakobs Ó. Péturssonar**:

*Eftir haustsins hélunætur
hnípa stofublómin öll.
Gildur stofn með sterkar rætur
stendur grænn í vetrarmjöll.*

Og **Pétur frá Hallgilsstöðum** orti einnig til **Jakobs**:

*Sextugan ég sé þig keyra
með sæmd á gleðifund.
Ég dái þig sem mann- og meira.
Mikið er þitt pund.*

Pétur ljóðaði einhverju sinni á **Egill Jónasson** á Húsavík:

*Í lundi grænum leynist staður.
Ljúf er æskuvon.
Er hann að verða uppþornaður
Egill Jónasson.*

Egill hefur þó ekki verið skrælnaður með öllu þegar hann orti svo til **Valborgar Bentsdóttur**:

*Valborg kyssti karlmann sæl,
kvennalistum hlaðin.
Úr sér missti allan stæl
undirristuspaðinn.*

Valborg var ekki nógu fljót til andsvars svo **Egill** gekk á lagið:

*Freyða bárur frá’enni
firrtar sárum harmi,
ástarskjárin á’enni
er með tár á hvarmi.*

Matthías Jochumsson var við seladráp á Breiðafirði ásamt **Ara Steinssyni** og kvað:

*Veifaði hnellinn hvössum dör,
hreifadrellir missti fjör,
(Ari varð þó fyrri til að botna)
hneig að velli köld með kjör,
kleyf eru svell á feigðarskór.*

Tæpast verður sagt að kveðskapur næstu tveggja vísna helgist beint Dymbilvikunni sem í hönd fer. **Sigurður Björnsson** frá Seyðisfirði orti við andlát prests:

*Nú er fallinn fauskur kalinn
fyrnum sem var standa talinn
styrkri rót í mammons mó.
Frelsaðu þennan lurk frá loga,
því líklega mun fjandinn toga
fast í annan endann þó.*

Ekki er hún kristilegri vísan sem **Jakob Ápanasíusson** orti um sr. **Þórð Þorgrímsson** á Brjánslæk:

*Hylur gæran sauðar svarta
soltinn úlf með geði þungu,
dúfnaugu, höggormshjarta,
hunangsvarir, eiturtungu.*

Eftir **Guðmund Ketilsson**, bróður **Natans Ketilssonar**, er þessi magnaða staka:

*Þegar starf mitt eftirá
allt er gleysku falið.
Illugastaða steinar þá
standið upp og talið.*

Grétar Fells orti svo um **Helga Ingvarsson** á Víflsstöðum sjötugan:

*Heift og rógur, harðlynd þý
halda oft vel á spöðum,
en aldrei heyrði ég hnjóðað í
Helga á Víflsstöðum.*

Sr. Helgi Sveinsson orti, þá Árnesingar og Rangæingar settust að drykkju að loknum þrefsömum fundi. Ekki hefur Bakkus blessaður samt alltaf setið sáttafundum um sýslumörk:

*Hér er margur sæll í sinni.
Sýslukriturinn burtu fer.
Þjórsá verður minni og minni
því meira sem að drukkið er.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Vöktun hafin um allan heim til að tryggja fæðuöryggi

Hópur umhverfisvöktunar á jörðinni (The Group on Earth Observations) hafa kynnt gangsetningu forvarnarvöktunar (Early Warning Crop Monitor). Er því ætlað að berjast fyrir fæðuöryggi á jörðinni. Var þetta tilkynnt þegar fulltrúar helstu iðnríkja heims héldu fund GEO 36 í Genf 8.–9. mars.

Vöktunarkerfið er þróað af alheims landbúnaðarvöktuninni „GEO Global Agricultural Monitoring Initiative (GEOGLAM)“. Er það stutt af landbúnaðarráðherrum G-20 ríkja. Mun uppskeruvöktunin „Early Warning Crop Monitor (ECWM)“ veita upplýsingar inn í kerfið af stöðu uppskeru í heiminum. Einnig veita upplýsingar um ef hætta er á fæðuöryggi í Mið- og Suður-Ameríku, Afríku, Mið-Austurlöndum sem og í Mið- og Suðaustur-Asíu. Samkvæmt frétt ECWM í byrjun mars er víða hætta á miklum þurrkum og uppskerubresti vegna El Niño. Á það bæði við ríki í Suðaustur-Asíu og enn frekar í sunnanverðri Afríku.



Mun Early Warning Crop Monitor ásamt GEOGLAM Crop Monitor annast eftirlit fyrir upplýsingaþjónustu landbúnaðarvörumarkaðarins (AMIS). Verður stöðugt fylgst með stöðu landbúnaðarmála og uppskeru í 124 löndum. Það spannar yfir 94% af öllu ræktarlandi heims. UM 40 stofnanir og samtök á heimsvísu munu styðja við þessa framkvæmd, en gefnar verða út mánaðarlegar úttektir. /HKr.



Við Mývatn.

Mynd / HKr.

Næringarefni í Mývatni og Þingvallavatni: Mest innstreymi úr lindum og með úrkomu

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur birt skýrslur sem það lét vinna um mat á ákomu og afrennsli niturs og fosfórs fyrir Mývatn og Þingvallavatn. Í skýrslunum eru dregnar saman upplýsingar um innstreymi næringarefna í vötnin og gerð grein fyrir hlut einstakra uppsprettana.

Innstreymi næringarefna getur haft mikil áhrif á vistkerfi Mývatns og Þingvallavatns, sem hafa hátt verndargildi og verndarstöðu. Yfirlit yfir uppsprettur niturs (köfnunarefnis) og fosfórs getur því gagnast við ákvörðunartöku og forgangsroðun stjórnsvalda og annarra við vernd vatnanna og framkvæmdir sem kunna að hafa áhrif á þau.

Í skýrslunum er lagt mat á innstreymi niturs og fosfórs af náttúrulegum uppruna og af mannavöldum, meðal annars með lindarvatni, loftborinni ákomu, skólpi, landbúnaði og áburðargjöf. Samanburður er gerður á innstreymi næringarefna í vötnin og tapi næringarefna úr vatninu með afrennsli og við setmyndun.

Innstreymi í Mývatn

Heildarinnstreymi fosfórs í Mývatn er 52 tonn á ári. Fosfór berst að langmestu leyti í vatnið með lindum eða 51 tonn. Innstreymi niturs í Mývatn er um 80 tonn á ári. Vatnið hefur þá sérstöðu að í því eru blágrænar

bakteríur sem binda nitur úr andrúmslofti og bæta sér þannig upp niturþurrð sem er algeng í vatninu. Þessi binding nemur um 200 tonnum á ári, miðað við árið 2000.

Heildarmagn niturs sem berst með innstreymi og við bindingu er því um 280 tonn á ári. Af innstreymi niturs í Mývatn, 80 tonn á ári, eru lindir stærsta uppsprettan eða 84%. Losun frá landbúnaði nemur 7,5%, loftborin ákoma niturs 5%, losun frá ferðaþjónustu 2% og losun frá íbúum 1,5%.

Innstreymi í Þingvallavatn

Heildarinnstreymi fosfórs í Þingvallavatn er 85 tonn á ári. Fosfór berst að langmestu leyti í vatnið með lindum og ám, eða 83 tonn.

Innstreymi niturs í Þingvallavatn er um 296 tonn á ári sem er meira en áður var talið. Um 90% nitursins berst með lindum og ám en um 7% kemur úr lofti með úrkomu. Nitur sem berst í vatnið vegna áburðar-notkunar nemur 1,7%, niturlosun vegna íbúa, starfsemi og sumarhúsa 0,7% og losun niturs vegna ferðamennsku og iðnaðarstarfsemi 0,3% hvort. Miklar sveiflur milli mælinga og ára má sjá í styrk niturs í lindum við Þingvallavatn, í útfallinu og í Sogi. Vegna þessara sveiflna er ekki hægt að draga þá ályktun að ákoma með lindum hafi breyst frá árinu 1975. /VM

Meta möguleika á vindorkuframleiðslu

Landsvirkjun hefur sótt um stöðuleyfi til skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps fyrir tvær stöðvar til veðurfarslegra athugana í því skyni að meta möguleika á vindorkuframleiðslu á Norðurlandi vestra.

Gert er ráð fyrir að önnur stöðin verði í landi Steinár 2–3 og hin á Auðkúluheiði. Áformað er að reisa 60 metra há möstur til mælinganna og munu þær standa yfir í um eitt ár.

Umsókn Landsvirkjunar var lögð fram til kynningar á fundi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps. Í henni kemur fram að markmiðið með stöðvunum sé að mæla vindhraða og aðra veðurfarslega þætti. Ekki verði verulegt jarðrask af framkvæmdunum og þær verði að fullu afturkræfar.

Skipulags- og byggingarnefnd



Vindmyllur í Þykkvabæ.

Mynd / HKr.

Húnavatnshrepps hefur samþykkt stöðuleyfi fyrir báðar mælistöðvarnar til eins árs. Leyfi fyrir upp-

setningu veðurstöðvanna liggur fyrir frá landeigendum.

/MÞÞ

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga:

Verðlaun í sauðfjár- og nautgriparækt

— Matarskemman hlaut hvatningarverðlaun

Líkt og vani er á aðalfundi Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga voru veitt verðlaun í sauðfjárrækt.

Þetta árið var bætt við verðlaunum í nautgriparækt sem og einnig Hvatningarverðlaunum Búnaðarsambandsins. Aðalfundurinn var haldinn á Illugastöðum í Fnjóskadal.

Matarskemman hefur vakið eftirtekt

Hvatningarverðlaun eru veitt þeim sem vakið hafa eftirtekt og gert góða hluti í tengslum við landbúnað í héraði. Hvatningarverðlaunin eru veitt í fyrsta sinn 2016 hjónunum Jóhönnu Magneu Stefánsdóttur og Þórsteini Rúnari Þórsteinssyni í Vallarkoti. Þau reka Matarskemmuna á Laugum þar sem þau vinna afurðir beint frá býli en auk þess er áhugasömum aðilum í héraði gert kleift að koma í Matarskemmuna og vinna sínar afurðir þar í fullbúnu vinnslurými.

Farsælt sauðfjárbú

Hvatningarverðlaun í sauðfjárrækt voru veitt Jóni Benediktssyni á Auðnum en hann hefur um árabil rekið farsælt sauðfjárbú þar sem þeim ræktunarmarkmiðum hefur verið haldið á lofti að hafa sem allra mestar afurðir eftir ærnar og um árabil hefur frjósemi og vænleiki verið hans aðalsmerki. Til útreiknings koma öll bú sem hafa 50 ær eða meira og tekið er mið af fjölda lamba til nytja, fallþunga og hlutfalls milli vöðva- og fituflokkunar. Í öðru sæti var Sigurður Atlason á Ingjaldsstöðum en Sigurður og Helga á Skarðaborg í því þriðja.

Heiðurshornið veitt Félagsbúinu í Baldursheimi 1

Í Baldursheimi hefur verið stunduð kappsöm fjárrækt árum saman sem miðar að sem bestri byggingu fjárins ásamt öðrum afurðatengdum þáttum ræktunarstarfsins.

Reiknireglum var breytt á þessu ári, vægi fjölda lamba til nytja var aukið en vægi hlutfalls vöðva- og fituflokkunar minnkað í samræmi við breyttar ræktunaráherslur. Gunnar Þór Brynjarsson veitti verðlaununum viðtöku. Í öðru sæti voru Flosi og Unnur á Hrafnstöðum og Eyþór Pétursson í Baldursheimi 2 í þriðja sæti. Þess má til gamans geta að fyrstu þrjú



Unnur og Flosi eru með verðlaunagripinn fyrir hæst dæmdu kúna, Báru frá Hrafnstöðum.

Myndir / 641.is



Hvatningarverðlaun í sauðfjárrækt voru veitt Jóni Benediktssyni á Auðnum en hann hefur um árabil rekið farsælt sauðfjárbú.



Hvatningarverðlaun eru veitt þeim sem vakið hafa eftirtekt og gert góða hluti í tengslum við landbúnað í héraði. Hvatningarverðlaunin voru nú veitt í fyrsta sinni og féllu hjónunum Jóhönnu Magneu Stefánsdóttur og Þórsteini Rúnari Þórsteinssyni í Vallarkoti í skaut. Á myndinni er Þórsteinn Rúnar með verðlaunin.

sætin hljóta fjögur systkini frá Baldursheimi. Þuríður, Böðvar, Unnur og Eyþór.

Nautgriparæktin

Verðlaun voru í fyrsta sinn veitt á aðalfundi fyrir hæst dæmdu kýrnar en þau byggja á byggingardómi og afurðum kúa fæddum árið 2011. Verðlaunin hlutu kýrnar Báru frá Hrafnstöðum, Fagra frá Múla I og Milla frá Skútustöðum II. Unnur og Flosi eru hér á mynd með verðlaunagripinn fyrir hæst dæmdu kúna. Frá þessu er sagt á vefnum 641.is. /MÞÞ

Góðir notaðir atvinnubílar frá Mercedes-Benz



Sprinter 316 NGT – millilangur

Árgerð 2012, ekinn 66.000 km, bensín/metan, 157 hö, beinskíptur 6 gíra, háþekja, fjaðrandi bílstjórásæti, rennihurð hægra megin, krossviðarklæðning í hliðum farmrýmis, viðargólf, bindirennur í hliðum farmrýmis.

Verð 3.550.000 kr. án vsk.



Sprinter 318 CDI – langur

Árgerð 2007, ekinn 294.000 km, V6 dísel, 183 hö, sjálfskiptur, háþekja, olíumiðstöð með fjarstýringu, bakkmyndavél, fjaðrandi og upphitað bílstjórásæti, upphituð framrúða, álfelgur, krossviðarklæðning í hliðum farmrýmis, rennihurðir á báðum hliðum.

Verð 2.790.000 kr. án vsk.



Sprinter 318 CDI – millilangur

Árgerð 2007, ekinn 425.000 km, 184 hö, sjálfskiptur, hraðastillir, aðgerðarstýri, loftkæling, Xenon aðalljós, fjaðrandi bílstjórásæti, upphituð framrúða, hiti í framsætum, rennihurð hægra megin, litað gler, álfelgur, farþegafjöldi 8+1.

Verð 2.950.000 kr. með vsk.



Sprinter 318 CDI – millilangur

Árgerð 2007, ekinn 357.000, V6 dísel, 183 hö, sjálfskiptur, háþekja, olíumiðstöð með fjarstýringu, bakkmyndavél, fjaðrandi og upphitað bílstjórásæti, upphituð framrúða álfelgur, krossviðarklæðning í hliðum farmrýmis, rennihurðir á báðum hliðum.

Verð 2.390.000 kr. án vsk.



Sprinter 316 NGT – millilangur

Árgerð 2011, ekinn 116.000 km, bensín/metan, 157 hö, sjálfskiptur, háþekja, olíumiðstöð, hraðastillir, fjaðrandi bílstjórásæti, rennihurð hægra megin, krossviðarklæðning í hliðum farmrýmis, viðargólf.

Verð 4.300.000 kr. án vsk.



Sprinter 315 CDI – kassabíll

Árgerð 2012, ekinn 240.000 km, V6 dísel, 183 hö, sjálfskiptur, þriggja sæta, fjaðrandi upphitað bílstjórásæti, dráttarkrókur, 750 kg lyfta

Verð 3.700.000 kr. án vsk.

Bílarirnir eru staðsettir á BRAUT BÍLASÖLU. [Nánari upplýsingar:](#)

[ASKJA ATVINNUBÍLAR](#) · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120

[BRAUT BÍLASALA](#) · Bíldshöfða 3 · 110 Reykjavík · Sími 587 6600 · [bilabraut.is](#)



Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Vortilboð á rúlluplasti

- **15% afsláttur** af rúlluplasti, neti og íblöndunarefnum til heyverkunar til 25. apríl. Hágæða rúlluplast frá Trioplast; Triowrap, Trioplus og TrioBaleCompressor.
- Í ár bjóðum við einnig til sölu **bleikt rúlluplast** til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Í samstarfi við Trioplast renna 3€ eða 425 kr. af hverri seldri rúllu til styrktar Krabbameinsfélagsins.



s: 460-3350 - bustolpi@bustolpi.is - bustolpi.is

Fréttir



Prjónagleði 2016

— verður haldin á Blönduósi dagana 10.–12. júní

Helgina 10.–12. júní nk. verður haldin fyrsta alþjóðlega Prjónagleðin á Íslandi í Textilsetrinu á Blönduósi.

Hátíðardagskrá verður á föstudagskvöldið þar sem verður haldin tiskusýning en Héléne Magnússon prjónahönnuður mun sýna vörur sínar þar. Gísli Einarson fréttamaður mun á sinn einstaka máta halda fyrirlestur um íslensku lopapeysuna. Á laugardagskvöldið verður boðið upp á mat úr héraði og skemmtidagskrá sem verður auglýst síðar.

Kanntu að prjóna kind?

Í tilefni af hátíðinni verður efnt til sérstaks prjónaverkefnis sem allir geta tekið þátt í. Áhugasamir prjóna kindur í öllum stærðum og gerðum í hvaða hræfni sem er og senda inn til Textilsetursins. Sýning verður haldin á öllum þeim kindum sem berast. Kindurnar verða síðan afhentar Barnaheill eða á sambærilegan stað.

15 mismunandi námskeið

Boðið verður upp á 15 mismunandi námskeið og stendur hvert þeirra í 3 tíma. Kennt verður fyrir og eftir hádegi á laugardeginum og fyrir hádegi á sunnudeginum. Meðfylgjandi er dagskrá námskeiða.

Kennt verður ýmislegt sem við kemur prjónaskap og fara 11 námskeið af 15 fram á íslensku, önnur á ensku, dönsku eða lettnesku. Einnig munu allir kennarar vera færir um að kenna á ensku, þótt íslenskan gangi fyrir.

Fjórir fyrirlestrar

Christel Seyfarth er einn fremsti



prjónahönnuður Danmerkur og hún mun flytja fyrirlestur um hönnun sína. Christel og maður hennar, Jørgen, hafa haldið sambærilegar prjónahátíðir á Fanø í Danmörku til fjölda ára.

Helga Thoroddsen prjónahönnuður mun flytja fyrirlestur um prjónahönnun hennar og móður hennar, Elísabetar Thoroddsen.

Iðunn Vignisdóttir sagnfræðingur flytur fyrirlestur um ágríp á sögu Kvennaskólans.

Jóhanna E Pálmadóttir útsaumskenndari flytur kynningu á Vatnsdæla á refli.

Sölu- og sýningarbásar

Boðið verður upp á básaleigu fyrir prjónahönnuði, garnverslanir og prjónafólk og þá sem eru með vörur sem tengjast prjóni. Sótt er um á heimasíðu Textilsetursins, textilsetur.com.



Óðinn Örn, dýraeftirlitsmaður Matvælastofnunar á Suðurlandi, sem fylgist með velferð dýra. Hann hvetur fólk til að láta vita ef það veit um eitthvað óeðlilegt við umhirdu dýra, hvert tilfelli sé þá skoðað. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Óssammála Sigurði dýralækni um slæma meðferð á útigangshrossum

„Ég get ekki tekið undir þau orð Sigurðar Sigurðarsonar dýralækni- is að útigangshross á Suðurlandi hafi það slæmt, þeim sé ekki gefið, þau hafi ekki skjól og hafi ekki vatn, ég hef ekki orðið var við þetta og vísa þessu á bug,“ segir Óðinn Örn Jóhannsson, dýraeftirlitsmaður Matvælastofnunar á Suðurlandi.

Sigurður hefur gert mikið úr

ástandi útigangshrossa síðustu vikur í fjölmiðlum og vísar þar helst í nokkra staði í kringum Selfoss.

„Helsti mælikvarðinn á velferð hrossa á útigangi er holdafarið en auk þess er lítið til hárafars, almenns heilbrigðis og upplits hrossanna. Óhjákvæmilegt er að fódurskortur eða illur aðbúnaður komi með tímanum niður á holdafari og útliti hrossanna. Til að tryggja samræmt

mat á holdafari hrossa hefur verið gefinn út holdastigunarkvarði sem unnið hefur verið eftir undanfarinn áratug og reynst vel,“ segir Óðinn Örn. Í reglugerð um aðbúnað útigangshrossa kemur m.a. fram að hross skulu hafa aðgang að hreinu og ómengðu drykkjarvatni eða snjó og að hross á útigangi hafi aðgang að skjóli allan ársins hring.

/MHH



Frá Kótelettukvöldi Lionsklúbbsins Bjarma á Hvammstanga.

Myndir / Norðangátt.is

Lionsklúbburinn Bjarmi á Hvammstanga: Kótelettukvöld skilaði premur milljónum

Rúmar þrjár milljónir króna söfnuðust á Kótelettukvöldi á Hvammstanga, en til þess efndi Lionsklúbburinn Bjarmi í samstarfi við Karlakórinn Lóupræla, Húsfreyjurnar á Vatnsnesi, Kvenfélagið Björg og fleiri. Kótelettukvöldið var liður í söfnun fyrir nýju ómtæki á Heilsugæsluna á Hvammstanga.

Allir þeir sem unnu að undirbúningi, framkvæmd og skemmtu á samkomunni gáfu vinnu sína, að því er fram kemur á vefnum Norðanátt. Sömu sögu er að segja af öllu hræfni, ásamt afnotum af húsnæði og tækjum. Allt lagt til án endurgjalds.

Innkoman af þessum viðburði var ríflega þrjár milljónir króna, m.a. með aðgangseyri, styrktarlinum í dagskrárbæklingi, sölu á bar og uppboði á listmunum og handverki úr héraði. Að viðbættum frjálsum framlögum frá sveitarfélagi, félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum nemur upphæðin nær 4 milljónum króna.

Elinborg Sigurgeirsdóttir, Guðmundur Hólmur Jónsson, Daníel Geir Sigurðsson og Skúli



Guðni Ágústsson býður upp forlíta peysu með nafninu sínu.



Guðnapeysurnar eru greinilega í tisku á Hvammstanga þetta árið.

Hvammstanga og Hljómsveit Geirs Karlssonar.

Góð stemning var á kótelettukvöldinu og að því er fram kemur á Norðanátt hló salurinn meira og minna allt kvöldið, enda framreiddu veislustjórnarnir, Guðni Ágústsson og Magnús Magnússon, brandarana fagmannlega ofan í veislugesti.

/Mþþ



Dólómítar & dalalíf

18. - 26. júní

Sumar 9

Fararstjóri: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Komdu með í dásamlega ferð um Dólómítana, þar sem farið verður í spennandi skoðunarferðir í rútu og léttar gönguferðir um fögur fjallasvæði Austurríkis, Þýskalands og Ítalíu. Við upplifum m.a. náttúrufegurð Misurina vatnsins, skoðum Innsbruck borg og förum með kláfi upp á hæsta fjall Þýskalands, Zugspitze. Ferð sem auðgar andann!

Verð: 214.400 kr. á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

ferðapjónusta bænda
BENDA FERDIR

Lúxusrúturnar frá RAG

Gæði alla leið!



Og nú er hægt að
fá þær 4x4 19+2

RAG
import - export

Símar: 565 2727 og 892 7502

KÄRCHER®



Vatnsdælur



Ryksugur



Gólfþvottavélar



Sópar



Háprýstidælur
fyrir heimilið



Gufudælur



Háprýstidælur



Pegar gerðar eru hámarkskröfur



RAFVER

KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Fréttir



Guðni Ágústsson — rithöfundur
og fyrrverandi landbúnaðarráðherra:

Bændur snúi bókum saman

Ég hitti á dögunum ágætan vin minn og góðan bónda austan úr sveitum og spurði almennra fréttu. Hann svaraði mér og sagði að þessi vetur hefði í raun verið einhver „galdravetur í sál“ sinni og allri umræðu um landbúnaðarmál.

Hann sagðist finna einhvern klofning og brostna samstöðu með bændum sem hefðu staðið vel saman um málefni stéttarinnar í áratugi. Hann kvaðst hafa áhyggjur af þessu og oft vera í meiri jötunmóð en veðrið og sagðist standa sig að því að skamma hundinn sinn og köttinn og jafnvel eiginkonuna í morgunkaffinu. Það þarf oft lítið til að hleypa öllu í bál og brand eða hund og kött eins og máltækið segir. Ekkert er mikilvægara nú þegar flókin mál eru að skýrast eins og búvörusamningar en að bændur snúi bókum saman, þeir hafa valdið nokkrum deilum og óvissu um framtíðina og menn voru ekki á eitt sáttir.

Bændur óttuðust birgðasöfnun í mjólk og kjöti og stjórnleysi en það má aldrei verða. Það vanda-mál tröllreið öllu í gamla daga. Nú er Mjólkursamsalan að súpa seyðið af offramleiðslu og tapa miklum peningum, sem rýrir kjör bændu. Kvótakerfið, ef má nefna það, tryggði meðan það virkaði næga framleiðslu fyrir markaðinn og takmarkaðar birgðir í lok hvers árs til vara. Nú hefur kvótakerfið fríhjolað og ruglað menn í ríminu og vandamálin hrannast upp.

Verðið á heimsmarkaði gerir sjaldnast í blóðið sitt en ákveðnar sérvörur geta slegið í gegn eins og skyrið okkar sem fer sigur-för erlendis og skilar arði heim. Bændur eiga neytendur landsins sem aðdáendur sína og vini í gegnum frábærar framleiðsluvörur. Og almenningur dái þrautseigju bændanna og fórnfýsi og finnur til öryggiskenndar að sveitirnar séu byggðar öfluglu fólki. En fari bændur að deila innbyrðis fækkar vininum og samstaðan deyr.

Eins og skrattinn úr sauðarleggunum

Við eigum að framleiða að langmestu leyti okkar neysluvörur í mjólk og kjöti hér heima og bændur ættu að gera ríkisstjórninni tilboð um samning til t.d. sjö ára í þeim efnunum og í staðinn yrði nýgerðum tollasamningi hafnað. Tollasamningurinn kom eins og skrattinn úr sauðarleggunum algjör-

lega þvert á öll áform bændu og velviljaðrar ríkisstjórnar um stórfldan landbúnað og matvæla-landið Ísland. (Tollasamningurinn mun veikja mjög og skaða svína- og kjúklingaræktina og stórskaða allan markað með unnar kjöt- og mjólkurvörur og laska afurðastöðvar bændu í leiðinni.)

Ekki dregur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra af sér að taka málstað bændu og landbúnaðarins, gerir það af eldmóði og á þakkir skildar. Forseti ASÍ reis ekki hátt í þeirri umræðu meðan Aðalsteinn Árni Baldursson á Húsavík tók málstað bændu. Forystumenn ríkisstjórnarinnar, Sigmundur Davíð og Bjarni Benediktsson, eiga að beita sér fyrir því að efna sáttmála ríkisstjórnarinnar um landbúnað og þess vegna hafna tollasamningnum sem lamar og slær bændur kalda.

Neytendasamtökin hafa séð ljósið

Ég rakst á umfjöllun Neytenda-samtakanna um innfluttar kjötvörur þar sem þau með Jóhannes Gunnarsson, foringja sinn, í fararbroddi ganga skart fram með það lýðheilsusjónarmið að okkur beri að tryggja öryggi almennings og flytja ekki inn sýklalyfjað kjöt. Í greinargerðinni segja Neytenda-samtökin þetta:

„Í 26 löndum sem tilheyra EES sýna tölur svo ekki fer á milli mála að víða er pottur brotinn. Gríðarleg notkun sýklalyfja bendir til að í mörgum tilfellum sé horft framhjá banninu við notkun þeirra í vaxtarörvandi tilgangi.“ Síðan benda þau á okkar sérstöðu að íslenskt kjöt er ræktað án aðstoðar sýklalyfja. Enn fremur er sú alvarlega staðreynd sett fram að hér sé takmarkað eftirlit með innfluttu kjöti.

Þetta er alvarleg staða en mikið fagnaðarefni að fá Neytendasamtökin með afl sitt og áráði í baráttusveitina. Jóhannes segir:

„Það er fagnaðarefni að sýkla-leifar finnast ekki í innlendu kjöti.“ Og að lokum gerir hann þá kröfu til Matvælastofnunar að innflutt kjöt sé án sýklalyfja og að kjötið sé skimað til að tryggja að það innihaldi ekki ónæma sýkla, og sömu kröfur séu gerðar til innflutts kjöts og þess sem framleitt er hér. Við Íslendingar viljum ekki sýklalyfjað kjöt á diskinn okkar.

„Óparfa offarsi“

Undanfarið hefur Ungmennafélag Reykdæla í Borgarfirði sýnt leikritið „Óparfa offarsi“ í Logalandi í Reykholtssdal.

Verkið er eftir bandaríska leikarann og leikskáldið Paul Slade Smith. Leikritið er farsí, eins og nafnið bendir til, og skartar hvorki fleiri né færri en átta hurðum eins og góðum farsa sámi. Verkið var fyrst frumsýnt árið 2006 í Bandaríkjunum og hefur verið sett upp nær 200 sinnum víðs vegar um Bandaríkin, í Bretlandi, Ástralíu, Sviss og Singapúr. Sýning Ungmennafélags Reykdæla er önnur uppfærsla á Óparfa offarsa á Íslandi. Hörður Sigurðarson íslenskaði og í hans leikstjórn var verkið sýnt hjá Leikfélagi Kópavogs í fyrra.

„Óparfa offarsi“ er, sem fyrr segir, átta hurða farsí með öllu því sem þrýða má góðan farsa. Lögreglan býr sig undir að standa spilltan borgarstjóra að verki og setur upp gildru á mótelherbergi. Fljótlega kemur í ljós að lögreglumennirnir tveir eru ekki þeir allra slyngustu í starfi og nýhafið ástarsamband annars þeirra við kynsveltan endurskoðanda í næsta herbergi auðveldar ekki málin. Einnig koma við sögu hræðslugjarn yfirmaður öryggismála, illskiljanlegur leigumorðingi og gæðaleg borgarstjórafrú. Augljóst má því vera að þegar þessi hópur kemur saman er hreint ekki von á góðu.

Átta leikarar skipta með sér sjö hlutverkum. Í hópnun eru gamlreyndir leikarar hjá félaginu og má þar nefna þá bræður Jón og Guðmund Péturssyni frá Geirshlíð í Flókadal. Báðir hafa margoft staðið á sviði og nú munu vera tæp fjöruþítu ár síðan Jón lék sitt fyrsta hlutverk í Logalandi.

Hjónin og paprikubændurnir Dagur Andrésen frá Deildartungu og Bárta Einarssdóttir eru í hlutverkum óframfærins lögreglufulltrúa og hins kynsvelta endurskoðanda. Dagur hefur til þessa verið ljósameistari félagsins en var nú tældur upp á svið og fer þar á kostum í hlutverki sínu. Hraundís Guðmundsdóttir, skógfræðingur og ilmólubóndi á



Dagur Andrésen og Bárta Einarssdóttir í „góðum filing“.



Guðmundur Pétursson, Hafsteinn Þórisson og Ása Erlingsdóttir.

Rauðsgili, stígur sín fyrstu skref í hlutverki borgarstjórafrúarinnar og Hafsteinn Þórisson tónlistarkennari túlkar hinn illræmda og illskiljanlega leigumorðingja.

Ása Erlingsdóttir á Laufskálum

hefur til þessa farið með hlutverk hinnar tregu en yndislegu Billie sem er nýútskrifuð úr lögregluskólunum. Ása er nú farin í páskafrí og við hlutverkinu tekur Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir frá Norður-Reykjum.

Leikstjóri er Ármann Guðmundsson, margreyndur leikstjóri hjá áhugaleikfélögum vítt og breitt um landið, leikskáld, tónlistarmaður og Ljótur hálfviti.

Áhorfendur hafa tekið sýningunni vel og bókstaflega gráði af hlátri. Virðuleg frú kom þeirri ábendingu til félagsins að rétt væri að hafa þurrkupa á borðum í salnum svo áhorfendur gætu strokið burtu hláturtárin.

Sýningar fara fram í félagsheimilinu Logalandi í Reykholtssdal. Miðapantanir í síma 435 1182/691 1182 eða á netfangið umfr.offarsi@gmail.is

Matvælastofnun:


Sýklalyfjapólin baktería sem getur borist milli manna og dýra

Frá árinu 2013 hefur Matvælastofnun látið mæla sýklalyfjapól baktería sem geta borist milli manna og dýra. Mælingar undanfarinna þriggja ára sýna að tilvist þessara baktería með þol gegn einu eða fleiri sýklalyfjum er frekar lág hér á landi.

Á heimsíðu Mast segir að brýn þörf sé á að halda mælingum áfram til að fá heildarmynd af stöðunni hérlandis, en lyfjapól baktería er ein helsta heilbrigðisógn nútímans.

Súna er sjúkdómur sem berst milli manna og dýra og tiltekna bakteríur eru súnuvaldar. Rannsóknir hafa sýnt að súnuvaldandi bakteríur geta borið með sér erfðaeftirbærni sem veitir þeim þol gegn sýklalyfjum og að þessar lyfjapólu bakteríur geti borist milli dýra og manna. Erlendar mælingar sýna að þol baktería gegn sýklalyfjum er stöðugt að aukast í heiminum. Ábyrg og rétt notkun sýklalyfja, hvort heldur er í dýrum eða mönnum, er grundvallaratriði til að sporna gegn aukningu á sýklalyfjapóli baktería.

Mikilvægt er að vakta lyfjapól í bakteríum með sambærilegum hætti og er gert í nágrannalöndunum, þannig nást samanburðarhæfar niðurstöður. Matvælastofnun tekur



sýni á grundvelli reglugerðar nr. 1048/2011 um vöktun súna, sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra, og súnuvalda auk þess sem stofnunin styðst við ákvörðun Evrópusambandsins (2013/652/EB) um vöktun á lyfjapóli, en ákvörðunin er þó enn ekki innleidd hér á landi.

Árin 2013 og 2014 var sýklalyfjapól mælt í kampýlóbakterstofnum sem greindust í kjúklingum og árin 2014 og 2015 var sýklalyfjapól mælt í salmonellustofnum í dýrum og fóðri. Til viðbótar var árið 2014 mælt, hvort eðlileg bakteríuflóra (E. coli) í meltingarfærum kjúklinga bæri með sér erfðaeftirbærni sem veitir bakteríunni þol gegn sýklalyfinu „cephalosporin“ en slíkar bakteríur kallast ESBL og/ eða AmpC myndandi E. coli. Sama ár var einnig leitað að Methicillin ónæmum Staphylococcus aureus (MÓSA) í svínunum vegna þess að

þessar bakteríur eru að breiðast hratt út í svínaeldi erlendis.

Helstu niðurstöður mælinganna hér á landi eru að kampýlóbakterstofnarnir í kjúklingaeldi hafa flestir verið næmir fyrir öllum sýklalyfjum sem mæld voru, en sýnin voru öll tekin úr innlendri framleiðslu. Árið 2013 var einn stofn með þol fyrir einu sýklalyfi (6% stofna) og árið 2014 var einn stofn með þol fyrir tveimur sýklalyfjum (4% stofna). Árið 2014 sýndu 44% af salmonellustofnum úr alifuglum og 55% af stofnum úr svínunum af innlendum uppruna þol gegn einu sýklalyfi en einn stofn úr nautakjöti af erlendum uppruna var með þol gegn tveimur sýklalyfjum. Árið 2015 mældist þol mun lægra en árið 2014 en einungis einn stofn úr alifuglum var með þol gegn einu sýklalyfi (4%), en einn stofn úr svínunum (17%) var fjölmáttur.

ESBL og/eða AmpC myndandi E. coli fundust í samtals 6,2% botnlangasýna úr kjúklingum og 8,3% sýna úr afurðum kjúklinga árið 2014.

Við skimun á MÓSA kom í ljós að þessar fjölmáttu bakteríur fundust ekki í þeim 24 svínastofnum sem leitað var í. /MAST

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Guðrún og Dalla mæla með Femarelle

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum.



Guðrún Ragna Ólafsdóttir

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum.

„Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormón hjá læknum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt liðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við liðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig. Núna er ég betri í skapinu og er mjög ánægð með Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle,“ segir Guðrún Ragna.

Femarelle er öruggur kostur

Virgni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförunum fimmtán árum.

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estró-gennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virgni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle.



Dalla Gunnlaugsdóttir kynntist Femarella árið 2014 eftir að hafa gengið í gegnum óþægindi af völdum breytingarskeiðs.

„Óþægindin voru hitakóf, þreyta, miklar skapsveiflur og svefntruflanir. Ég talaði um þessa vanlíðan mína við heimilislækni og hann benti mér á Femarelle þar sem ég vildi ekki hormóna. Eftir tvær vikur fann mikinn mun, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið. Fólki í kringum mig finnst ég allt önnur og finnur mikinn mun á skapinu hjá mér. Í dag er ég í meira en fullri vinnu ásamt því að stunda nám sem ég klára á næsta ári. Sem sagt, Femarelle færði mér aukna orku,“ segir Dalla og brosir.

Femarelle er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



Dalla Gunnlaugsdóttir

Náttúruleg efni fyrir þá sem vilja njóta matar

Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga hættu á að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina.



Aukin sýrumyndun í maga

Ýmsar matvörur eða of stórir matarskammtar geta valdið úþpenslu og örvað sýruframleiðslu magans. Við það myndast aukið álag á ákveðna vöðva þannig að magasýrurnar flæða upp í vélindað og valda brjóstsviða. Frutin töflurnar innihalda náttúrulegar trefjar.

Góð reynsla komin á virkni Frutin

Helga Linda Gunnarsdóttir hefur þurft að glíma við brjóstsviða undanfarin ár. „Ég var alltaf með lyf við brjóstsviðanum á mér. Ég gat ekki verið án þeirra og mér leið ekki vel.

Ég var komin í yfirþyngd og var alveg að nálgast þriggja stafa tölu á vigtinni.“ Hún ákvað að leita sér aðstoðar og hafði samband við Ingu Kristjánsdóttur, heilsuperapista. „Það var alveg ótrúlegt hvað hún gerði fyrir mig. Hún sá fljótlega að ég var með óþol fyrir hveiti og mjólkurvörum og lagði upp nýtt

mataræði. Það var eins og við manninn mælt, ég missti fljótlega mörg kíló, brjóstsviðinn lagaðist og ég fór að forðast fæðu sem olli mér vanda,“ segir Helga Linda. En þegar hún vill leyfa sér annað slagið eitthvað matarkyns sem hún veit að gæti leitt til brjóstsviða, svo sem vinglas eða súkkulaði, notast hún við Frutin töflurnar. „Ég sá Frutin auglýst, það vakti áhuga minn þar sem það er alveg náttúruleg vara en ekki tilbúið lyf. Það höfðaði til

mín og ég ákvað að prófa það, og fann fljótt að það virkar mjög vel á mig. Núna get ég stolist í að fá mér góðgæti án þess að sofna með brjóstsviða. Frutin er því frábær lausn fyrir mig,“ segir Helga Linda.



Hanne er ein þeirra sem hefur átt í stríði við magasýrurnar. „Ég á erfitt með að viðurkenna að ég borða ekki eins hollan mat og ég ætti að gera. Ég á það til að borða of stóra matarskammta og elska fitugan mat og franskar kartöflur. Þegar ég borðaði slíkan mat flæddu magasýrurnar upp í vélinda úr maganum með tilheyrandi vanlíðan. Þetta var hræðileg brunatilfinning og ég þurfti samstundis að drekka vatn eða mjólk. Stundum flæddu magasýrurnar líka upp í vélinda þegar ég lagðist upp í rúm. Sérstaklega þegar ég borðaði seint. Það var hræðilegt. Ég fór í heilsubúð og spurði hvort þau ættu náttúrubætiefni sem ég gæti tekið inn,“ segir Hanne. Það kom á óvart þegar konan sem rekur verslunina sagði að til væru töflur sem hægt er að tryggja og innihalda náttúrulegar trefjar úr appelsínum.

„Afgreiðslukonan útskýrði fyrir mér að þetta eru einu töflur sinnar tegundar sem innihalda þessar einstöku trefjar úr appelsínum. Trefjar sem eru svo sérstakar að þær mynda náttúrulega róandi froðu yfir efsta hluta magans sem hjálpar til við að hindra að magasýrurnar flæða upp í vélindað. Það hljómaði vel og ég var tilbúin að prófa þær náttúrulegu meðferðir sem eru í boði,“ segir Hanne. Töflurnar virkuðu strax og nú er Hanne alltaf með töflurnar meðferðis, hvert sem hún fer. „Ég er með pakka í eldhúsinu, á náttborðinu og í bílnum.“

Frutin er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



IceCare vörurnar fáast í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Sjá nánar á www.icecare.is - þú finnur okkur á:



Fréttir

Aðalskipulag Djúpavogs: Ferðapjónusta verður efld á Kerhamralóðinni

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur samþykkt framlagða breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008–2020 en hann tekur til breyttrar landnotkunar á lóðinni Kerhamrum í landi Múla.

Breytingin felst í að lóðinni er breytt úr íbúðarhúsalóð í lóð fyrir verslun og þjónustu. Jafnframt er afmörkun lóðarinnar breytt til samræmis við hnitasetningu frá mars 2016.

Styrkir innviði ferðapjónustunnar

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008–2020 segir að stefnt sé að eflingu ferðapjónustu á svæðinu, svo sem með samvinnu sveitarfélags, ferðapjónustuaðila og íbúa.

Að mati sveitarstjórnar Djúpavogshrepps er þessi tillaga að breytingu á aðalskipulagi til þess fallin að styrkja innviði ferðapjónustunnar á svæðinu og byggð

í fámennri sveit. Þar sem svæðið hefur í áratugi verið nýtt til samkomuhalds eru tilteknir innviðir fyrir hendi, t.d. rúmt bílastæði og gott aðgengi og að mati sveitarstjórnar hentar lóðin Kerhamrar því vel til þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er.

Í sátt við umhverfið

Til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum leggur sveitarstjórn á það ríka áherslu að fyrirhuguð uppbygging ferðapjónustu fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt og frágangur sé í fullu samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps telur ekki ástæðu til að ætla að breytt landnotkun muni hafa eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á umhverfi og samfélag. Sveitarstjórn telur því að hér sé um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008–2020 að ræða. /MPÞ

Djúpavogshreppur: Auglýst eftir minkaveiðimönnum

Djúpavogshreppur hefur auglýst eftir minkaveiðimönnum til starfa í Djúpavogshreppi til eins árs frá og með maí 2016.

Fjallað var um málið á fundi sveitarstjórnar og samþykkt að greiðslur yrðu með þeim hætti að 117 kr. verða greiddar í aksturstaxta, tímakaup fyrir grenjaleit er 1.500 krónur, verðlaun fyrir unnin dýr eru þannig að fyrir fullorðin dýr og hvolpa eru

greiddar 3.000 krónur en að auki verða eftir 15. apríl næstkomandi greiddar ígildi fjögurra hvolpa fyrir hvolpafullar læður.

Umsækjendum er bent á að tilgreina tækjakost þann sem þeir búa yfir, hundakost og eftir atvikum aðstoðarmenn. Vakinn er á því athygli að samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eru 700 þúsund krónur ætlaðar til minkaveiða í ár. /MPÞ

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps: Bregðast verður við vanda hjúkrunarheimila

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hvetur stjórnvöld til að bregðast nú þegar við miklum rekstrarvanda hjúkrunarheimila, tryggja fullnægjandi fjármögnun og ljúka gerð þjónustusamninga við heimilin á réttum forsendum.

Í bókun sveitarstjórnar segir að það sé algerlega ólíðandi að taprekstur hjúkrunarheimila af völdum vanfjármögnunar ríkisins geti leitt til niðurskurðar á lögboðinni þjónustu sveitarfélaga.

„Það er skýrt í lögum að ríkinu ber að fjármagna þennan málaflokk og mun sveitarstjórn Grýtubakkahrepps fylgjast vel með málarekstri Garðabæjar á hendur ríkinu. Þá bendir sveitarstjórnin á að það hlýtur að vera hagkvæmara að nýta þau hjúkrunarrými sem þegar eru til staðar áður en ráðist er í byggingu nýrra, enda ófært að láta hjúkrunarrými standa auð meðan þörfin er æpandi. Kerfið er nú komið fram yfir þolmörk og frekari bið er ekki valkostur.“ /MPÞ



Unnið við grisjun í Hallormsstaðaskógi.

Myndir / MBÞ

Uppbyggingarsjóður Austurlands styrkir skógartengd verkefni:

Virði skóga og nýting skógarauðlindarinnar í brennidepli

Fjögur verkefni sem tengjast skógrækt og skógarnyttjum hlutu styrki úr Uppbyggingarsjóði Austurlands sem nýlega tilkynnti um úthlutun ársins 2016.

Greinilegt er að skógarauðlindin sem nú er að sýna sig fyrir alvöru á Austurlandi er uppspretta ýmissa hugmynda um nýtingu skógarafurða til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar segir í frétt um málið á vef Skógræktar ríkisins.

Skógarafurðir úr Fljótsdal

Nýsköpunarfyrirtækið Skógarafurðir ehf. á Víðivöllum ytri í Fljótsdal fékk 900.000 króna styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands í verkefnið Skógarafurðir úr Fljótsdal. Fyrirtækið er ný úrvinnslustöð á afurðum úr bændaskógum. Styrkurinn verður annars vegar nýttur til þróunar á þurrkunaraðferðum og hins vegar til hönnunar á vöru og umgjörð fyrirtækisins.

Skógarafurðir ehf. eru fyrsta einkarekna fyrirtækið á Íslandi sem hyggst nýta íslenskan trjávið í fjölbreytta vöru og sem valkost á móti innfluttri vöru. Varan verður upprunamerkt og hráefnið gert sem verðmæstast með því að leggja áherslu á gæði, góða nýtingu og framúrskarandi hönnun á nýttjavöru úr viðnum. Þetta er tilraun til að breyta íslenskum nytjaskógi í verðmæta vöru og skapa atvinnutækifæri fyrir fyrstu skógarbændur á Íslandi sem hafa nytjaskógrækt að atvinnu.

Virði skóga

Næsthæsta styrkinn til skógartengdra verkefna, 800.000 krónur, hlaut fyrirtækið Logg – landfræði og ráðgjöf til verkefnis sem kallað er Virði skóga. Það er unnið í samstarfi við Skógrækt ríkisins og fasteignasöðluna Inni. Markmiðið er að búa til aðferð eða verkfæri til að verðmeta skóginn. Mikilvægt er að meta megi verðmæti skóga, meðal annars þegar skógarjarðir eru seldar og keyptar. Til eru veðbankar eða verkfæri til að meta virði hinna ýmsu hlunninda eða eigna og í þá smiðju verður leitað við þróun þeirra verkfæra sem nýst geta til að meta verðmæti skóga. Þá verður farið eftir ýmsum þáttum eins og tegundasamsetningu, aldri, mismunandi vaxtarlotu og lokaafurðum.

Efnisrannsókn í skógi

Sama upphæð, 800.000 krónur, kom



Verkefnið, Umbreyting – efnisrannsókn í skógi sem Félag skógarbænda á Austurlandi fer fyrir snýst um að kanna óhefðbundnar leiðir til nýtingar á möguleikum nytjaskógarins á Austurlandi.

í hlut verkefnisins Umbreyting – efnisrannsókn í skógi sem Félag skógarbænda á Austurlandi fer fyrir. Kannaðar verða óhefðbundnar leiðir til nýtingar á möguleikum nytjaskógarins á Austurlandi.

Unnið verður meðal annars með veikleika efniviðarins og mögulega umbreytingu efnis úr kurli og köggli í annað efni sem síðan megi nýta til að forma afurðir.

Félag skógarbænda á Austurlandi

Selen, E-, A- og D-vítamín á fljótandi formi, til inngjafar fyrir lömb, kálfa og kiðlinga



-Mjög hátt hlutfall af vítamínunum og seleni
-Tilvalið í lömb sem hafa verið lengi inni
-Gefið um munn - engar nálastungur og minnkar því líkur á liðabólgu

Góður valkostur við selenskortni í skepnum



Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sjá nánar:
www.kb.is



Skógarafurðir ehf. eru fyrsta einka-
rekna fyrirtækið á Íslandi sem
hyggst nýta íslenskan trjávið í fjöl-
breytta vöru og sem valkost á móti
innfluttri vöru.

hefur látið vinna úttekt á stöðu
þessara mála og þeim möguleikum
sem eru fyrir hendi. Í því skyni vill
félagið ráðast í rannsóknarverk-
efni líkt og gert hefur verið með
sjávarfang í klasasamstarfi sjáv-
arútvegsins. Mikilvægt er að nýta
næstu 10–15 árin til vöruþróunar og
ímyndarsköpunar meðan hentugri
vaxtarlotu er að ljúka og skógurinn
að ná því hámarki viðarmagns sem
skilar eigendum hans mestum arði.

Vinnustofa um viðarnýtingu

Fjórtíð skógartengdi styrkurinn sem
veittur var úr Uppbyggingarsjóði
Austurlands að þessu sinni kom í
hlut SAM-félagsins, grasrótarsam-
taka skapandi fólks á Austurlandi.
Félagið fékk 600.000 krónur til
verkefnis sem kallast Stefnumót
við skógarsamfélag – vinnustofa
um viðarnýtingu. Styrkurinn verð-
ur nýttur til að yfirfæra þekkingu
frá bandarísku hönnunarverkefni,
Designers & Forests, í samráði við
verkefnisstjóra þess, Megan Urban,
aðstoðarprófessor við ríkisháskólann
í Freedomia í New York-ríki.

Unnið verður með hulin verðmæti
skógarsamfélags þar sem mannauð-
ur, hráefni og menningararfleifið er
útgangspunktur. Vinnustofan verð-
ur m.a. auglýst fyrir félaga í Félagi
skógarbænda á Austurlandi og í
SAM-félaginu, grasrót skapandi
fólks á Austurlandi. Einnig verður
útskriftarnemendum Listaháskóla
Íslands í vöruhönnun boðin þátttaka
í vinnustofunni. Grunnur vinnustof-
unnar Designers & Forests hvílir á
þeirri trú að hönnunarferli geti leitt
saman einstaklinga með fjölbreytta
þekkingu og hæfni og framkallað
þannig óvæntar niðurstöður og
afurðir. /MBP

Gefðu sparnað í fermingargjöf

Gjafakort Landsbankans er góð leið til að gefa sparnað í fermingar-
gjöf. Ef fermingarbarnið leggur 30.000 krónur eða meira í sparnað
hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig
getur gjafakortið lagt grunn að góðum fjárhag.

Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í útibúum Landsbankans. Kynntu þér sparnaðar-
leiðir fyrir fermingarbarnið á klassi.is.



Erna Sóley Eyjólfsdóttir
Klassafélagi og karate-lærlingur

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



FROSTFRÍAR LAUSNIR

Polarflex Pirit Pro frostfríar slöngur

Slöngur með innbyggðan
sjálfvirkkan hitastilli sem hitnar
þegar þörf er á.

Tilvalin lausn þegar færa þarf
vatn og frárennsli frá A til B á
kuldaslóðum!



Polarflex snjóbræðslumottur

Bræða klaka og snjó við
snertingu þannig að svæði
haldist snjólaus og klakalaus.

Enginn snjómokstur, klaki
eða salt!





Starfsemi Þekkingarseturs hefur aukist undanfarin misseri, en hún fer fram í gamla Kvinnaskólanum. Mynd / huni.is

Þekkingarsetrið Blönduósi: Starfsemin vex

Þekkingarsetrið á Blönduósi hefur ráðið Katrínu Sif Rúnarsdóttur til starfa í Kvinnaskólanum til eins árs. Starfið er annað af tveimur stöðugildum sem Þekkingarsetrið fékk úthlutað frá Norðvesturnefndinni nú í vetur.

Starfsemi Þekkingarsetursins hefur vaxið og dafnað síðan það var stofnað fyrir fjórum árum. Markmið setursins er m.a. að vera miðstöð rannsókna- og þróunarverkefna á sviði textíls, strandmenningar og laxfiska, og stuðla að aukinni fjölbreytni atvinnulífs með fræðslustarfi, eflingu háskólamenntunar, vísindarannsóknum og nýsköpunarstarfi.

50 listamenn hafa staðfest komu sína

Á undanfórnum árum hefur áhersla verið lögð á eflingu náms á sviði textíls og uppbyggingar textíllistamiðstöðvarinnar í Kvinnaskólanum í samstarfi við Textílsetur Íslands og Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Þessi vinna hefur svo sannarlega skilað sér og hefur starfsemin aukist ár frá ári. Nemendur Listaháskóla Íslands og danskir textílnemendur frá Kaupmannahöfn koma nú reglulega í starfsnáms og nýta aðstöðu og fræðslu á staðnum. Aðsókn í listamiðstöðina, sem er rekin af Textílsetri Íslands, hefur aukist stöðugt og nú þegar hafa 50 listamenn frá öllum heims hornum staðfest komu sína árið 2016. Auk þess hefur verið unnin úttekt á vefstofu og vefstólum í Kvinnaskólanum og vinna við endurbætur á aðstöðunni hafin.

Hlutverk nýs starfsmanns verður m.a. að vinna almenn skrifstofustörf, aðstoða textíllistamenn sem og nemendur sem nýta sér námsver og fjarþrófsaðstöðu í Kvinnaskólanum. Einnig mun Katrín, sem er ferðamálafræðingur, veita upplýsingar til ferðamanna og annarra gesta sem heimsækja Kvinnaskólann en þar eru einnig staðsett Vatnsdæla á Refli og Minjastofur á vegum Vín Kvinnaskólans. Frá þessu er sagt á vefnum huni.is. /MPÞ

Bændablaðið
BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI

24 28

24. apríl

Bændablaðið
Kemur næst út
14. apríl

Skýrslur um sýklalyfjapol baktería í Evrópu og útbreiðslu á sjúkdómsvaldandi bakteríum árið 2014: Kampýlóbactersýkingar í fólki eru enn algengasta orsök matarsýkinga í Evrópu

– Tíðni kampýlóbactersýkinga í fólki á Íslandi er vel undir meðaltali í Evrópu

Þann 11. febrúar síðastliðinn voru birtar skýrslur Sóttvarnarstofnunar Evrópu (ECDC) og Evrópsku Matvælaöryggisstofnunar (EFSA) um stöðuna í Evrópu árið 2014 hvað varðar sýklalyfjapol baktería í dýrum, mönnum og umhverfi.

Í umfjöllun Matvælastofnunar um skýrsluna kemur meðal annars fram að minni möguleikar eru á að meðhöndla alvarlegar kampýlóbactersýkingar í fólki, vegna aukins þols gegn ciprofloxacín-sýklalyfjum. Kampýlóbactersýkingar eru algengasta orsök matarsýkinga í Evrópu.

Í umfjölluninni kemur fram að stöðug aukning á sýklalyfjapoli baktería í dýrum, mönnum og umhverfi sé sameiginlegt áhyggjuefni allra. Það sé stefna Evrópusambandsins að vaktu markvisst tilvist sýklalyfjapoliinna baktería og það sé hlutverk ECDC og EFSA að greina sameiginlega niðurstöður mælinga og gefa árlega út skýrslu um stöðu mála.

Í nýjustu skýrslunni er fjallar um sýklalyfjapol baktería sem teljast til náttúrulegrar flóru og baktería sem valda sýnum (sjúkdómar sem berast á milli manna og dýra). Aðildarríki ESB og EFTA ríkin Ísland, Noregur og Sviss veittu þær upplýsingar sem skýrslan byggir á.

„Afar mikilvægt er að gæta nákvæmni í umræðu um hættu sem stafa af vaxandi þoli baktería gegn sýklalyfjum. Bakteríur eru jafn ólíkar innbyrðis og aðrar lífverur, það sem gildir um eina bakteríutegund á ekki endilega við um aðra.

Erfðaefnið sem veitir bakteríum þol gegn sýklalyfjum getur færst og þá með mismunandi hætti í aðrar bakteríur. Margir þættir hafa áhrif á hvort og hvenær það gerist. Það er ekki öruggt að bakteríur sem teljast til náttúrulegrar flóru (t.d. E. Coli) í einni dýrategund nái fótfestu í annari dýrategund, þar á meðal í fólki. Þess vegna er ekki öruggt að erfðaefnið sem veitir bakteríunum t.d. þol gegn sýklalyfi flytjist á milli. Aukið lyfjapol baktería er engu að síður talið ein alvarlegasta heilbrigðisógn samtímans og því eru rannsóknir í fullum gangi víða um heim til að afla betri þekkingar og vinna gegn þeirri hættu sem af þessu getur stafað,“ segir í umfjöllun Matvælastofnunar.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt skýrslunni eru minnkandi möguleikar á að meðhöndla alvarlegar kampýlóbactersýkingar í fólki, vegna aukins þols gegn ciprofloxacín-sýklalyfjum. „Ciprofloxacín er talið vera mikilvægt úrræði þegar önnur sýklalyf virka ekki. Salmonellustofnar sýna áfram fjölnæmi, en það eru bakteríur sem þola þrjú eða fleiri sýklalyf.“



Aukið lyfjapol baktería virðist ekki breiðast jafnt út um Evrópu. Hæst er tíðnin í Austur- og Suður-Evrópu, en í Norður-Evrópu er tíðnin lægri – sérstaklega í ríkjum þar sem sýklalyf eru lítið notuð í dýreldi.

Kampýlóbactersýkingar aukast enn í Evrópu

Matvælastofnun greinir einnig frá skýrslu EFSA, Matvælaöryggisstofnunarinnar evrópsku, fyrir árið 2014 um áhættuna af því að smitast af sýklalyfjapolnum bakteríum í Evrópu, en hún kom út í árslok á síðasta ári.

„Varasamt er að einblína á lyfjapolið eitt og sér þegar lagt er mat á hættuna af því að smitast af sýklalyfjapolnum bakteríum í Evrópu, því útbreiðsla sjúkdómsvaldandi baktería í hverju ríki skiptir einnig miklu máli. Evrópska sýklalyfjapolnum bakteríum í Evrópu, en hún kom út í árslok á síðasta ári.

Í skýrslunni fyrir árið 2014 kemur fram að kampýlóbactersýk-



ingar í fólki eru enn að aukast, en kampýlóbakter er algengasta orsök matarsýkinga í Evrópu og hefur verið það frá árinu 2005. Í þessu ljósi er aukið lyfjapol kampýlóbactersýkla áhyggjuefni í Evrópu.

Tíðni kampýlóbactersýkinga í fólki hérlandis er vel undir meðaltali í Evrópu, þökk sé sameiginlegu átaki stjórnsvalda og kjúklingaframleiðenda frá árinu 2000 til að stemma stigu við kampýlóbakter í kjúklingum,“ segir í greinargerð Matvælastofnunar um þessa skýrslu.

Hvorki salmonella né kampýlóbakter fannst á Íslandi

Matvælastofnun greinir einnig sérstaklega frá útkomunni varðandi þol salmonellustofna og kampýlóbacterstofna á Íslandi. „Í skýrslunni um lyfjapol kemur fram að á árinu 2014 var sérstök áhersla lögð á skimun baktería úr kjúklingum, kjúklingakjöti og varphænum. Salmonellustofnar sýndu tiltölulega háa tíðni lyfjapols, en þol gegn sýklalyfjum er mismunandi á milli sermisgerða, en salmonella skiptist í fjölmargar sermisgerðir. Hérlandis greindust fáir salmonellustofnar í alifuglum, en þeir stofnar sem greindust voru næmir fyrir öllum sýklalyfjum nema sulfonamid. Ekkert þol greindist í íslenskum stofnum gegn sýklalyfjum sem eru mikilvæg til meðhöndlunar á fólki. Í nokkrum ríkjum voru salmonellustofnarnir óvenju þolnir gegn t.d. ciprofloxacín og nalidixínsýru. Enginn íslenskur salmonellustofn sýndi þol gegn tveimur eða fleirum sýklalyfjum, sem má teljast gott samanboreið við önnur ríki. Þess ber þó að geta að Ísland getur ekki borið sig saman við Noreg, Svíþjóð og Finnland því þar greindist ekki salmonella í kjúklingum eða kjúklingakjöti árið 2014.

Allir kampýlóbacterstofnar sem greindust í íslenskum kjúklingum voru næmir fyrir öllum sýklalyfjum fyrir utan einn stofn (3,6 prósent), en sá stofn var með þol gegn tveimur sýklalyfjum. Þetta eru mjög jákvæðar niðurstöður, sérstaklega í ljósi þess hve tíðni kampýlóbactersmits í kjúklingaeldi er lág hérlandis. Í öllum öðrum ríkjum var tíðni sýklalyfjapols kampýlóbaktería úr kjúklingum meiri en hér.

Þol gegn ciprofloxacín var í mörgum löndum mjög mikið, eða að meðaltali í 70% stofna. Einungis fjögur ríki skiluðu inn niðurstöðum um þol á stofnum úr kjúklingakjöti, en ekki Ísland, þar sem kampýlóbactersmit í kjúklingakjöti var ekki mælt árið 2014.

Síðasta stóra könnunin á neytendamarkaði hér á landi var gerð yfir 12 mánaða tímabil frá maí 2012 til apríl 2013 í samvinnuverkefni Matvælastofnunar og Matís. Þá voru tekin til rannsókna 537 sýni af kjúklingaafurðum og fannst hvorki salmonella né kampýlóbakter í þessum sýnum. Sýnatökur á markaði koma til viðbótar við öflugt eftirlit með eldi alifugla og við slátrun þeirra.“

Vel fylgst með þoli gegn síðasta úrræðinu við fjölnæmum bakteríum

Matvælastofnun minnst sérstaklega á að fylgst sé vel með þoli gegn carbapenem sýklalyfjum. Munu tiltekna bakteríur, svokallaðar gramneikvæðar bakteríur myndað aukið þol gegn þessum flokki sýklalyfja á undanfórnum árum. Þetta valdi sérstökum áhyggjum með tilliti til lýðheilsu, því carbapenem sýklalyf eru talin vera síðasta úrræðið í meðhöndlun á fólki sem sýkt er af fjölnæmum bakteríum. /smh



**STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR**

STJÖRNUBLIKK
VATNSDALUR • ALMENNIR BÍLLARHÖFUR • KEMMISTAL • BÆJLÖG
LÖGFRAMSTYÐING • SÍÐUR • FLEMMI • FÖRSTUÐUR • KLAMMUR

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuveg 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • info@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is




**Vantar
nýja lykla?**

Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

• Húslyklar • Láshús og fylgihlutir
• Lyklakerfi • Peningaskápar
• Silindrar • Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuveg 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14





**Dráttarvélar á Íslandi
– Áfram veginn**

Sumarið 2015 fóru þau Hjalti Stefánsson og Heiður Ósk Helgadóttir enn um landið og ræddu við áhugafólk um eldri dráttarvélar.

Afraksturinn má finna á fjórða DVD-disknum um dráttarvélar á Íslandi. Á ferðum sínum hittu þau m.a. eldri herra á Dalvík sem fer allra sinna ferða á Ford 3600. Í Hippakoti eiga bræður tveir athvarf fyrir sig og sínar vélar og í smá-íbúðahverfinu í Reykjavík má finna nýuppgerðan Bautz. Á bæ einum í Vatnsdal má finna MF100 línuna og í Svinadal er Zetor í hávegum hafður.



Safnarnir í Seljanesi skipa stór- an sess í hugum áhugamanna um dráttarvélar. Loksins náðist í þá alla saman og komum við ekki að tómun kofanum þar. Nýjasta búvélasafn landsins var opnað með viðhöfn hjá Sigmari í Lindabæ í Skagafirði og fylgst var með þegar gömlum dráttarvélum var ekið hringinn í kringum landið, annars vegar Ferguson-vinir og hins vegar hjón- in Júlía og Helgi á Farmall Cub. Í Leiðarhöfn í Vopnafirði er Ferguson búinn að vera í notkun í 62 ár og litið er á gömlu vélarnar sem eru í Svinafelli í Nesjum. Í Dragasetrinu er Kristján Bjartmarsson að gera upp Centaur frá 1934 sem er í eigu Þjóðminjasafnsins og á Egilsstöðum er Scania Vabis vöru- bíll nýupp- gerður sem bara varð að fá að vera með. Við heyrum söguna af því hvern- ig Vigdís í Eyjafirði endurheimti Porche-vélina sem faðir hennar keypti fyrir hálfri öld.



Á disknum eru 20 innslög og 29 viðmælendur.

Rétt fóðrun fyrir burð gefur betri árangur



LÍFLÍNA fyrir lömb og ær

- Eykur gæði broddmjólkurinnar.
- Bætir stöðu vítamína og steinefna.
- Eykur líkur á auðveldum burði, líflegri lömbum og færri dauðsföllum.
- Færri efnaskiptavandamál.
- Góð reynsla hjá bændum hérlandis.
- Hefjið gjöf 4 til 6 vikum fyrir burð.



Margra ára reynsla - Framúrskarandi árangur!



**Sendum um
allt land**

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Miðvangi 31
570 9860

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870



Glæsihross á ísmóti

Húnavetningar blésu til ísmóts á Svinavatni þann 5. mars sl. Ísmótið nýtur ávallt nokkurra vinsælda meðal hestamanna en keppnisráningar voru um 130 hross og þótti hestakosturinn finnasterkur miðað við árstíma. Veðrið lék við gesti og keppendur sem spreyttu sig í þremur keppnisflokklum; tólti ásamt A og B flokki gæðinga.

Teitur Árnason fór með sigur af hólmi í tólti annað árið í röð á hryssunni Kúnst frá Ytri Skógum. Stóðhesturinn Hersir frá Lambanesi kom nú fram í keppni undir stjórn Jakobs Svavars Sigurðssonar og sigruðu þeir í flokki alhliðahesta. Sigurvegari B-flokks á Landsmóti



Skapti Steinbjörnsson, bóndi á Hafsteinsstöðum, ásamt stóðhestinum Oddi frá Hafsteinsstöðum vöktu verðskuldaða athygli fyrir framgöngu sína.



2014, Loki frá Selfossi, kom fram undir stjórn eiganda síns, Ármanns Sverrissonar, og fögnuðu þeir sigri í flokki klárhesta.

Grámann frá Hofi valinn glæsilegasti hestur mótsins

Glæsilegasti hestur mótsins var valinn Grámann frá Hofi, Höfðaströnd, en knapi hans var Barbara Wenzl.

Teitur Árnason og Kúnst frá Ytri Skógum unnu tóltkeppnina annað árið í röð.

Úrslit

B-flokkur

1. Ármann Sverrisson/ Loki frá Selfossi	8,93
2. Skapti Steinbjörnsson/ Oddi frá Hafsteinsstöðum	8,84
3. Sigurður Sigurðarson/ List frá Langsstöðum	8,74
4. Hans Kjerúlff/ Kjerúlff frá Kollaleiru	8,64
5. Elías Þórhallsson/ Staka frá Koltursey	8,61
6. Jakob Sigurðsson/ Nökkvi frá Syðra Skörðugili	8,54
7. Þór Jónsteinsson/ Þokkadís frá Sandá	8,50
8. Magnús B Magnússon/ Ósk frá Ysta Mói	8,49

A-flokkur

1. Jakob Sigurðsson / Hersir frá Lambanesi	8,72
2. Barbara Wenzl / Grámann frá Hofi Höfðaströnd	8,70
3. Teitur Árnason / Hafsteinn frá Vakurstöðum	8,66
4. Hans Kjerúlff / Greipur frá Lönguhlíð	8,56
5. Viðar Bragason / Þórir frá Björgum	8,48
6. Jón Pétur Ólafsson / Urður frá Staðartungu	8,43
7. Helga Una Björnsdóttir / Dögun frá Þykkvabæ	8,41
8. Skapti Ragnar Skaptason / Bruni frá Akureyri	8,39

Tólt

1. Teitur Árnason / Kúnst frá Ytri Skógum	8,00
2. Egill Þórir Bjarnason / Dís frá Hvalsnesi	7,67
3. Friðra Hansen / Nös frá Leirubakka	7,33
4. Jakob Sigurðsson / Harka frá Hamarsey	7,17
5. Skapti Steinbjörnsson / Oddi frá Hafsteinsstöðum	7,00
6. Sigurður Sigurðarson / Garpur frá Skúflæk	6,83
7. Logi Þór Laxdal / Lukka frá Langsstöðum	6,67
8. Linda Rún Pétursdóttir / Króna frá Hólum	6,17



Loki frá Selfossi og eigandi hans, Ármann Sverrisson, nutu sín vel á ísnum.



Hersir frá Lambanesi, sem sló einkunnamet 4 vetra stóðhesta árið 2014, sýndi fram á gæðingskosti sína á Svinavatni. Knapi er Jakob Svavar Sigurðsson.

GPS leiðsögutæki fyrir áburðardreifingu

- Pakkinn samanstendur af hugbúnaði og GPS loftneti
- Hægt að tengja við alla snjallsíma og spjaldtölvur
- Handhægt, einfalt í notkun og nákvæmt tæki
- Hámarkar nýtingu á áburði
- Hentar vel á Íslandi, búið er að prófa búnaðinn af Hauki Þórðarsyni hjá Landbúnaðar-háskóla Íslands



99.900kr m/vsk



Sveitarfélagið Skagafjörður leitar eftir kaupendum að „gamla barnaskólahúsinu“ við Freyjugötu á Sauðárkróki.

Sveitarfélagið Skagafjörður:

Gamli barnaskólinn til sölu

Sveitarfélagið Skagafjörður leitar eftir kaupendum að „gamla barnaskólahúsinu“ við Freyjugötu á Sauðárkróki. Húsið, sem byggt er árið 1946, er um 910 fermetrar að stærð að meðtöldum leikfimisal sem er um 150 fermetrar að grunnfleti. Lóðin sem húsið stendur á er um 4.500 fermetrar.

Það skilyrði er sett, að því er fram kemur í heimasíðu sveitarfélagsins, að með kaupþilboði fylgi greinargerð um fyrirhugaða framtíðarnotkun kaupanda ásamt tímasettri framkvæmda- og fjárhagsáætlun.

Sveitarfélagið mun setja sem skilyrði í kaupsamningi að vinnu

við frágang húss að utan, s.s. við þak, veggjakklaðningu, glugga, gler, útihurðir og lóð verði lokið innan tveggja ára frá undirritun kaupsamnings. Afsal verður gefið út eftir að fullnaðarfrágangi lóðar og hússins að utan er lokið. Frestur til að skila inn tilboðum er til 31. mars 2016. /MÞÞ

RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Úrval hjólarðæða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa-, og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee
Handverkfæri

20%

afsláttur af öllum dekkjum
til 15. apríl 2016



Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

MOTUL

Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)

Hjólarðæðþjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350



VÉLFANG - VERKIN TALA

Viðgerðarmaður á vélaverkstæði óskast

Við óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði í fullt starf. Reynsla af vélaviðgerðum er æskileg og menntun augljós kostur. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, með ríka þjónustulund og eigi gott með samskipti við viðskiptavini.

Allar upplýsingar veitir Guðmundur í síma 894 0617, en allar umsóknir skal senda á netfangið thjonusta@velfang.is

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla. Helstu vörumerki eru JCB, CLAAS og FENDT. Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015. Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og nú vantar einn í liðið.



Bændablaðið - Næsta blað kemur út 14. apríl

Göngur eða hjólræiðar?
Langar þig **ÚT** að hreyfa þig?



Gengið við Gardavatnið
30. maí - 7. júní



Töfrar Gardavatnsins
6. - 14. júní



Dónárdræumur
15. - 23. júní



Nettur Noregur
19. - 26. júní



TMB - Gengið umhverfis Mont Blanc
28. ágúst - 11. september



Enn meiri Dónárdræumur - lúxusferð
31. ágúst - 8. september



Brölt og bjór - gönguferð og bjórhátíð
15. - 24. september



Perlur Slóveníu
20. - 29. september



Króatía - sigling og hjól
29. september - 9. október

Íslandsvinir
ferðaskrifstofa

Kíktu inn á www.islandsvinir.is til að fá allar nánari upplýsingar um ferðirnar okkar sem eru spennandi valkostur valkostur fyrir þig sem vilt koma út að hreyfa þig!

Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 9500 | www.islandsvinir.is | info@explorer.is



Fréttaskýring

Mikill meirihluti almennings í Evrópusambandslöndunum er vel meðvitaður um landbúnaðarkerfið CAP:

Nær helmingur íbúa ESB vill auka stuðning við bændur

— Einungis 13% íbúa Evrópusambandsins vilja draga úr stuðningskerfi landbúnaðarins

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Í umræðum um nýja búvörusamninga íslenska ríkisins við bændur hefur borið mjög á harðri gagnrýni varðandi stuðning við landbúnað yfir höfuð. Þar eiga samtök bænda við ramman reip að draga.

Þetta er hins vegar þvert á skoðanir almennings í Evrópusambandinu. Þar fer vaxandi stuðningur meðal almennings við þá afstöðu að auka beri stuðning við landbúnaðarkerfið.

Kannski má segja að sú afstaða að auka stuðning, sé nokkuð á skjön við hugmyndir manna um að auka sjálfbærni í landbúnaðinum. Þar hlýtur meiningin að lúta að fjárhagslegri sjálfbærni ekki síður en sjálfbærni hvað varðar landnýtingu og annað er viðkemur landbúnaði. Miðað við viljann til að auka stuðning við landbúnað innan ESB, þá er ljóst að nágrannaríki sambandsins, eins og Noregur og Ísland, verða að spila í takt við ákvarðanir sem þar verða teknar. Án þess yrði fótunum væntanlega kippt undan mikilvægri stoð í atvinnulífi og samfélagsuppbyggingu landanna.

45% vilja auka stuðning við bændur

Samkvæmt skoðanakönnun ESB (Europeans, Agriculture and the CAP) sem birt var í janúar, telja 47% íbúa sambandsins að landbúnaðarkerfið sé mjög mikilvægt og 45% vilja auka styrki við bændur. Það er 6 prósentustigum meiri stuðningur en var við þá skoðun árið 1999.

Um 40% af fjárlögum ESB

Evrópusambandið ver nú nærri 40% af fjárlögum sínum í samninga, styrki og tollvernd við evrópskan landbúnað. Það nemur um 59 milljörðum evra, eða sem svarar um 8.300 milljörðum íslenskra króna. Kerfið, sem nefnt er CAP (Common Agricultural Policy), var fyrst kynnt 1962 og var þá hlutfallslega mun umfangsmeira en það er nú. Árið 1984 fóru t.d. um 71% af útgjöldum ESB í þetta kerfi. Síðan hefur verið dregið hlutfallslega úr stuðningnum.

Nú vilja einungis 13% aðspurðra sjá að dregið verði meira úr stuðningi við landbúnað í gegnum CAP. Þá kemur fram í könnuninni að fleiri eru meðvitaðir um hvað landbúnaðarkerfið snýst en áður. Þessi afstaða er því ekki byggð á vanþekkingu. Þeir sem telja sig vel upplýsta um CAP eru nú 69% á móti 64% árið 2013.

Kerfið talið auðvelda milliríkjavískaði

Athyglisvert er í ljósi umræðunnar hér að 66% þátttakenda í könnuninni telja að landbúnaðarkerfið auðveldi viðskipti ESB við önnur lönd. Þá telja 65% að kerfið styrki innri markað ESB.

Bændur verða að sýna ábyrgð

Um leið og meirihluti íbúa vill sjá aukinn stuðning við bændur innan ESB til lengri tíma lítið, þá vilja þeir um leið að því fylgi kvaðir. Þannig að ef bændur virði ekki kröfu um framleiðslu á öruggum matvælum, dýravelferð og umhverfisvernd, þá sé eðlilegt að dregið verði úr styrkjum til viðkomandi bænda.



Í Evrópusambandinu var landbúnaðarkerfi CAP breytt verulega fyrir nokkrum misserum. Það leiddi af sér offramleiðslu á mjólk og mikið verðfall. Í síðustu viku búrúst svo fréttir af því að pólitíkúsar í Brussel vildu reyna að koma böndum á offramleiðsluna sem leitt hefur til fjölda gjaldþrota í landbúnaði.

Fæðuöryggi þykir mikilvægast

Þátttakendur í könnun ESB fannst mikilvægast að tryggja fæðuöryggið. Það er nokkuð sem ítrekað hefur verið haft í flimtingum í umræðunni hér á landi. Í könnun ESB kemur fram að 88% þátttakenda telja að nýta eigi landbúnaðarkerfið til að ná þessum markmiðum.

Næstflest atkvæði fékk sú skoðun að tryggja bæri gæði, hreinleika og öryggi landbúnaðarafurða.

Í þriðja sæti þótti mikilvægt að tryggja búsetu í dreifbýli.

Í fjórða sæti að tryggja „sanngjarni verð“ til neytenda.

Í fimmta sæti þótti mikilvægt að stuðla að verndun umhverfisins og vinna gegn hlýnun jarðar.

Það sjötta mikilvægasta var á

meðal þátttakenda að tryggja bændum sanngjarna afkomu.

Í könnuninni kemur einnig fram ótti í sumum ríkjum við að landbúnaðarkerfi CAP sé ekki að gagnast viðkomandi ríkjum eins og æskilegt sé. Tékkar og Slóvakar lýsa m.a. miklum áhyggjum um að kerfið sé að ganga gegn þeirra bændum.

Andstaðan við landbúnaðarkerfið á Íslandi

Næsta öruggt má telja að ekki sé að finna meirihluta fyrir því að halda kerfinu á Íslandi óbreyttu. Hefur sú afstaða m.a. komið berlega fram í fjölmiðlum að undanförmu. Því hafa menn farið þá leið í samningaviðræðum að reyna að strauklínulaga kerfið með það að markmiði að auka skilvirkni þess. Hvernig til hefur tekist er svo auðvitað umdeilanlegt. Miðað við umræðuna í þjóðfélaginu og á Alþingi að undanförmu, virðist vilji til að ganga mun nærri kerfinu en þó er gert í nýgerðum búvörusamningum.

Enginn fær allt fyrir ekkert

Margir gagnrýna landbúnaðarkerf-

ið í heild sinni og finnst óeðlilegt að „styrkja“ þurfi bændur hér á landi til að framleiða matvöru sem nóg sé til af í öðrum löndum. Þetta sama fólk gerir gjarnan lítið úr umræðu um fæðuöryggi. Því þykir þó væntanlega sjálfsagt að íslenskir neytendur njóti niðurgreiðslna sem almennings í öðrum löndum greiðir með sínum landbúnaðarafurðum, án þess að Íslendingar kosti þar nokkru til. Samt vildi margt af þessu sama fólk ganga hiklaust inn í Evrópusambandið gegn himinháum aðildargreiðslum. Þær renna m.a. að drjúgum hluta til landbúnaðar ESB og til að styrkja illa laskað banka-kerfi Evrópusambandsins. Þarna er hrópanði ósamræmi í gagnrýninni á stuðningskerfi landbúnaðarins.

Óskhyggjan um styrkjalaust land

Vissulega væri það óskastaða að allir Íslendingar gætu lifað eins og blómi í eggi og notið um leið besta velferðarkerfis í heimi, án þess að beita þyrfti styrkjakerfum af nokkrum toga. Raunveruleikinn sem þjóðir heims lifa við er hins vegar allt annar. Virðast hörðustu gagnrýnendur landbúnaðarkerfisins í því samhengi annaðhvort vera að tala af mikilli vanþekkingu varðandi stöðuna í öðrum löndum og samkeppnisstöðu Íslands, eða beita vísvitandi blekkingum til að slá ryki í augu almennings. Spurningin um hvað eigi að styrkja og hvernig, hlýtur eigi að síður að vera fullgild á öllum tímum. Stuðningur við ýmsa þætti í rekstri þjóðfélags er nefnilega ekki lögmál, heldur mannanna verk. Þar verða Íslendingar þó að spila í takt við önnur ríki, bæði hvað varðar stuðning við eigið atvinnulíf og beitingu innflutningstolla.

Innleiðingar á nýjum reglugerðum um dýravelferð í Evrópu valda miklum kostnaði í landbúnaði:

Öflugur stuðningur er víða til að mæta kostnaðarauka bænda

— Styrkir nema í mörgum tilfellum frá 10 til 40% af kostnaði og jafnvel meiru

Svinabændur gagnrýndu á dögnum harðlega nýgerða búnaðarsamninga sem bændur greiða nú atkvæði um. Bentu þeir á að þeir séu ekki að njóta sanngirnis í vaxandi samkeppi við bændur í nágrannalöndunum, einkum hvað varðar kostnaðarauka vegna aðlögunar búanna að nýjum aðbúnaðarreglugerðum.

Þegar skoðuð er staðan á hinum Norðurlöndunum má sannarlega segja að íslenskir svinabændur hafi nokkuð til síns máls. Hafa verður í huga að hér er aðlögun að aðbúnaðarreglugerðum rétt að hefjast. Sú aðlögun hefur þegar staðið yfir í nokkur ár á hinum Norðurlöndunum.

Stuðningskerfi við lýði um allan heim

Stuðningur er við landbúnað í nær öllum ríkjum heims. Kerfin á bak

við það eru misflókin og misöflug og sum meira að segja falin inn í öðrum kerfum eins og greiðslum til hernaðar.

Í nálægum löndum er víða að finna styrki til bænda til að fjárfesta í húsum og innréttingum til að takast á við nýjar og auknar kröfur um aðbúnað. Slíkar kröfur eru af margvíslegum toga, eins og vegna aukins rýmis fyrir hvern grip, lausagöngu gylta á gottíma í sérstökum gotstíum, endurnýjun innréttinga, breyttar kröfur til gólfefna og svo framvegis.

Styrkir af þessu tagi hafa verið í boði til bænda í löndum ESB en þaðan kemur þorri innfluttra afurða m.a. á grundvelli tollfrjálsra kvóta. Eru þeir þá veittir af fjármagni sem fellur undir svonefnda Stoð II (Pillar II) í CAP landbúnaðarstefnu ESB, með mótframlagi frá viðkomandi landi sem getur numið um 20 til 30% ofan á stuðning ESB.

Ný reglugerð ESB, RDP – EC



Vegna nýrra aðbúnaðarreglugerða þarf að ráðast í viðamiklar endurbætur á svinabúum, alifuglabúum auk breytinga vegna aðbúnaðar dýra í öðrum búgreinum. Er það í takt við breytingar sem unnið hefur verið að í nágrannalöndunum á undanförmum árum. Munurinn er sá að erlendis eru þessar breytingar styrktar umtalsvert.

(1305/2013) fjallar um þróunarverkefni í dreifbýli, „Rural Development

Program“. Undir það fellur dýravelferð, en aðildarríkin hafa þar mátt

styðja við hin ýmsu verkefni. Það getur verið ansi víðtækt og lýtur



Finnskir bændur hafa notið talsverðs stuðnings til að mæta breytingum á búum sínum vegna hertra aðbúnaðarreglugerða. Þeir mótmæla aftur á móti harðlega 40% tekjuskerðingu vegna viðskiptaþvingana ESB gegn Rússlandi sem hefur verið þeirra mikilvægasti markaður fyrir utan innanlandssölu. Þá hafa þeir líka gagnrýnt verslunina sem nýtir sér stöðuna til að þvinga bændur til að lækka afurðaverð.

að því sem viðkomandi aðildar-ríki telur nauðsynleg að gera til að styðja við byggð, atvinnu- og frekari atvinnuuppbyggingu í dreifðari byggðum sambandsins.

Undir því sem kallaðar eru dýra-velferðargreiðslur, „animal welfare payments“, geta bændur gengið lengra en grunnreglugerðin segir til um. Þar geta menn fengið allt að 500 evrur á hvern haus eða á dýraeiningu (LSU - Livestock unit) á ári í allt að sjö ár.

Styrkir einkum til svína-, mjólkur- og eggjábænda

Á Norðurlöndunum eru styrkir til endurbóta á byggingum til að mæta breyttum aðbúnaðarkröfum. Í dag beinast þessar greiðslur einkum að svínakjötsframleiðendum og mjólkurframleiðendum samkvæmt úttekt RML. Á sama hátt voru víða styrkir í boði t.d. þegar framleiðendur breyttu fyrirkomulagi í eggjaframleiðslu úr búrum í lausagöngu.

Styrkir allt að 40% til svínabúa í Danmörku

Sem dæmi um stuðning við svínarækt í Danmörku vegna hertra aðlögunar-reglugerða má nefna nýbyggingar. Bæði eru veittir styrkir til fjárfestinga í uppeldishúsum og gyltueldi.

Styrkir til nýbygginga sem ótengd eru eldri húsum nema sem svarar 20% af kostnaði við hvert pláss. Í viðbyggingum nemur styrkurinn einnig 20% af kostnaði.

Við allsherjar endurnýjun á inn-réttingum og gólfefnum nemur styrkurinn allt að 40% á hvert pláss.

Í gyltueldi eru veittir styrkir til að koma mjólkandi gyltum í lausagöngu á gottíma. Stefnan er að því að 10% af gyltum verði í lausagöngu árið 2020. Til þessa verkefnis er forgangsraðað 20 til 25 milljónum danskra króna á ári, eða sem svarar 471 milljón íslenskra króna. Gert er ráð fyrir styrkjum annars vegar til nýbygginga eða viðbygginga við núverandi rekstrareiningar. Viðmiðunarkostnaður er 39.400 krónur á stíu og hámarksstuðningur 40% (15.760 kr/stíu). Er þá líka reiknað með að ekki verði greitt meira en 7.000 kr/stíu. Hins vegar eru styrkir til endurnýjunar á eldri húsum þar sem viðmiðunarkostnaður er 14.500 krónur. Þar er hámarksstyrkur 40% eða 5.800 kr. stíu.

Þak á stærð verkefna

Einnig eru hámark á heildarkostnað verkefna sem styrkt eru í Danmörku, eða sem nemur um 80 milljónum íslenskra króna. Lágmarksstærð verkefna sem eru styrkhæf eru sem nemur 6 milljónum íslenskra króna.

Finnskr stíla mest á fastar greiðslur

Þótt finnskir bændur bølvi stuðningskerfi CAP hressilega þessa dagana, þá má í því finna ákveðna þætti sem eru að skila mun hærri stuðningi til bænda en þekkist á Íslandi. Það varðar þó einkum stuðning við endurnýjun á búunum til viðbótar innanlandsstuðningi.

Frændur vorir hafa tiltölulega einfaldar reglur í þessum efnum. Þeir greiða fastar upphæðir í styrki út á fyrirfram ákveðnar kröfur. Vilji viðkomandi bóndi ganga lengra en fasti stuðningurinn segir til um, þá greiðir bóndinn fyrir það úr eigin vasa.

Um 2–10% styrkir eru greiddir á fermetra við endurbætur á básum í fjósum og stíum í svínabúum og hesthúsum. Síðan eru einkisstyrkir vegna endurnýjunar og nýbygginga upp á fastar upphæðir á fermetra. Er þá miðað við fyrirframgefnar kröfur um stíu- og básastærð.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins mun þó vera til í dæminu að bændur séu að fá allt að 10 þúsund evra styrki á hverja mjólkurku vegna nýbygginga. Það er vissulega ótrúlega há tala, eða eins og hálft bílverð á meðalstórum bíl. Þetta hafa íslenskir ráðunautar þó fengið staðfest af kollegum sínum í Finnlandi.

Öflugt stuðningskerfi í Noregi

Í Noregi er viðtækt og flókið stuðningskerfi við landbúnað. Þar er misjafnt eftir landshlutum hvernig styrkjum er beitt og er það þá um leið hluti af byggðastefnu. Þá geta hins ýmsu fylki Noregs líka beitt sértækum stuðningi við landbúnað á sínu svæði til viðbótar við almennu regluna. Er beitt margháttuðum styrkjum við ýmsar búgreinar til að viðhalda byggð í dreifbýlustu héruðunum.

Offramleiðsla er á kjúklingakjöti og eggjum í Noregi um þessar mundir og því hefur verið dregið úr stuðningi til uppbyggingar í þeim greinum. Mestu styrkirmir eru aftur á móti til mjólkurframleiðenda og nautakjötsframleiðslu. Svipað gildir einnig varðandi kinda- og geitakjöt.

Varðandi mjólkurframleiðsluna er líka í gildi verðjöfnunarþáttur. Stuðningur til framleiðslu á kúa- og geitamjólk, er breytilegur.

Sér styrkur er einnig veittur ef menn vilja nýta húsdýraskít til gasframleiðslu. Þá er líkt og í sauðfjárræktinni á Íslandi stuðningur í gegnum gæðastýringu.

Stuðningur til eflingar landbúnaði og nýliðunar í Noregi 2016 í gegnum „Landbrukets utviklingsfond (LUF)“, nemur rúmum 1.440 milljónum norskra króna. Það samsvarar um 21,5 milljörðum íslenskra króna.

Þar er stærstum styrkjum veitt til skógarnýtingar og til umhverfisvænnar landnýtingar og umhverfisvæns landbúnaðar af ýmsum toga.

Styrkir eru veittir vegna dýravelferðar, m.a. ef fella þarf dýr vegna sjúkdóma eða af öðrum velferðarástæðum svo eitthvað sé nefnt.

Hærra verð vegna afurða velferðarbúa í Þýskalandi

Í Þýskalandi hefur orðið nokkuð athyglisverð þróun varðandi kjúklingabændur samkvæmt þýska landbúnaðarráðuneytinu. Þar hafa stórmarkaðir tekið höndum saman

við þá kjúklingabændur sem gera „velferðarsamning“. Er þeim greitt álag sem nemur 2 til allt að 3,6 evrusentum á hvert kílógramm fyrir sínar afurðir. Er það þá sett sem skilyrði að bændur sérmerki kjúklinginn frá býlum sem bætt hafa aðbúnað.



HONDA
The Power of Dreams

ÖFLUGUR VINNUFÉLAGI

TRX 500FA

- Honda 5-speed DCT sjálfskipting og ESP rafmagnsskipting
- Rafstýrt aflstýri „Powersteering“
- Sjálfstæð afturfjöðrun með 216mm stillanlegri dempun
- AP Suretrac™ mismunadrif sem tryggir léttari eiginleika og minni snúningsradius
- TraxLok® 2/4WD drif.

KR. 1.766.000 án vsk
kr. 2.190.000 með vsk

Erum með fullkomið þjónustuverkstæði fyrir öll Honda fjórhjól

BERNHARD
Vatnagördum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

SPARAÐU MEÐ VARMADÆLU

Allt að 80% sparnaður á hitunarkostnaði



BOSCH
COP 5,1 A++

Verðlaun fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í vatn**



LG
Life's Good
COP 5,6 A++

Verðlaun fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í loft*

- LG og Bosch eru leiðandi framleiðendur á varmadælum með áratuga reynslu.
- Búnaður framleiddur og prófaður fyrir norðlægar slóðir.
- Hátt sparnaðarhlutfall, allt að 80% sparnaður.
- LG loft í loft, Bosch loft í vatn og jarðvarmadælu.
- Mjög hljóðlátar.

LOFTTÆKNI
STOFNAÐ 1994
S: 546 9500 • www.lofttaekni.is

Sölu uppsetninga og þjónustuaðilar

Kópavogur - Hólmavíkur: Rafhöld ehf. Ölver Ragnarsson rafvirki • S:893 3543	Akureyri: Ljósgejafinn ehf. • S:460 7799
Stykkishólmur: Raflagnapjónusta Hilmar • S:894 1988	Vopnafjörður: Rafþjónn ehf. • S:824 4081 / 848 9770
Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi • S:456 1245	Eskifjörður: Rafkul ehf. • S:822 8567
Pingeyri: Viktor Pálsson pípuلاغningam. • S:456 2378	Djúpivogur: Rafstöð Djúpavogs ehf. • S:478 2325
Ísafjörður: AV pípuलग्नir ehf. • S:892 4844	Höfn: Rafhorn • S:478 1859
Hvammstangi: Tengill ehf. • S:451 2818	Vík: Rafsuð ehf. • S:894 3979
Blönduós: Tengill ehf. • S:452 4720	Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf. • S:487 8022
Sauðárkrúkur: Tengill ehf. • S:455 9200	Vestmannaeyjar: Geisli Raftækjavinnustofa • S:481 3333



LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Munið!

Árshátíð LK, 2. Apríl

Guðríður Baldvinsdóttir, sauðfjárbóndi í Lóni í Kelduhverfi, skógfræðingur og meistaranemi við LbhÍ:

Kannar sauðfjárbæit í ræktuðum ungsjógi og áhrif mismunandi beitarþunga á rússalerki

— Vitum að kindur elska birki, en hversu mikil er ást þeirra á þeim trjátegundum sem við notum mest í skógrækt?

„Mig hefur alltaf dreynt um að farið yrði í að samræma þessar tvær aðferðir, sauðfjárbúskap og skógrækt. Ég hef lengi beðið eftir því að einhver nemi myndi takast á við þetta verkefni, að rannsaka sauðfjárbæit í skógi en gafst að lokum upp á að biða og ákvað að sennilega yrði ég bara að gera þetta sjálf,“ segir Guðríður Baldvinsdóttir, sauðfjárbóndi í Lóni í Kelduhverfi, skógfræðingur og meistaranemi við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Hún hóf nám sitt haustið 2014 og hefur kynnt fyrstu niðurstöður úr rannsókn sinni um sauðfjárbæit í ræktuðum ungsjógi og áhrif mismunandi beitarþunga á 9 til 14 ára rússalerki. Guðríður hefur að auki rekið fyrirtæki sitt, Sælusápur, undanfarin ár og með vaxandi þunga.

Guðríður er skógfræðingur frá Norska landbúnaðarháskólanum og starfaði eftir nám fyrst hjá Landgræðslunni og síðar sem svæðisstjóri hjá Norðurlandsskógum auk þess að vera sauðfjárbóndi í Lóni. Hún segir að eftir að landshlutabundnu skógræktarverkefnið hófst hér á landi upp úr síðustu aldamótum fari mest af nýskógrækt fram í löndum bænda. „Það vantar einfaldlega skipulagðar rannsóknir á áhrifum sauðfjárbæitar á ræktaða skóga,“ segir hún.

Áhugaverðast að skoða rússalerkið

Markmið með rannsókn Guðríðar er að skoða áhrif mismunandi beitarþunga sauðfjár á ólíka hæðarflokka ungs rússalerkis, en það er sú tegund sem langmest hefur verið notuð í nytjaskógrækt, einkum á Noður- og Austurlandi. Hún segir því að það hafi verið sú trjátegund sem áhugaverðast hafi verið að skoða. Áhrif á lifun trjáanna og vaxtarlag er skoðuð en einnig áhrif á framleiðni skógarins og magn og samsetningu botngróðurs.

Að beita í annarra manna skógi!

Guðríður hefur í samvinnu við Norðurlandsskóga afnotasamning af skógræktarsvæði í eigu stærsta sauðfjárbóndans í Kelduhverfi, í nágrenni við sig, eða á bænum Garði. Heildarstærð skógræktarsvæðisins þar er um 150 ha, mjög einsleitt mólendi. Afgirt tilraunasvæði innan skógræktarsvæðisins eru tæpir 24 ha.

„Ég er mjög þakklát fyrir að fá afnot af hluta þessa skógar, því það er ekki sjálfgefið að fá að setja upp tilraun sem nánast hefur það að markmiði að reyna að skemma skóginn. Það var skotið á mig á þorablóti í vetur fyrir þá snilld mína að beita í annarra manna skóg, þegar ég ætti einn slíkan sjálf. Mér til varnar má segja að minn skógur er bæði of lítill og ekki nógu einsleitur til að gagnast í alvöru tilraun,“ segir Guðríður.

Uppsetning tilraunarinnar er með þeim hætti að girt eru af þrjú hólfrætt á aldur gróðursetninga og í þeim er svo þung beiti, meðalþung og létt.

„Ég nota mínar eigin kindur, allt ungar ær sem allar eru komnar út frá sömu ættmóður. Utan hólfranna er ég svo með óbeitt viðmið, bætti einu skóglausu gróðurviðmiði í heiðinni sunnan og vestan skógar, sem er í afreittarlandi Keldhverfinga og í hefðbundinni sumarbei.“

Þrjár bitnar greinar, kindurnar snertu ekki lerkíð

Beitartilraunin mun standa í tvö sumur, 2015 og 2016, beitatímabil-ið er 75 dagar, en í fyrrasumar var



Guðríður Baldvinsdóttir í Lóni í Kelduhverfi vinnur að rannsókn á sauðfjárbæit í ræktuðum ungsjógi og áhrifum mismunandi beitarþunga á 9–14 ára rússalerki. Myndir / Guðríður Baldvinsdóttir.



Hér sést hversu mikill munur var á rússalerkinu og birkinu í lok beitar í þungbeitta hólfinu.




Fjárvagn í ræktuðum skógi, ekki algeng sjón.

beitt á tímabilinu frá 27. júní til 11. september.

„Það ræðst svo í vor hvenær tilraunin hefst, eftir því hvernig vorar

hér um slóðir en í fyrra var vorið seint á ferðinni. Ég miða þó við að



Féð á leið í tilraunina, 10 veturgamlar ær með lömb.

sleppa í tilraunina á svipuðum tíma og öðru fé verður sleppt í afreitt,“ segir Guðríður.

Hún skoðaði beitarummerki fjórum sinnum yfir tilraunatímann í fyrra, í upphafi, síðan eftir 25 daga, 50 daga og 75 daga beiti. Á sjötta hundrað lerkistofna voru skoðaðir í hvert sinn í beittu hólfunum. „Í lok tilraunarinnar hafði ég fundið þrjár, já þrjár bitnar greinar og tvo stofna sem voru með bitförum. Kindurnar einfaldlega snertu ekki lerkíð. Mér rann eiginlega kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þessi áhrif eða ekki áhrif komu í ljós. Það er nefnilega martröð hvers vísindamanns sem eytt hefur óteljandi klukkustundum í undirbúning, uppsetningu og úttektir á tilraun að fá svo engar niðurstöður. Ég fór að velta fyrir mér hvort ég hefði haft beitarþungann of lítinn og fór að líta í kringum mig og sá þá hvernig gróðursetta birkið leit út. Það var nánast strípað af laufum og með brotnar greinar og langverst farið í þungbeitta hólfinu. Gögn úr gróðurmælingu sýndu líka mun eftir beitarþyngd og mér var töluvert létt að sjá það,“ segir hún.



Garður – stórireitur. Séð yfir tilraunasvæðið í Garði í Kelduhverfi að hausti.



Sögulegar sættir. Verður hægt að beita fé í ræktaða skóga í framtíðinni?

Mynd / Svavar Halldórsson

Ekki hægt að gleypa allan heiminn

Guðríður segir að frumniðurstöður gefi til kynna að sauðfé sækist alls ekki eftir að bíta rússalerki, að minnsta kosti ekki á meðan annað er í boði og byggir þá niðurstöðu á tilraunum síðastliðins sumars.

„Ég ætla að endurtaka tilraunina næsta sumar og það verður spennandi að sjá hvort það sama verður upp á teningnum, en ég á frekar von á að svo verði. Gangi það eftir verður mjög spennandi að framlengja tilraunina lengra fram á haustið og sjá hvort haustbeit lúti öðrum lögmálum en sumarbeit. Það er hvort kindurnar sækir í trén þegar gróður fer að sólna. Það væri líka áhugavert að skoða vorbeitina og einnig að kanna með fleiri trjategundir. En það er víst ekki hægt að gleypa allan heiminn með einu nemaverkefni,“ segir hún.

Nauðsynlegt að skoða mismunandi trjategundir

Guðríður segir að ekki eigi að gera rannsóknir rannsóknanna vegna, nauðsynlegt sé að geta nýtt niðurstöður þeirra í hagnýtum tilgangi. Hún sendi út spurningakönnun til sauðfjárbænda sem jafnframt eru skógarbændur og spurði um afstöðu þeirra og skoðanir á beitarnýtingu skógar. Svörin eru að tínast inn þessa dagana, „en ég vil endilega hvetja þá sem ekki hafa svarað að gera það sem fyrst,“ segir hún og er jafnframt að leita upplýsinga um hvenær þeir hafa áhuga fyrir að nýta sína skóga og þá með hvaða fé.

„Niðurstöðurnar geta gefið til kynna hvar rannsóknarþörfin er mest í upphafi. Ef flestir vilja beita skóginum að vori og fram að upprekstri á afrétt væri vont ef einungis yrðu gerðar rannsóknir á haustbeit.“

Guðríður segir að nauðsynlegt sé að skoða mismunandi trjategundir, kindur séu sólgnar í birki, um það hafi menn lengi haft vitneskju, „en hversu mikil ást þeirra er á þeim trjategundum sem við höfum mest notað í skógrækt er alls ekki eins vel þekkt,“ segir hún.

Fáum dettur í hug að beita kálakurinn

Það sama gildi um beit í skógi og aðra beit, henni þarf að stjórna.

„Fáum sauðfjárbændum dettur í hug að beita kálakurinn um leið og fyrstu blöðin fara að gægjast upp úr honum, þó féð hafi aðgang jafnvel bæði að nýræktartúni og úthaga. Það kál verður ekki vöxtulegt að hausti. Öll beit á sinn stað og sinn tíma. Skógarbotn er að öllu jöfnu mun uppskerumeiri en annar úthagi og nýting á ræktaðum skógi til beitar gæti orðið til þess að hægt sé að hlífa öðrum stærri landsvæðum við beit,“ segir Guðríður.

Höfðinglegur styrkur réð úrslitum

Hún kveðst mjög heppin með leiðbeinendum við verkefnið, þau Bjarna Diðrik Sigurðsson, prófessor og brautarstjóra við skógfræði- og landgræðslubraut Lbhi, og Sigprúði Jónsdóttur beitarfræðing, sem er héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Suðurlandi.

„Verkefni af þessu tagi er mjög kostnaðarsamt, m.a. vegna girðinga sem þarf að setja upp. Ef ég væri

að skoða hrossa- eða kúabeit þyrfti ég bara einn rafstreng og færanlega staura, en það þýðir ekki að bjóða

kindum upp á svoleiðis. Ég fékk mjög höfðinglegan styrk frá Fagráði í sauðfjárrækt í gegnum þróunarfé

sem gerði mér kleift að ráðast í þessa tilraun, ella hefði hún aldrei verið framkvæmd,“ segir Guðríður. /MPÞ



KUBOTA M8560

KUBOTA M serían. Einfaldar vélar sem bila einfaldlega minna.

Það er ekkert launungarmál að flóknar vélar eru líklegri til þess að bila. En einfaldleiki þarf ekki alltaf að vera á kostnað þæginda.

KUBOTA M serían er ágætis sönnun þess. Í M seríunni eru einfaldar dráttarvélar sem hafa samt öll þau þægindi sem við teljum nauðsynleg eins og kúplingsfrían vendigir, vökvaútskjótanlegan dráttarkrók og miðstöð með loftkælingu.

KUBOTA M8560

- 85 hestafla KUBOTA mótur með forþjöppu og millikæli
- 6 gíra kassi með Hi/Lo kúplingsfríum milligír
- Hátt og lágt dríf og skriðgír. 36 gírar afturábak og áfram.
- Kúplingsfrír vendigir.
- Rúmgott ökumannshús með góðu útsýni í tækjavinnu.
- Miðstöð með loftkælingu. Loftpúðasæti.
- 2 tvöföld vökvaúrtök.
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
- Ótrúlega lipur og nett vél.

- KUBOTA ámoksturstæki með 3. sviði, dempara, euro festingum og skóflu.

Verð með tækjum aðeins

Kr. 7.360.000

án VSK

KUBOTA M108s - vinsælasta KUBOTA vélin á Íslandi

- 108 hestafla KUBOTA mótur með forþjöppu og millikæli
- 4 gíra kassi með Hi/Lo kúplingsfríum milligír
- Hátt og lágt dríf. 32 gírar afturábak og áfram
- Kúplingsfrír vendigir.
- Rúmgott ökumannshús með góðu útsýni í tækjavinnu.
- Miðstöð með loftkælingu. Loftpúðasæti.
- 3 tvöföld vökvaúrtök.
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
- Lipur og flott alhliða vél.

- Stoll eða Trima ámoksturstæki með 3. sviði, dempara, euro festingum og skóflu

Verð með tækjum aðeins

Kr. 8.080.000

án VSK



Þ Ó R F

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Utan úr heimi



Yfirlitsmynd af nýja ruslakerfinu í miðbæ Björgvinjar þar sem ruslið sogast með loftstraumi í þar til gerðum rörum neðanjarðar og yfir í gáma í flokkunarstöð.

Byltingarkennd sorphirða í Björgvin í Noregi:

Sorp flutt neðanjarðar með sogrörum í flokkunarstöð

Í lok síðasta árs var svokallað ruslanet tekið í notkun í nokkrum götum í miðbæ Björgvinjar í Noregi sem er einstakt á heimsvísu.

Það samanstendur af fjórum flokkunarstömpum sem staðsettir eru miðsvæðis í hverri götu. Ruslið sem í þá kemur sogast síðan í flokkunarstöð með hjálp loftstraums í rörum sem komið er fyrir neðanjarðar. Með þessu fyrirkomulagi heyra nú ruslataunnur við hvert hús sögunni til ásamt ruslabílum.

Engar ruslatunnur, engir sorpbílar

„Með því að ná ruslinu neðanjarðar inn á okkar sorpstöðvar munum við hætta að sjá yfirfulltar sorptunnur úti á götum og hin hvítleiða ruslalykt mun ekki lengur anga fólk á þessum svæðum.“

Nýtt fyrirkomulag gefur tækifæri til að flytja allt rusl neðanjarðar í rörum með hjálp af loftstraumi í sérstaka gáma í sorpstöðvum. Gámarnir eru síðan sóttir reglulega af flutningabílum sem koma þeim yfir í efni- og eða orkuendurvinnslustöðvar,“ útskýrir Tina Skudal, upplýsinga- fulltrúi sorphirðufyrirtækisins BIR, sem sér um verkefnið.

Umhverfisvæn lausn til framtíðar

Fyrsta svæðið í verkefninu var tekið í notkun í lok síðasta árs og hefur gefið góða raun. Ávinningar af nýja kerfinu eru margir, svo sem færri meindýr, minni útblástur frá stórum ruslabílum, minni brunahætta og hreinni svæði.

„Við urðum að hugsa kerfið upp á nýtt í miðbænum í Björgvin þar sem margar götur eru gamlar og þröngar og erfiðar yfirferðar fyrir sorpbíla. Nú teljum við okkur vera komin með umhverfisvæna lausn til framtíðar sem getur einnig nýst á fleiri svæðum. Þetta er margra ára ferli en við höfum grafið rör í jörðu í fleiri,



fleiri ár,“ segir Tina og bendir á að sambærileg kerfi, en þó ekki að öllu leyti eins, hafa verið þróuð í borgum eins og Kaupmannahöfn, Gautaborg, Barcelona og Almere í Hollandi.

Um þrjú þúsund viðskiptavinir hafa nú tengst inn á nýja sorphirðukerfið sem fer ört stækkandi og er BIR nú að vinna að því að tengja fleiri hverfi í Björgvin inn á kerfið. Viðskiptavinir fá þar til gerða lykla sem þeir nota í hvert sinn sem þeir kasta rusli í ruslastampana.

„Nýja ruslakerfið hefur hjálpað íbúum Björgvinjar við að flokka ruslið sitt og höfum við fengið mjög



Hér má sá umhverfisbyggingu sem tengist verkefninu og er þakin með þúsundum grænna lifandi plantna til að bæta loftgæði í miðbænum.

Svona líta ruslastamparnir út við göturnar, þar sem viðskiptavinir nota sérstaka lykla í hvert sinn sem þeir henda rusli.

Á innfelli myndinni hér fyrir ofan er skreyting götulistamannsins JOY sem er á nokkrum nýju ruslastampanna.

góða endurgjöf. Grínast hefur verið með það að nú sé opið allan sólarhringinn fyrir íbúa að henda ruslinu sínu. Engar aðrar borgarstjórnir í heiminum hafa tekið ákvörðun um að leggja slíkt kerfi um alla borg hjá sér og þannig lagað er ruslakerfið í Björgvin einstakt á heimsvísu.“ /ehg

Orkubúskapur er framtíðar búskapur


OSSBERGER™ cross-flow turbine
(15-3500kW)

- Þýsk gæða framleiðsla
- Yfir 100 ára reynsla
- Meira en 10000 vatnsvirkjanir í yfir 100 löndum
- Ef þú hefur aðgang að vatnsfalli með 0,04 -13 m³/s rennsli með 2,5-200 metra fallhæð, þá getur þú framleitt rafafli, 15-3300 kW.

Ráðgjöf, tilboð og nánari upplýsingar hjá einkaumboðsaðila:

Björn Gunnarsson Sími 896-0600
bgunn@centrum.is
www.stalflex.is

STALFLEX OSSBERGER



The Original
OSSBERGER™ cross-flow turbine (15-3500kW)



Sérfræðingar í gleri og speglum

Íspan
GLER OG SPEGLAR

54 54 300 - www.ispan.is
Gler er ekki bara gler

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm



HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm



HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm



HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm



HUSQVARNA DM 230
Bordýpt 15 sm



HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Betra Púst
SÍMI: 555 7070
PÚSTVIÐGERÐIR
RYÐVARNARÞJÓNUSTA
SÉRSMÍÐI FYRIR ALLA BÍLA

VIÐ NOTUM FLUID FILM



Skógarhlíð 10 - 105 Reykjavík
betrapust@gmail.com - www.betrapust.is

Helstu sölustaðir á Fluid Film:

Frábær á leður - Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stöppar tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun

HÁGÆÐA SMUREFNI




www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi
fluidfilm@fluidfilm.is · www.fluidfilm.is

AB varahlutir - Funahöfða 9, Reykjavík,
Barki - Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Betra Púst - Skógarhlíð 10, Reykjavík
Brynja - Laugavegi 29, Reykjavík
Bymos - Háholt 14, Mosfellsbær
Ellingsen - Fiskislóð 1, Reykjavík
ET - Klettagarðar 11, Reykjavík
Fálkinn hf - Dalvegi 10-14, Kópavogi
Gluggar og Garðhús - Smiðsbraut 10, Garðabæ
JHM Sport - Stórhöfða 35, Reykjavík
J.S Ljósasmiðjan - Skemmuvegi 34, Kópavogi
Lásabjónustan - Grensásvegur 16, Reykjavík
Láshúsið - Bildshöfða 16, Reykjavík
Poulsen - Skeifunni 2, Reykjavík
Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar
Smurstöðin - Fosshálsi 1, Reykjavík
Stálstjörmur - Fjarðargata 1, Seyðisfirði
Verkferasalan - Síðumúla 11, Reykjavík
Vesturröst - Laugavegi 178, Reykjavík
Vökvatengi - Fitjabraut 2, Reykjanesbæ

Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

Vogue
fyrir heimilið

bíður uppá alhliðalausn fyrir
hótelherbergið eða gistiheimilið.



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Matarmarkaður **Búrsins** haldinn í tíunda skiptið

Matarmarkaður Búrsins var haldinn laugardaginn 5. mars og sunnudaginn 6. mars í Hörpu. Þetta var í tíunda skiptið sem þessi matarmarkaðshátíð er haldin á Íslandi. Samhliða í Norðuljósasal Hörpu fór fram lokakeppnin á Food and fun-kokkakeppninni.

Hátt í 50 aðilar kynntu vörur sínar á matarmarkaðnum; bændur, sjómenn og smáframleiðendur. Gísli Matthías Auðunsson, vert og matreiðslumeistari á Mat og drykk, var með „pop-up bar“ og nasl á svæðinu. Aðgangur var ókeypis og opið frá 11–17 báða daga.

Saltað hrossakjöt, heitreyktur makrill og lifrarkæfa

Meðal þátttakenda í ár voru bæði góðkunningjar markaðarins og einnig nokkrir nýir þátttakendur.

Bændurnir á Ytra-Hólmi komu með ýmislegt úr eigin framleiðslu eins og grafið ærkjöt, tvíreykt hangikjöt, ærhakk, bjúgu, saltað hrossakjöt, marinerað hrossafille og marineraða lambaframparta.

Bændurnir á Bjarteyjarsandi komu með góðgæti af Hvalfjarðarströndinni, bæði unnið fisk- og kjötmeti – og sultur. Barnamaturinn frá þeim Rakel Garðarsdóttur og Hrefnu Sætran var kynntur, en hann er framleiddur undir vörumerkinu Vakandi.

Sveitakrásir úr Borgarfirðinum

Vestlendingar voru áberandi á þessum markaði. Erpsstaðir í Dölum eiga sinn sess á markaðnum með sínar eftirsóttu mjólkurvörur; ísinn, konfekt og aðrar krásir. Kokkhúsið var með



Eirný Sigurðardóttir, eigandi ostabúðarinnar Búrsins, er stofnandi Matarmarkaðar Búrsins. Hún útskýrir hér með tilþrifum fyrir gesti markaðarins með hvaða ostum þessi sulta gæti passað. Myndir / smh

ýmsar útgáfur af Hólableikju. Konur frá sveitamarkaðinum Ljómaland, sem nú er staðsettur í Borgarnesi, voru mættar í Hörpu með nautakjöt, grafið ærfille og fleira gott

úr Borgarfirðinum og Vesturlandi. Bjórframleiðandinn Steðji, sem einnig er úr Borgarfirðinum, kynnti óáfenga bjórinn sinn, Radler. Heitreyktur makrill, frá Ómari á

Hornafirði, er fastagestur á þessum markaði enda um verðlaunavöru að ræða. Hann var einnig með reyktan regnbogasilung. Félag kjötiðnaðarmanna bauð upp

á lifrarkæfsmakk á sunnudeginum. Tuddinn var á sínum stað fyrir utan Hörpu og bauð upp á hamborgara sem gerðir eru úr kjöti af holdanautgripum frá Hálsi í Kjós. /smh



Móðir Jörð frá Vallanesi á Fljótssdalshéraði er fastagestur á markaðnum.



Saltverk er ekki bara með hveraþurrkað salt.



Vestlenskir bændur frá Ljómaland sveitamarkað vöktu athygli gesta.



Gísli Matthías Auðunsson, matreiðslumeistari og vert á Mat og drykk, var mættur með frumlegt nasl.



Bændurnir á Ytra-Hólmi komu með ýmislegt góðgæti úr eigin framleiðslu.



Úrvals kaffidrykkir frá Te og kaffi.



Súrdeigsbrauð frá Sandholt bakari.

Rangæingar undirbúa Landsmót á Hellu 2020:

„Hér er háborg íslenskrar hrossaræktar“ segir sveitarstjóri

Ákveðið hefur verið að Landsmót hestamanna 2020 verði haldið á Hellu og heimamenn fagna þeirri ákvörðun.

„Það leggst geysilega vel í okkur að halda Landsmót hestamanna á Hellu á því tímamótaári 2020. Hérna er reyndar mikil reynsla af stórmótahaldi af þessu tagi en þetta verður í sjötta sinn sem Landsmót er haldið á Hellu fyrir utan öll hin stóru mótin sem haldin hafa verið, svokölluð fjórðungsmót hér áður fyrr, Íslandsmót og Suðurlandsmót,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárbæis ytra.

Landsmót hestamanna verður haldið eftir fjögur ár. Ágúst segir mikla samstöðu á svæðinu og metnað til að halda glæsilegt mót.

„Öll sunnlensku hestamannafélögin standa þétt að baki mótnu og sveitarfélögin hér einnig en það er félagið Rangárbakkur sem er hinn formlegi mótshaldari. Ætlunin er að standa að mótnu á okkar eigin forsendum og byggja undirbúning og rekstur mótsins á heimafólki. Við munum nota þennan tíma fram að mótnu vel, halda áfram að hlúa að svæðinu, sinna ræktunarstarfi og umhverfismálum og hinu nýja

hesthúshverfi sem er að rísa innan svæðisins á Rangárbökkum en að mörgu leyti er svæðið í sjálfu sér tilbúið þ.e. vellir og annað,“ segir Ágúst.

– En hversu mikilvægt er fyrir samfélagið á Suðurlandi og ekki síst í Rangárbæi að fá mót sem þetta?

„Það er okkur auðvitað metnaðarmál því hér á Suðurlandi eru öflugustu búgarðarnir og kraftmesta hestafólkið. Það er alveg óhætt að sleppa allri sunnlenskri hógværd í þessum efnum, hér er háborg íslenskrar hrossaræktar,“ segir sveitarstjóri Rangárbæis ytra. /MHH

TENGITAUGAR

Fallvarnarbúnaður

Fjölbreytt og gott úrval til á lager

► Námskeið um fallvarnir fyrir viðskiptavinum

► Skoðanir og eftirlit á fallvarnarbúnaði



FALLBLAKKIR



BELTI

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

praxis
... Þegar þú vilt þægindi

Kokkajakkar og buxur

Þola 95°C þvott, halda alveg lit og þarf ekki að strauja!

Svartir verða svartir út árið og næsta ár líka!

Fást í dökkbláu og svörtu.

Praxis.is
Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Ópið virka daga frá kl. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

radarcan®

Hátíðnifælur í hæsta gæðaflokki.
Gegn flugum, músum, rottum, köttum og hundum.

Sölustaðir:

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544



Savage Arms

Ný sending

ACCUTRIGGER
ACCUSTOCK



Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR þungt hlaup og sjónauki 3-9x40
kr. 79,900

10FCP-SR Cal: 308 24"
þungt hlaup. Fluted snittað TACTICAL RAIL
kr. 159,000

MarkII FVXP
með 3-9x40 sjónauka cal: 22 LR
kr. 67,900

Axis XP11 cal: 223 og 243
með sjónauka 3-9x40
kr. 91,900

Axis XP11
Cal: 223 og 243 þungt hlaup og sjónauki 3-9x40
kr. 79,900

Vesturröð

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturroest.is

JÁKÓ

- efni sem virka

Við eigum 30 ára afmæli



ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA

30% afsláttur

af öllum vörum í mars*

*tilboðið á ekki við um varahluti

Gerðu góð kaup á hreinsiefnum og háprýstidælum!

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.

Auðbrekku 23 - Kópavogi - s. 564 1819 - www.jako.is



Ásgeir Pétursson með dótturinni Porbjörgu Gígyu í minkahúsi í Dalsbúinu í Helgadal.

Myndir / HKr

Skipstjórinn frá Siglufirði sem gerðist minkabóndi í Mosfellssveit:

Hefur byggt upp öflugt bú og hyggst þrauka af djúpa lægð á markaðnum

Ásgeir Pétursson rekur ásamt fjölskyldu sinni loðýrabúið Dalsbú í Helgadal sem er inndalur úr Mosfellsdal. Hann er í hópi frumkvöðla í þessari grein og hefur haldið sjó þrátt fyrir margvísleg áföll sem greinin hefur mætt í gegnum tíðina.

Undanfarin tvö ár hefur verið verðfall á skinnamarkaði um allan heim. Það hefur þýtt að nú er verið að framleiða skinn langt undir kostnaðarverði. Búið er við að margir hrökklist út úr þessari grein, einkum þeir sem eru með dýrasta fódrið og þeir sem hafa verið að fá lægsta verðið fyrir sín skinn. Sem dæmi hafa margir kúnverskir bændur orðið að hætta rekstri, enda að fá lélegt verð fyrir sína framleiðslu og þurfa auk þess að sækja fódrið um langan veg. Segist Ásgeir hafa frétt af Kínverjum að leita eftir kaupum á hráefni í föður hjá hollenskum alifuglasláturhúsum. Þá hafa fjármálamenn sem ætluðu sér að ná í skjótfenginn gróða á uppgangsárum loðýraræktarinnar verið að halda að sér höndum.

Efnahagslægð og offramleiðsla á skinum orsök niðursveiflu á skinnamarkaði

Ástæða verðfallsins er niðursveifla í efnahag um allan heim, ekki síst í Rússlandi og í Kína þar sem mest hefur verið keypt af loðskinnum það sem af er þessari öld. Rússneskir kaupendur sjást t.d. varla lengur á skinnauppboðum hjá Finnish Fur Sales og Kobenhagen Fur í Danmörku þar sem íslensku bændurnir selja alla sína framleiðslu.

Í þessum ólgusjó standa íslenskir minkabændur einna best að vígi ásamt dönskum bændum, sem hafa verið með verðmætustu skinnin á markaðnum. Ásgeir er því bjartsýnn



Andrus Veski kom frá Eistlandi árið 2000 og bað um vinnu í minkabúinu í eitt ár, en er búin að starfa þar allar götur síðan.

á að ef íslenskum bændum tekst að standa af sér fjárhagslegan samdrátt meðan á þessu stendur og fá skilning til þess hjá fjármálstofnunum, þá styttesti óðum í að framleiðslan hér fari að skila ásættanlegum hagnaði á nýjan leik. Þess má geta að Dalsbúið var á lista Creditinfo; „Framúrskarandi fyrirtæki 2015“.

Siglufirðingur að uppruna

Það er ekki galin samlíking að segja að Ásgeir hafi haldið sjó í þeim áföllum sem riðið hafa yfir í loðýraræktinni. Ásgeir, sem er Siglufirðingur að uppruna, kom einmitt beint af sjónum inn í þessa grein. Faðir hans var Pétur Þorsteinsson, skipstjóri og seinna hafnarvörður á Siglufirði, og móðir hans var Sigríður Þorláksdóttir, verslunarkona og saumakona á Siglufirði. Þegar



Um helmingurin af minkastofninum í Dalsbúinu er hvítur.

staðan var döpur á markaðnum um miðjan áttunda áratuginn tók Ásgeir sér hlé frá minkaræktinni um tíma og gerðist skipstjóri á flutningaskipum. Ættingjar hans hafa víða komið við sögu í útgerð og fiskvinnslu hér á landi. Má þar t.d. nefna náfrændur hans, Jón Pál, Ólaf og Guðmund Halldórssyni, sem mjög hafa komið við sögu á þeim vettvangi á Ísafirði og í Bolungarvík. Ólafur og Ásgeir eru reyndar jafnaldrar. Einnig má nefna Þorstein afa hans og afafræður, þá Ásgeir Pétursson og Guðmund Pétursson, sem var einn stærsti síldarsaltandi landsins og skipaiegandi í byrjun síldarævintýrisins.

Eiginkonan í söðlasmíði

Eiginkona Ásgeirs er Guðrún Helga Skowronski söðlasmíður. Hún sér um hrossin á bænum og er auk þess að koma sér upp litlum sauðfjárstofni til gamans og til kjötfraðleiðslu fyrir heimilið. Þá eru þau einnig með nokkrar hænur af nokkrum mismunandi tegundum. Egginn undan þeim eru líka æði mismunandi, sum brún og önnur græn og hvít. Guðrún Helga lærði söðlasmíði í London og leggur mikið upp úr handverkinu við smíðina þar sem handsaumur sé alltaf fallegri í söðlasmíðinni en vélsaumur.

Dalsbúið var sett á fót 1. jan. 1970

Minkarækt á Dalsbúinu á sögu að rekja aftur til 1970. Átti Ásgeir þá hlut í búinu og ákvað hann ásamt félaga sínum og meðeiganda, Gunnari Baldurssyni, skólabróður sínum úr Stýrimannaskólanum, að fara til Noregs að læra loðýrarækt.

Aftur á sjóinn og minkabúinu lokað um áramótin 1975–1976

Eftir Ársdöl í Noregi fóru Ásgeir

og Gunnar aftur heim á búið 1970. Erfiðleikar samfara lágu skinnaverði og miklum fjárfestingakostnaði knúðu eigendur þó til að hætta starfsemi um áramótin 1975 og 1976. Þá fór Gunnar félagi hans aftur á sjó og sigldi eftir það sem stýrimaður og skipstjóri á skipum Eimskips þar til hann fór á eftirlaun.



Ms. Eldvík.

Gerðist skipstjóri hjá Finnþoga Kjeld

Ásgeir fór líka á sjóinn. Sigldi hann á flutningaskipum fyrir Finnþoga Kjeld með ýmsan varning um Evrópu, Miðjarðarhafið og til Afríku í ein tíu ár. Fyrst sem 1. stýrimaður á MS Eldvík undir skipstjórn skólabróður síns, Guðmundar Arasonar, en þó lengst af sjálfur sem skipstjóri, bæði á Eldvíkinni og MS Keflavík í um 10 ár.



Ms. Keflavík.

„Við vorum að sigla með ýmsar vörur, m.a. saltfisk frá Íslandi til Portúgal, Spánar og Grikklands og fluttum svo salt til baka frá Spáni. Einnig fluttum við skreið til Afríku.“



Ísborg ÍS 250.

Útgerðarmaðurinn Finnþogi

Útgerðarmaðurinn Finnþogi Kjeld, sem Ásgeir starfaði hjá, lést í febrúar 1993, þá aðeins 55 ára að aldri. Hann lét m.a. breyta síðutogaranum Ísborgu frá Ísafirði í flutningaskip og var hann sjálfur 2. stýrimaður þar um borð. Með honum voru fyrrverandi skipstjórnarmenn af M/S Drangajökli sem hvolfði skyndilega og sökk í Pentlandsfirði á Orkneyjum í júní 1960. Áður hafði hann verið stýrimaður á bandarískum flutningaskipum og togurum.

Finnþogi keypti flutningaskipið Grjótey árið 1969 af Björgun hf. sem hafði bjargað skipinu af strandstað við Raufarhöfn. Stofnaði hann þá skipafélagið Víkur h/f. Fékk skipið eftir það nafnið Eldvík. Hann gerði síðan út fleiri skip undir merkjum Víkur h/f. sem hann var aðaleigandi að. Þar má nefna aðra Eldvík sem hann keypti 1975. Hann gerði einnig út flutningaskipin Hvalvík og Keflavík. Þá var Finnþogi líka eigandi Saltsölnunnar h/f. Hann haslaði sér einnig völl í fiskeldi og átti meirihlutann í Pólarlaxi h/f. við Straumsvík og Fiskeldi h/f. á Húsavík. Þá má geta þess að Finnþogi keypti stóran hlut í skipafélaginu Hafskipum 1985 og settist þá í stjórn þess félags. Hafskip hafði þá átt í miklum rekstrarerfiðleikum. Ekki hagnaðist Finnþogi á þeim kaupum, því félagið fór í greiðslustöðvun í nóvember sama ár og var lýst gjaldþrota 6. desember 1985.

Ásgeir keypti alla hluti í Dalsbúinu 1980

„Ég keypti svo hlut félaga minna í Dalsbúinu 1980 en við vorum fimm sem byrjuðum með það í upphafi,“ segir Ásgeir. „Ég var ekki sáttur við að leggja þessa starfsemi af því ég taldi að við Íslendingar gætum



Hjónin Ásgeir Pétursson og Guðrún Helga Skowronsk, minkabændur með meiru, njóta þess að búa í fallegu umhverfi í Helgadal.



Ásgeir í nýju fódurstöðinni á Dalsbúinu.



Vinnumaðurinn Andrus Veski að fóðra dýrin. Þorbjörg Gígja, dóttir Ásgeirs og Helgu Guðlaugsdóttur söðlasmiðs, fær að sitja á fódurvagninum. Hún unir sér vel við að stússast við minkaræktina.

stundað loðdýrarækt eins vel og aðrar þjóðir. Síðan vann ég við það á sumrin að laga búið til. Núna erum við búin að sanna það að þetta er hægt.

Þegar byrjað var á minkaræktinni á sjöunda áratugnum voru í upphafi ein sjö eða átta loðdýrabú. Þar á meðal voru þrjú á þessu svæði. Búið Lykkja á Kjalarnesinu, eitt bú

á Skeggjastöðum og síðan búið hér í Helgadal.

Við vorum með sameiginlega fódurstöð hjá Barðanum í Kópavogi. Uppbyggingartíminn var mjög erfiður og á þessum árum var verð á skinnnum lélegt. Við skulduðum mikið og enga fyrirgreiðslu var að hafa. Menn sáu því fram á áframhaldandi vandamál og lokuðu búunum.“

Byrjaði aftur með mink 1986

„Ég keypti búið eins og áður sagði árið 1980 og vann ég að lagfæringum á því í fríum frá sjómennskunni á sumrin. Ég byrjaði á því að laga fódurstöðina. Fyrstu nýju dýrin fékk ég svo inn í búið 13. janúar 1986. Síðan hef ég verið hér að rækta mink.“

Í Dalsbúi eru nú um 2.300 læður. Meira en helmingurinn af stofninum í búinu er hvítur. Eru hvítu skinnin vinsæl hjá Kínverjum sem vilja eiga möguleika á að lita skinnin eftir óskum viðskiptavina og til að fylgja eftir breytilegum tískustraumum. Þannig er það líka með öll refaskinn sem þeir kaupa af Finnum. Þá eru á Dalsbúinu um 400 svartar læður og um 400 læður með kremuðum perlu-lit. Svarta litabrigðið er reyndar mjög þróað í Dalbúinu, en það var ríkjandi þegar búið var opnað að nýju 1986.

Með öflugan starfsmann frá Eistlandi

Ásgeir er með öflugan starfsmann sér til halds og trausts við að sjá um minkaræktina. Hann heitir Andrus Veski og kom til hans frá Eistlandi árið 2000 til að vinna á búinu í eitt ár.

„Þegar þetta eina ár var að verða liðið kom hann til mín og spurði hvort það væri ekki í lagi að hann yrði eitt ár í viðbót. Ég hélt það nú og hann er hér enn og vill hvergi vera annars staðar,“ segir Ásgeir.

Þess má geta að Andrus býr ásamt fjölskyldu sinni í húsi sem er við gaflinn á minkabúinu. Það hús reisti Ásgeir á sínum tíma fyrir sig, en þar bjuggu um tíma tvær fjölskyldur. Reisti Ásgeir síðan annað íbúðarhús á lóðinni þar sem hann býr nú ásamt sinni fjölskyldu.

Andrus stýrir ýmsum hlutum á búinu, m.a. við fódurstöðina og sér um pelsadeildina sem er komin með nýtskulegan og tölvuvæddan tækjakost til að auðvelda þeim vinnuna. Byrjað er að pelsa í kringum 10. og 12. nóvember og eru skinnin þá send frá stöðinni um mánuði seinna. Fara þau skinn venjulega á uppboð hjá København Fur í janúar eða síðar, en líka eru þar haldin uppboð í febrúar, apríl, júní og í september.

Fódurstöðin endurbætt og stækkuð

Ásgeir er með eigin fódurframleiðslu og stækkaði hann aðstöðuna fyrir ári síðan og er þar m.a. með öfluga frystigeymslu. Segist hann með því spara mikinn kostnað sem annars hlytist af því að sækja fódrið um langan veg, frá Selfossi eða frá Sauðárkróki. „Það yrði allt of mikill akstur með fódrið,“ segir Ásgeir.

„Gömlu fódurstöðinni var breytt í kæli og hraðfrysti og ég byggði yfir fódurblöndunartækin nýtt hús sem ég tók í notkun fyrir einu ári. Hér er orðin mjög góð vinnuaðstaða, en við eigum þó eftir að gera smá lagfæringar á búnaðinum í viðbót svo þetta sé eins og við viljum hafa það.“

Þá hefur mikil endurnýjun átt sér stað á minkahúsunum sjálfum á undanfórnum árum. Tvö hús sem byggð voru 1970 voru t.d. endurbyggð fyrir tveim árum og stækkuð til að auðvelda alla vinnu við dýrin. Þá steypiti Ásgeir alla ganga í búinu á árum 1981 og 1982 til að gera umgengni og umhirðu auðveldari, en þar voru áður malargólf. Á árunum 1998 og 1999 var svo stærsta minkahúsið byggt.

Lykilatriði í rekstrinum

Fódurstöðin er að mati Ásgeirs lykilatriði varðandi rekstur búins og komi til með að tryggja þeim eins lágt fódurverð og kostur er. Dalbúið notar um 600 tonna af minkafóðri á ári svo til mikils er að vinna. Að vísu – Framhald á næstu síðu.

fylgi uppbyggingu fódurstöðvarinnar töluverður kostnaður til að byrja með. Í stöðinni er síðan hægt að stýra nákvæmlega blöndun fódursins í takt við þörf dýranna hverju sinni.

„Á sumrin höfum við blönduna kröftugri til að tryggja hraðan upp-vöxt hvolpanna. Á veturna er næringarinnihald fódursins minna svo dýrin verði ekki of feit. Að lokinni pelsun í byrjun desember þurfum við strax að fara að ná dýrunum niður í þyngd um að minnsta kosti 30%. Í febrúar förum við svo að gefa högnunum öflugra fóður til að ná þeim upp aftur. Læðurnar verða líka að vera á uppleið þegar fengitíminn byrjar. Ef þær eru ekki nógu vel aldar verða þær órólegar og slást sér til tjóns. Allt þarf því að vera í góðu lagi til að ástarlífið geti gengið eðlilega fyrir sig.“

– En er ekki skinnaverðið allt of lágt um þessar mundir?

„Verðið er alveg örugglega helmingi of lágt. Það er langt undir framleiðslukostnaði. Ég held að það verði erfitt fyrir greinina um allan heim að standa þetta af sér. Danir eru stærstu framleiðendur heims á minkaskinum og þeir telja sig nú vera að fá um 100 dönskum krónum minna fyrir hvert skinn en þeir þurfa að fá til að standa á núlli. Samt eru danskir minkabændur að fá hæsta verð sem þekkist á heimsmarkaði, eða rétt rúmlega 200 krónur. Við Íslendingarnir erum fast á hælunum á þeim.“

Þess má geta að fyrir verðfallið sem hófst haustið 2013 voru íslenskir bændur jafnvel að fá um 600 til 700 danskir krónur fyrir allra verðmætustu skinnin svo fallið er mikið. Í febrúar 2014 var meðalverðið á íslensku skinnunum komið niður í 347 danskir krónur en hangir nú í kringum 200 krónur.

Gríðarlegt tap í minkaræktinni um allan heim

„Danskir minkabændur voru komnir með allt upp í 18,5 milljóna skinna framleiðslu á ári, en talið er að hún fari hressilega niður núna. Bæði vegna verðlækkana og blóðsjúkdóms sem herjar á dönsku búunum. Í mörg ár voru þeir með 13 til 14 milljónir skinna. Ef við miðum bara við þá tölu og að það vanti um 100 krónur danskir á hvert skinn til að standa undir framleiðslukostnaði, þá þýðir það að árlegt tap hjá þeim er að minnsta kosti 1,3 milljarðar danskra króna á ári (um 24,5 milljarðar íslenskra króna). Þá er spurningin hvort þeir hafi svo góða aðstöðu í bönkum að þeir fái lánaþyrirgreiðslu upp á svo gríðarlegar upphæðir.

Sem dæmi um verð á markaðnum í fyrrahaust, þá voru Úkraínumenn að fá rétt rúmlega 100 danskir krónur á skinn. Kanadamenn, sem taldir eru hafa verið með mjög góð skinn í gegnum tíðina, voru aðeins að fá að meðaltali 115 krónur. Ég var mjög hissa að sjá þetta, að vísu eru skinnin hjá Kanadamönnum mun minni en okkar. Danir eru hins vegar með mjög stór skinn, en mikil þróun hefur verið í þá átt sem og varðandi meiri gæði,“ segir Ásgeir. Hann telur að fódurkostnaður danskra bænda sé áþekkur því sem þekkist hér á landi og víða um heim.


Mikil þróun í ræktun og dýrin tvöfalt til þrefalt þyngri en fyrir 40 árum

Fyrstu minkarnir sem fluttir voru til Íslands upp úr 1930 komu frá Ameríku. Þeir voru mjög smá-vaxnir. Á fyrstu árunum var talsvert um að þeir slyppu úr búum og eru þeir nú uppistaðan í þeim villta minkastofni sem hér er að finna í dag.

Um 1970 voru læðurnar í minkaeldinu á Íslandi um 600 til 800 grömm að þyngd. Þyngstu högnarnir voru þá um 1,6 til 1,8 kíló. Algeng þyngd á læðum í dag er um 1.700 grömm og meira og eru ekki lengur settar á læður sem eru léttari en það. Ekki er óalgengt að



Ásgeir segir að nákvæmni og góð umhirða dýranna skipti öllu máli í minkaeldinu. Menn verði líka að stunda þetta af lífi og sál og vera tilbúnir að vaka yfir búinu alla daga ef þeir vilji ná einhverjum árangri í ræktuninni. Myndir / HKr.



Ásgeir við danska pelsunartækið sem leysti af fjóra fláningsmenn á búinu. Í vélinni flær Eistlendingurinn Andrus um 600 minka á dag og er þá aðeins um 15 sekúndur með hvert dýr.



Það getur snjóað duglega í fjallshlíðina ofan við Dalsbúið í Helgadal. Í hlýindunum í síðustu viku hjaðnaði snjórinn þó hratt með tilheyrandi vatnavöxtum svo niðurföllin við minkabúið höfðu vart undan.

sjá högna í Dalbúinu í dag á bilinu 3,2 til ríflega 4 kíló. Er hvíti minkurinn að jafnaði stærri en önnur litaafbrigði.

„Stærstu högnarnir sem við höfum verið með hafa verið 4,8 kíló, en dönsku bændurnir eiga högna sem eru orðnir 6 kíló að þyngd. Eru Danir þar alltaf skrefinu á undan okkur íslensku bændunum. Má segja að þyngd á minkahögnum í dag sé svipuð og refirnir voru í loðdýraeldinu fyrir 40 árum. Nú

eru margir refir á búum í Finnlandi hins vegar komnir í 20 til 30 kíló.“

Mikið gengið á eigið fé búanna

Segir Ásgeir að vegna mikillar uppbyggingar og endurnýjunar á vélum og búrum á undanförunum árum, þá séu íslenskir bændur nú mjög farnir að ganga á eigið fé búanna. Endurnýjun búnaðar sé þó nauðsynlegur m.a. vegna nýrra aðbúnaðarreglugerða líkt og í öðrum búgreinum.

„Kröfur um bættan aðbúnað dýra hafa aukist mjög. Ég hef þó ekki hitt neinn bónda sem ekki vill fara vel með dýrin sín, eða hægt er að kalla dýraníðing. Þeir eru manna meðvit-adastir um það að ef þeir fara ekki vel með dýrin, þá þýðir það bara tap fyrir bóndann vegna lélegri afurða.“

Allir loðdýrabændur heimsins dragi úr framleiðslu

„Vegna stöðunnar á heimsmarkaði

nú er það mín skoðun að hver einasti loðdýrabóndi í heiminum eigi að skera niður sína framleiðslu um að minnsta kosti 10%. Þeir sem eru með stórbú þurfa auðvitað að skera miklu meira niður. Ég held að allir bændur heimsins verði að taka á þessu máli. Það er ekki sá kapítalismi sem maður sættir sig við að beðið sé eftir að einhverjir séu kvaldir til dauða,“ segir Ásgeir.

Yfir 90% af hráefninu í fódrið fæst í seilingarfjarlægð frá búinu

„Þá erum við svo heppin að allt hráefni til fódurgerðarinnar fæst hér í næsta nágrenni. Þar er um að ræða hráefni sem til fellur í kjúklingasláturhúsi Ísfugls í Mosfellsbæ. Við tökum allt sem til fellur frá þeim, einkum á sumrin, sem annars þyrfti að urða með ærum kostnaði. Á veturna lögum við fóður tvisvar til þrisvar í viku og tökum einungis það sem til þarf í hvert skipti frá kjúklingasláturhúsinu. Annað er fiskúrgangur sem við sækjum einkum í fiskvinnslustöðvarnar í Reykjavík. Það lengsta sem við förum í hráefnisöflun er líklega á Grandann í Reykjavík, sem er um 20 kílómetra keyrsla. Einstaka sinnum förum við í Hafnarfjörð að sækja fiskúrgang.

Þetta er uppistaðan í fódriinu fyrir minkana, en það eina sem við kaupum erlendis frá eru vítamín, sojaolía og sýrur. Við fáum því vel yfir 90% af öllu hráefninu hér í næsta nágrenni við okkur.“

Skapa verðmæti úr því sem annars væri hent

„Korn sem notað er í fódrið fáum við líka innanlands. Það kaupum við af Fódurblöndunni, einkum á haustin. Svo fáum við matarafgangna sem til falla hjá veislubjónustufyrirtækjum sem annars þyrfti að eyða með tilheyrandi kostnaði í Sorpu. Það má því segja að við séum að stunda sorpeyðingu fyrir fjölmarga aðila og umbreyta því í útflutningsverðmæti. Við erum trúlega að taka um 300 tonn af úrgangi sem til fellur í kjúklingasláturhúsi Ísfugls á hverju ári. Það er í sjö kílómetra fjarlægð frá minkabúinu. Vegur það drjúgt á móti kostnaði við að eyða minkaskrokkum sem kostar um hálfa milljón króna á ári.“

Bannað að nýta minkaskrokkana í fóður

Þótt eflaust mætti framleiða mjöl eða fóður fyrir önnur dýr úr minkaskrokkunum, þá segir Ásgeir að Matvælastofnun banni slíkt, m.a.

vegna hættu á útbreiðslu sjúkdóma. Hann segir að þegar hann var við nám í Noregi hafi refaskrokkar verið soðnir og var blandað saman við korn í fóður handa bæði mink og ref.

„Það var síðan algjörlega bannað að í Noregi að nota minkaskrokka í slíka fóðurgerð vegna blóðsjúkdóms sem upp kom og var rakinn til notkunar á minkakjöti. Hann var kallaður „allusion“, en er nú nefndur „plasmacytose“. Íslenskir minkabændur háðu mikla baráttu við þennan sjúkdóm í minkum sem fluttir voru frá Noregi 1969 fram yfir 1980. Eftir það var skipt um dýrastofn og nýr stofn sem var laus við þennan sjúkdóm fenginn frá Danmörku. Síðan hefur verið mjög strangt innflutningsleyfi og allt flutt inn í gegnum sóttvarnaráð.“

Sjúkdómurinn landlægur í íslenskum villimink

„Eina hættan fyrir okkur hér á landi er að villti minkurinn úti í náttúrunni er með „plasmacytose“-sjúkdóminn. Gamli stofninn sem kom hingað frá Bandaríkjunum upp úr 1930 var allur sýktur.“

Ásgeir segist vita um bú á Norðurlandi sem hafi orðið að hætta tímabundið eða alveg vegna sýkinga sem barst inn í þau frá villtum mink. Því sé löggö mikil áhersla á að búið séu algerlega minkaheld. Hann segir fyrstu merkin um slíkt smit vera að dýrin verði óeðlilega þyrst. Sár grói ekki og frjósemi dýranna minnki.

Þessi sjúkdómur veldur m.a. innvortis blæðingum vegna leka í

æðum. eru danskir minkabændur nú að glíma við þennan sjúkdóm og hafa þeir neyðst til að skera niður öll dýr á um 200 af 1.500 minkabúum.

Norskir minkabændur lentu í svipuðum hremmingum fyrir nokkrum árum þegar þar kom upp lömunarsjúkdómur. Var þá skipt um stofn og ný eldisdýr fengin frá Danmörku.

Íslenskir minkabændur hafa árlega sótt töluverðan fjölda lífdýra frá Danmörku til að byggja upp stofninn á Íslandi. Nú hafa íslenskir minkabændur ákveðið að loka algjörlega fyrir slíkan innflutning til að halda hreinleika íslenska stofnsins. Ekki er útlit fyrir að breyting verði á þeirri ákvörðun í bráð þar sem sjúkdómurinn hefur verið að breiðast út í Danmörku. /HKr.

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi
9.900 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is




SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Síglufjörður · Sími 460 6900 · info@primex.is · www.primex.is



Smurolía, gírolía, glussi og koppafeiti fyrir vélar og tæki

kemi Tunguhálsi 10 Sími: 415 4000 | www.kemi.is | kemi@kemi.is

JEPPADEKK



DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON

jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Stærðir 32" - 54"

Ice-track ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

Endurskins- og hlífðarfatnaður

Dynjandi býður upp á hlífðar- og öryggisfatnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.

Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h. Sími: 588 5080 | dynjandi.is




Reki ehf. er stoltur umboðsaðili fyrir Donaldson á Íslandi.

Eigum hverskyns síur fyrir flest tæki í landbúnaði á lager.

Reki ehf. Höfðabakka 9 110 Reykjavík
Sími: 562 2950 Fax: 562 3760
E-mail: bjorn@reki.is Vefsíða: www.reki.is

REKI

Sveinn Runólfsson hættir sem landgræðslustjóri 30. apríl:

Í eldlínunni í hálfa öld

Sveinn Runólfsson hverfur brátt úr embætti landgræðslustjóra en hann lætur formlega af störfum laugardaginn 30. apríl í vor. Af því tilefni settist Magnús Hlynur Hreiðarsson niður með Sveini til að fara yfir ferilinn í þessa hálfa öld.

Sveinn segist sjálfur vilja sjá öfluga stofnun annast í framtíðinni alla náttúruvernd, rekstur þjóðgarðanna, friðlýstra svæða, landgræðslu og skógrækt.

Þakklæti eftir í huga

„Á þessum tímamótum er mér efst í huga þakklæti til núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landgræðslu ríkisins og allra þeirra sem ég hef starfað með á liðnum árum og áratugum.

Mér finnst þetta ekki búið að vera svo langur tími sem ég hef fengið að leggja mitt af mörkum við að græða landið. En ég er ákaflega þakklátur fjölskyldu minni fyrir að hafa staðið með mér í öll þessi ár og þakklátur fyrir að hafa haldið góðri heilsu og get hlakkað til að snúa mér að mínum hugðarefnum, sem flest tengjast landinu á einn eða annan hátt,“ sagði Sveinn aðspurður hvað sé honum efst í huga eftir öll þessi ár sem landgræðslustjóri.

Fimm ára gamall á Farmall Cub

Sveinn var ekki hár í loftinu þegar hann tók sín fyrstu skref sem vinnumaður í Gunnarsholti, ólaunaður þó.

„Sumarið 1951 var ég settur á Farmall Cub við að slóðadraga tún í Gunnarsholti. Ég var aðeins fimm ára gamall og náði ekki niður á kúplingu og bremsur, þannig að Páll Sveinsson, fósturbróðir minn, fylgdist með mér og setti vélina af stað, stökk af vélinni og kom svo og sótti mig með því að stökkva upp á dráttarvélina í lok dags eða þegar yfirferð var lokið um túnið. Síðan var ég settur á fleiri dráttarvélar á sumrin 1952 og 1953 við ýmis landbúnaðarstörf.“

Þegar faðir Sveins lést árið 1954 flutti fjölskyldan til Reykjavíkur og Sveinn fór í sveit á Strönd í Meðallandi en þar var hann í fimm sumur, sem hann telur ein sín mestu manndómsár.

„Síðan fer ég til starfa hjá Sandgræðslu Íslands í Gunnarsholti sumarið 1959, þá 13 ára gamall, og vann ýmis störf við búskapinn og uppgæðsluna í Gunnarsholti, þar á meðal við plöntun skjólbelta með Jóni Loftssyni, síðar skógræktarstjóra. Okkur leiddist báðum að planta trjánum, vildum miklu frekar vinna á dráttarvélunum. En Jón hefur nú aldrei viljað viðurkenna þetta.“

Landgræðsla varð ævistarfið

Næstu sumur vann Sveinn í Gunnarsholti og vorið 1963 gerir Páll Sveinsson hann að ráðsmanni í Gunnarsholti, sem var þá langstærsta bú landsins. Sveinn var aðeins sautján ára þegar hann fékk ráðsmannstitilinn og hélt honum öll sumur til ársins 1973.

„Þegar ég lauk BS-námi í háskólanum í Aberdeen vorið 1970 var ég skipaður fulltrúi landgræðslustjóra og tók þá við því embætti af Ingva Þorsteinssyni. Ég gegndi því starfi uns Páll heitinn féll frá 1972, en þá var ég enn í háskólanámi í Cornell-háskóla í Bandaríkjunum. Allt mitt nám miðaðist við að starfa við landgræðslu og ég hef aldrei starfað við annað á ævinni nema í fimm vikur á mjólkurbúi í Englandi. Þannig að það kom af sjálfu sér að sækja um starfið, þótt ég væri enn í námi og alltof ungur. En Halldór E. Sigurðsson hafði trú á mér að ég gæti þetta, rétt eins og foreldrar mínir tóku við ábyrgðarstöðum kornung að aldri.“



Sveinn er hér við nýuppperðan Farmall Cub. Þessi traktor var notaður um árabil í skógræktarstöðinni Kjarna á Akureyri. Björn Bjarnarsson, fyrrverandi bílstjóri hjá Landgræðslunni, gerði vélina svo vel upp að hún er eins og ný.

Mynd / Myndasafn Landgræðslunnar



Ólafur Guðmundsson og Sveinn Runólfsson á Auðkúluheiði árið 1979. Í baksýn má sjá vindmyllu sem notuð var til vatnsdælingar í beitarrhöf. Ólafur hafði yfirumsjón með beitartilraunum 1975–1980. Mynd / Myndasafn Landgræðslunnar

Sveinn segir erfitt fyrir ungt fólk að gera sér grein fyrir því hvaða breytingar símar og tölvur hafa haft á samfélagið. Þá sé erfitt að útskýra byltinguna í samgöngum og hvaða áhrif hún hafi haft. Sama gildi hvað varðar þær breytingar sem hafa orðið í tækni við að koma boðskap um landgræðslu og gróðurvernd til landsmanna. Þá hafi verkstjórn, fjármálastjórn og mannauðsstjórnun breyst til batnaðar.

Mun meiri þekking á náttúrunni

– En hvað segir fráfarandi land-

græðslustjóri um árangur og breytingar í landgræðslustarfinu?

„Fyrst má nefna að þekking manna á náttúrunni, jarðvegi og gróðri sé allt önnur og meiri, þökk sé miklu og vönduðu rannsóknastarfi margra aðila. Margt sem gert hafi verið á Íslandi í endurheimt landgræða og jarðvegsvend hafi vakið verðskuldaða athygli á erlendum vettvangi. „Fyrirrennarar mínir hófu það erfiða starf að bjarga byggðum frá því að verða sandi að brád. Í þessu sambandi má nefna Rangárvelli, Landsveit, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Vík í Mýrdal á Suðurlandi og

Kópasker og Öxarfjörð fyrir norðan. Það féll svo í minn hlut að ljúka verkinu. Okkur tókst að stöðva hraðfara gróður- og jarðvegseyðingu. Undantekning eru þó afleiðingar hamfarahlaupa í Skaftá.“

Hefði viljað sjá meiri árangur í gróðurverndarmálum

Sveinn leggur áherslu á að alltof víða hafi eyðingin enn yfirhöndina. Hann nefnir í þessu sambandi stór landsvæði við hálendisbrúnina og á hálendi landsins.

„Það sem mér gremst er að ekki skuli hafa náðst meiri árangur í gróðurverndarmálum. Það er enn langt í land að við getum horft kinnroðalaust framan í afkomendur okkar og sagt að við séum að nýta beitolöndin með sjálfbærum hætti. Við getum engum öðrum um kennt en okkur sjálfum sem förum með forræði gróðurverndarmála og fræðslu til bænda sem eiga eða fara með beitarrétt á nær öllu landinu. Við tölum öll um sömu hlutina og enginn vill skaða land, en það er himinn og haf á milli skilnings bænda annars vegar á hugtökum er lúta að sjálfbærri landnýtingu og hins vegar vistfræðinga og annarra fræðimanna á gæðum beitolanda.“

– En hvað þá um skilning stjórnvalda og hagsmunaaðila á nauðsyn landgræðslu?

„Stjórnvöld hafa alltaf sýnt landgræðslustarfinu skilning og

velvilja, en misjafnlega mikinn þó. Hvernig þetta skilaði sér í auknum fjárveitingum og umbótum var oft háð því hversu hart stjórnvöld voru keyrð af forsvars- og hagsmunaaðilum bænda. Ég segi hér forsvars- og hagsmunaaðilum bænda því ég geri skýran greinarmun á þeim og almennum bændum. Langflestir bændur hafa haft ríkari skilning á velferð og verndun landsins en forsvarsmenn þeirra. Þetta er ekki auðskýranlegt en forysta bænda hefur æði oft verið afar þröngsýn á raunverulega gróðurvernd,“ segir Sveinn og trúir því að þetta sé að breytast.

„Já, núverandi stjórn Landsamtaka sauðfjárbænda hefur sýnt gróðurvernd og sjálfbærri landnýtingu gleðilegan og jákvæðan skilning. Almenn þekking á sviði landgræðslu hefur aukist og æ fleiri hafa áttað sig á að við verðum að horfa til hagsmuna komandi kynslóða, ekki bara að tala um það.“

Ekki keppikefli að græða allt landið

Aðspurður segir Sveinn að það vanti afskaplega mikið upp á að Íslendingar hafi greitt skuldina við landið, en hann tekur fram að vissulega hafi landsmenn lækkað skuldastabbann með myndarlegum greiðslum. Sveinn segir líka að það sé ekki endilega keppikefli að græða allt landið.

„Við eigum að leggja áherslu á að græða aftur upp það land sem við höfum fordjarfað með búsetu okkar í aldanna rás. En þær auðnir sem náttúruöflin hafa sjálf skapað, eins og t.d. við Veidivötn og á Skeiðarársandi, eigum við ekki að græða upp, nema þá þar sem samgöngur krefjast þess eins og á Mýrdalssandi. Enn fremur verður þessi moldríka þjóð að komast á það menningarstig að vernda moldina og tryggja að öll beitarnýting verði með sjálfbærum hætti. Skyndilega hefur svo hvolfst yfir okkur nýr hernaður gegn landinu og náttúrunni og það er ágangur ferðamanna. Þar voru stjórnvöld tekin fullkomlega í bólinu og því miður virðast þau enn þá vera að mestu ráðþrota hvernig við skuli brugðist.“

Úrelt lög um landgræðslu

Það kom fram í spjallinu við Svein að alls hefur hann starfað undir stjórn sautján ráðherra og átt talsverð samskipti við nokkra forsætisráðherra og fimm ráðuneytisstjóra.

„Úr síðasta hópnum tel ég þrjá meðal minna nánustu vina. Aldrei bar skugga á samstarf mitt við alla þessa embættismenn. Þegar upp er staðið má segja að ég hafi átt afskaplega farsæl samskipti við stjórnvöld. Eina sem hefði mátt ganga betur er endurskoðun laga um landgræðslu, en lögin, sem eru frá árinu 1965, eru úrelt. Ég gerði hvað ég gat til að fá lögin endurskoðuð en allt kom fyrir ekki.“

Sveinn segir að persónuleg samskipti við þingmenn hafi dregist saman eftir því sem tölvutæknið jókst og það finnst honum miður.

„Ég hef alla tíð gætt þess að skipta mér aldrei af pólitík. Einn fyrrverandi ráðherra minn og ágætur vinur sagði eitt sinn við mig: „Þú varst ótrúlegur, þú lést okkur ráðherrana alla halda að þú værir í okkar flokki.“ En ég kom alltaf hreinn og beinn til dyranna, ég bara skipti mér ekki af pólitík.“

Sameiningar og öflugri stofnun

Í áratugi hefur Sveinn verið talsmaður þess að sameina landgræðslu og skógrækt. „Þetta eru greinar á sama



Sveinn, Oddný Sæmundsdóttir, eiginkona hans, börn og barnabörn þeirra um síðustu jól.

Mynd / Einkasafn



Mynd / Myndasafn Landgræðslunnar

meiði. Nokkrir ráðherrar hafa reynt en málið hefur ávallt strandað á þingmönnum Austurlands. Ég tel það hafa verið afar miður fyrir græna geirann. Sameinuð stærri stofnun hefði náð markvissari árangri.“

Sveinn hefur sömuleiðis hvatt til sameiningar innan græna geirans og annarra stofnana sem fara með umhverfisvernd.

„Þarna vil ég sjá öfluga stofnun sem annast alla náttúruvernd, rekstur þjóðgarðanna, friðlýstra svæða, landgræðslu og skógrækt. Stofnanirnar sem annast þessa málaflokka núna eru litlar og vanmáttugar.

Við þurfum eina öfluga stofnun sem getur meðal annars byggt upp innviði á ferðamannastöðum til að taka á móti ört vaxandi straumi ferðafólks á öllum árstímum. Náttúruvernd á Íslandi er í molum. Stjórnvörð eru bún að ræða í nokkur misseri um að grípa verði til varnar en miðað við vandann sem við blasir gerist lítið. Það hefur aldrei verið brynna en nú að stofnanakerfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins verði sameinað og eflt. Þá verða ráðuneyti umhverfis- og ferðamála að ganga í takt.“

*Þjóðargjöfin skilaði
gríðarlegum árangri*

– En hvað er það sem er Sveini eftirminnilegast frá löngum ferli?

Hann veltir því fyrir sér en segir svo að það sé útilokað að nefna einstakt málefni en eitt af því sem komi upp í hugann sé hin svokallaða Þjóðargjöf. „Hún margfaldaði getu

Landgræðslunnar til framkvæmda og skilaði gríðarlegum árangri.

Á tímum Þjóðargjafarinnar var óhemju mikið umleikis hjá Landgræðslunni. Ég var eini fagmenntaði starfsmaðurinn en ég hafði landbúnaðarmentaðan mann mér til aðstoðar í hlutastarfi. Þetta var Stefán H. Sigmússon, sem hafði meðal annars mikla reynslu af ríkisrekstri. Enn fremur naut ég starfskrafta margra annara reynslubolta í sandgræðslu víða um landið.“

Baráttan um afréttina hófst á áttunda áratugnum þegar Sveinn lagði mikla áherslu á að ná samstarfi við sveitarstjórnir og bændur um að hætt yrði að reka hross á verst fögnu afréttina og að stytta beirtartíma sauðfjár á þeim. Á þessum árum voru jafnvel dæmi um að fullorðið fé væri rekið aftur á afrétt eftir göngur.

„Þessi barátta stendur enn. Eftir öll þessi ár er nýting verst fögnu afréttanna enn ekki ásætlanleg. Emstrurnar í Rangárþingi eystra eru eini afrétturinn sem er friðaður fyrir beit.“

Landgræðsluflugið er Sveini afskaplega minnisstætt. Ástæðan er ekki sú að hann hafi yndi af flugvélum heldur fannst honum merkilegt að fylgja með afköstum í uppgræðslunni – og glæsilegum árangri í endurheimt landkosta. Í fjölmörg ár flugu íslenskir atvinnuflugmenn landgræðsluflugvélinni Páli Sveinssyni án endurgjalns og síndu þannig hugi sinn og raunar íslensku þjóðarinnar til landgræðslustarfsins.

A man with white hair, wearing a black vest over a light-colored patterned shirt, stands in a museum gallery. The walls are covered with large-scale photographs and informational panels. In the foreground, there are glass display cases containing various items, including a small model of a building and some documents. The lighting is bright and even.

Mynd / Myndasafn Landgræðslunnar



Mynd / Myndasafn Landgræðslunnar

uppbyggingu byggðarinnar í Gunnarsholti. Þegar hann tók við

forræði í Gunnarsholti var húsa-
kostur afar ófullnægjandi. Páll
Sveinsson var mikill athafnamaður
og setti hverja krónu sem stofnunin
fekk til ráðstöfunar beint í sandinn
til uppgræðslu, en Sveinn taldi rétt
að byggð yrðu íbúðarhús og fólk
laðað til búsetu í Gunnarsholti. Fyrir
tilstuðlan Landgræðslunnar voru
byggð fimm íbúðarhús á seinni hluta
síðustu aldar. Aðstaða fyrir vélahald
og búrekstur var endurbyggð og ný
stóðhestastöð reis af grunni. Fólk
flutti á staðinn.

Á síðustu árum hafa þrjú íbúðarhús í Gunnarsholti – kennd við Akurhól – verið endurbyggð. Í þeim eru m.a. hýstir nemendur Landgræðsluskóla Sameinuðu

þjóðanna og erlent vísindafólk sem
leggur leið sína í Gunnarsholt.

„Það hefur tekist að byggja hér upp í Gunnarsholti vísi að háskóla-
setri í samstarfi við fjölda aðila og ég
er stoltur af því starfi,“ segir Sveinn.

Áhugi og velvild meðal almennings

Landgræðslustarfið hefur á liðnum áratugum notið mikillar virðingar meðal almennings og margir aðilar, fyrirtæki og félagasamtök lagt málefnum lið með margvíslegum hætti. Tugum milljóna króna hefur verið safnað og varið til landgræðslu. Þá hafa margir aldnir einstaklingar kosið að ánafa stofnuninni bæði fjármunum og lendum.

Sveinn segir að slíkar gjafir hafi

m.a. gert Landgræðslunni kleift að endurbyggja hesthús stóðhesta-
stöðvar í Gunnarsholti og setja upp
glæsilega gestastofu og kynningar-
setur sem hlaut nafnið Sagnagarður.
Í Sagnagarði er landgræðslustarfið
rakið í máli og myndum.

Flytur á Selfoss

– Og hvað tekur nú við?
Sveinn veltir spurningunni fyrir sér
og segir svo:

„Við hjónin höfum ekki haft tíma til að hugleiða það en ég get fullvissað þig um að okkar biða ótal verkefni. Það fyrsta er að flytja til Selfoss. Við horfum bjartsýn fram á veginn og erum alveg harðákveðin í því að lifa lífinu lifandi og fagna hverjum degi.“ */MHH*



öflugir vinnubjarkar frá Zipper og Holzmann



*Eigum einnig fyrirbyggjandi
fleiri tegundir rafstöðva*



IDNVÉLAR ehf. / Smiðjuveg 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



Bekking er tölvudeild yfir 300 fyrirtækja. Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögn og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.



Kynntu þér málið:
460 3100 / sala@thekking.is / thekking.is



Gamli traktorinn



Sýningarbás Solis á landbúnaðarsýningu Agritechnica í Hanover í Þýskalandi í haust. Mynd / HKr.

Solis – indversk gæðaframleiðsla

Sonalika Group, sem framleiðir Solis dráttarvélar og ýmis önnur landbúnaðartæki, var stofnað í Mubai á Indlandi árið 1969. Í dag er Solis eitt af þrem stærstu dráttarvélaþyrkjum á Indlandi.

Solis er spænsk nafn og merkir einfaldlega sól. Auk dráttarvéla og tengibúnaðar framleiðir fyrirtækið fjölnotavélar fyrir landbúnað og verktaka og svokallaða „pic & carry cranes“ eða lyftitæki.

Solis dráttarvélnar hafa verið fánlegar með allt frá 20 til 110 hestafla vélum. Í fyrra var svo kynnt Solis dráttarvél með 185 hestafla mótör, sem þó hefur ekki verið fánleg á Evrópumarkaði. Þá er hægt að fá Solis dráttarvélnar bæði afturhjóladrífna og með fjórhjóladrifi og bæði með og án stýrishúss.

Á landbúnaðarsýningu Agri-



loftkælingu (Air Condition) og húsín eru frá Hisarlar. Er búnaður og vélar frá Solis seldar í yfir 80 löndum. Velgengnin er ekki síst byggð á því hversu, einfaldar og ódýrar vélnar hafa verið.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu sölufyrirtækisins Solis Tractors Ireland, þá er öll framleiðslan af háum gæðastaðli.


Stór alþjóðleg fyrirtæki hafa sýnt Solis áhuga og hafa fyrirtæki eins og Yanmar

technica í Hanover í Þýskalandi í haust mátti einmitt sjá Solis dráttarvélar og annan búnað. Nú framleiðir fyrirtækið og selur um 90.000 dráttarvélar á ári. Hafa verksmiðjur fyrirtækisins því afkastagetu upp á meira en 300 vélar á dag.

Í útliti voru þær nýtskullegar og snotrar, en flestar vélnar sem þar voru sýndar voru einkum hugsaðar fyrir suðlægar slóðir. Voru þær flestar húslaugar og án búnaðar sem þykir nauðsynlegur á Íslandi. Eigi að síður eru Solis dráttarvélar töluvert seldar í Evrópu þar sem þær hafa verið á boðstólum frá 2012. Er þær m.a. að finna hjá frændum okkar Írum



í Japan, Private Equity Partner og Black Stone í Singapur fjárfest í fyrirtækinu. Talsvert er lagt upp úr að hráefni sem notuð eru við smíðina séu endurnýtanleg. Dráttarvélnar standast kröfur Evrópusambandsins um mengunarstaðla STAGE III, STAGE III A, STAGE III B, TIER 4 og eru með ECE og EPA vottorð. Þá eru dráttarvélnar búnar nýjustu útgáfum af innspýtingum



og einnig í Bretlandi, Þýskalandi og víðar um Evrópu. Hægt er að fá þær bæði með miðstöðvum og

(Common rail direct injection – CRDi).

/HKr.

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum gefur út bók:

Stjórnun og rekstur í ferðaþjónustu

– auknar kröfur um fagmennsku, gæði þjónustu og öryggi gesta

Fyrir skemmstu gaf Ferðamáladeild Háskólans á Hólum út nýja bók um stjórnun og rekstur í ferðaþjónustu. Höfundur bókarrinnar er Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við ferðamáladeild Hólaskóla, en inngangskafli ritar Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála.

Bókin er rituð fyrir stjórnendur, starfsmenn og nemendur í greininni. Fjallað er um atriði eins og öryggismál, vörubróun, stofnun fyrirtækja, leyfisveitingar, fjármögnun, umhverfismál, áætlanagerð, ráðningu starfsmanna, mótöku gesta, gæði þjónustu og fleira sem lýtur að fagmennsku í stjórnun og rekstri. Sérstakir kaflar eru í bókinni um afþreyingu á sjó og vatni. Áhersla er lögð á að benda lesendum á frekara fræðsluefni um hvert viðfangsefni fyrir sig, auk þess sem listar yfir lög og reglugerðir, gagnlegar vefsíður og fleira leiða lesendur áfram.

Ætlað að mæta aukinni þörf fyrir fræðsluefni

Ingibjörg segir að verkefnið eigi sér nokkuð langa forstögu. „Ferðamáladeild Háskólans á Hólum hefur alla tíð átt farsælt samstarf við atvinnugreinina og stoðkerfi hennar og hefur deildin lagt áherslu á að miðla þekkingu til atvinnugreinarinnar sem og að koma til móts við þarfir hennar. Deildin hefur notið velvilja greinarinnar, við förum mikið með okkar nemendur í vettvangsferðir og fáum aðila úr atvinnulífinu til okkar til að taka þátt í kennslu.

Árið 2007 gaf ferðamáladeild Háskólans á Hólum út handbók fyrir rekstraraðila í hestaferðaþjónustu en sú bók var afkrastur rannsóknar- og þróunarverkefnis í hestaferðaþjónustu. Í því verkefni kom í ljós mikil þörf fyrir aðgengilegt fræðsluefni fyrir þá sem störfuðu í greininni og/eða höfðu hug á að stofna slíkt fyrirtæki. Var þessari



Kápa bókarrinnar.



Ingibjörg Sigurðardóttir er höfundur bókarrinnar.

bók vel tekið og vegna hvatningar frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtökum Íslands var fljótlega hafinn undirbúningur að gerð fræðsluefnis fyrir aðrar afþreyingargreinar. Á tímabili lá þessi vinna niðri en þróun ferðaþjónustunnar hefur á undanförmum árum verið örari en nokkurn óraði fyrir og var því ljóst á síðasta ári að



aukin þörf væri fyrir fræðsluefni um stjórnun og rekstur í ferðaþjónustu.

Á sama tíma og fyrirtækjum fjölga gríðarlega, eykst krafa um fagmennsku, gæði þjónustu og öryggi gesta. Þessari nýju bók er ætlað að mæta að nokkru marki þessari auknu þörf ferðaþjónustunnar fyrir fræðsluefni fyrir þá sem starfa í greininni eða ætla sér að stofna fyrirtæki í ferðaþjónustu. Einnig nýtist bókin nemendum í ferðamálafræði á öllum skólastigum. Í bókinni er lögð megináhersla á stofnun, stjórnun og rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu en jafnframt er horft sérstaklega til afþreyingar á sjó og vatni. Fyrir tilstuðlan styrks frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar reyndist gerlegt að gefa bókina út núna í tengslum við 20 ára afmæli ferðamáladeildar Háskólans á Hólum,“ segir Ingibjörg.

Að sögn Ingibjargar var það meðal annars fyrir hvatningu Samtaka ferðaþjónustunnar sem bókin var rituð og gefin út. Útgáfa bókarrinnar var styrkt af Starfsmenntaráði og Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups. Bókin er fánleg hjá Háskólanum á Hólum (silla@holar.is) og kostar 3.000 krónur.

/smh



Félagsheimilið á Borg er með glæsilegustu félagsheimilum landsins enda hefur húsinu alltaf fengið gott viðhald. Myndir / MHH

Félagsheimilið Borg í Grímsnesi 50 ára

Haldið var upp á fimmtíu ára afmæli Félagsheimilisins Borgar í Grímsnes og Grafningshreppi laugardaginn 27. febrúar en húsið var vígt 19.febrúar 1966.


Séra Ingólfur Guðmundsson sóknarprestur gaf félagsheimilinu nafn og sagði, „Borg“ skal þessi bygging heita. Tvöfaldur kvarsett söng fjögur lög undir stjórn Jónasar Ingimundarsonar sem þá var átján ára gamall. Kvenfélagið hefur haldið tombólu svo lengi sem elstu menn muna í húsinu, auk þess sem ungmenningarfélagið hefur haldið þorablótin sín öll fimmtíu árin í húsinu. Þá voru sveitaböllin á Borg mjög vinsæl og oft um eitt þúsund manns sem sóttu þau þar sem vinsælustu hljómsveitir landsins spiluðu. Á



Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri er formaður húsnefndar Borgar og hefur yfirumsjón með rekstri hússins með sínu nefndarfólki.



Tvíburasysturnar Gróa og Guðný frá Ketilvöllum í Laugardal í Bláskóga- byggð létu sig ekki vanta í afmælið.



Í tilefni afmælisins sýnir Leikfélagi Borg gamanleikritið „Er á meðan er“ í félagsheimilinu. Hér er verið að farða leikarana fyrir frumsýninguna.

dansleik voru yfirleitt sex dyraveirðir og fjórir lögreglumenn. Sveitaböllin eru alveg hætt á Borg en húsið er fyrst og fremst menningarhús sveitarinnar og leigt undir ýmsa starfsemi eins og brúðkaup, fermingar, erfisdrykkjur, tónleika og fleira. /MHH

Bændablaðið
BÆNDABLAÐIÐ
ER MEST LESNA
BLAÐIÐ Á
LANDSBYGGÐINNI

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR PRENTVILDA Á LANDSBYGGÐINNI

Bændablaðið

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

GRAMMER

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

KS TOOLS® Verkfærasett
Tilboð til bænda í mars

19.560 með sendikostnaði

www.stilling.is/KS9170779/

179 stk.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ

www.merkismenn 544 2030

Gólf - Einstök hönnun
léttari - sterkari -
hreinsa sig betur - hálkuvörn
Polir 4000kg öxulþunga

ANDERSBETON
www.andersbeton.com

Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð
Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton

GS G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason,
Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

Fliegl
AGRARTECHNIK

Schalten Sie auf volle Leistung!

DREIFIBÚNAÐUR »PROFI«

KASTIÐ EKKI KRÓNUNNI

Með Fliegl Profi aukabúnaði fæst
jöfn og góð dreifing á lífrænum
áburði og öðrum jarðefnum

Einföld ásetning fyrir
Push-off vagnana frá
Fliegl

Rafn A. Guðjónsson · Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
Tel + 354 565- 2727 · Mobile + 354 892 7502 · Email: rafn@rag.is www.fliegl.com

**BÍLSKÚRA- OG
IÐNAÐARHURÐIR**

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum,
með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Helstu niðurstöðutölur sauðfjárskýrsluhaldsins árið 2015:

Öfgakennt tíðarfar hafði sitt að segja um afurðir ársins

Uppgjöri á skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir árið 2015 er að mestu lokið. Fallþungi sláturlamba haustið 2015 er sá mesti frá upphafi eða 16,5 kg að meðaltali.

Reiknaðar afurðir eftir hverja fullorðna kind lækka um tæpt kíló og munar þar mestu um að færri lömb koma til nytja.

Meiri vanhöld má að einhverju leyti rekja til vorsins en meðalhiti tímabilsins frá lokum apríl til fyrstu daga júní var víða um land sá lægsti í 30 ár. Gróður tók seint við sér sumaríð 2015 og nýgræðingur í boði langt frameftir hausti þar sem milt veðurfar einkenndi haustið. Sumarið var þó vætusamt og kalt norðaustanlands og þar munar talsverðu á afurðum milli ára enda árið á undan algjört metár á því svæði.


Í flestum sýslum landsins voru afurðir minni árið 2015 en árið áður eða þá undir fimm ára meðaltali viðkomandi sýslu. Eina undantekningin var Vestur-Húnavatnssýsla en þar voru jafnmiklar afurðir eftir hverja kind og árið áður og einnig meiri afurðir en meðaltal síðustu fimm ára í sýslunni.

Þátttaka í skýrsluhaldi dróst heldur saman frá fyrra ári en alls skiluðu 1.750 aðilar skýrslum um 350.184 fullorðnar ær (346.031 - 2014). Í skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar eru því skráðar um 92% af ásettum ám m.v. upplýsingar úr forðagæsluskýrslum.

Hluti skýringarinnar á fækkun aðila er sú að enn eiga einhverjir eftir að skila skýrslum þrátt fyrir áminningar um að skýrsluhald ársins sé óklárað.

Veturgamlar ær í skýrsluhaldinu voru 80.171 (77.386 - 2014), að auki var forystuám nú haldið utan við afurðauppgjör í fyrsta skipti en þær eru 1.412 í gagnagrunnum sauðfjárræktarinnar. Ær alls á skýrslum eru því 431.767 (422.532 - 2014) sem er nokkur aukning milli ára.

Þau vanhöld sem voru á sauðfé í aðdraganda sauðburðar 2015 sjást glögg í skýrsluhaldinu en fjöldi kinda sem drepst fyrir burð er helmingi fleiri (13.000 ær) en nokkur ár þar á undan. Eru þá ótalin vanhöld um og eftir sauðburð.



Tafla 1

Nafn	Býli	Fjöldi áa	Kíló eftir kind	Frjósemi - fædd lömb
Eiríkur Jónsson	Gýgjarhólskoti, Biskupstungum	280	44,9	2,03
Elín Anna og Ari Guðmundur	Bergsstöðum, Miðfirði	396	38,7	2,10
Pormóður og Borghildur	Syðri-Sauðadalssá, Vatnsnesi	555	38,6	2,12
Félagsbúið Lundur	Lundi, Völlum	509	38,4	1,94
Gunnar og Gréta	Efri-Fitjum, Fitjárdal	652	37,9	2,10
Hermundur Valdimar Eiríksson	Vallanesi, Skagafirði	191	37,8	1,93
Guðrún og Sigurbjörn	Leirulæk, Mýrum	153	37,5	2,15
Guðrún og Þórarinn	Keldudal, Hegrnesi	110	36,4	1,85
Snorri Björnsson	Seljalandi, Síðu	146	36,3	2,03
Elín Heiða Valsdóttir	Úthlíð, Skaftártungu	402	36,0	1,96
Inga Ragnheiður Magnúsdóttir	Svínaelli 3 (Bölla), Örfasaveit	344	36,0	1,99

Tafla 2

Nafn	Býli	Fjöldi sláturlamba	Fallþungi	Gerð	Fita
Jón og Erna	Broddanesi 1, Kollafirði	396	17,8	11,98	7,51
Ágúst Ingi Ketilsson	Brúnastöðum, Flóa	184	19,2	11,78	6,71
Guðrún Marinósdóttir	Búrfelli, Svarfaðardal	155	20,6	11,75	7,75
Flosi og Unnur	Hrafnstöðum, Kinn	101	18,3	11,48	7,39
Kjartan Sveinsson	Bræðratungu, Biskupstungum	377	21,0	11,36	7,53
Jón og Hrefna	Hóli, Sæmundarhlíð	256	19,7	11,28	8,17
Sigurfinnur Bjarkarsson	Tóftum, Stokkseyri	119	19,2	11,20	7,24
Ásvaldur og Laufey	Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskarði	151	20,0	11,20	8,13
Jökull Helgason	Ósabakka 2, Skeiðum	286	19,5	11,16	7,57
Guðjón H Sigurgeirsson	Heydalsá, Steingrímsfirði	493	18,7	11,15	7,19
Ólafur og Sigurður	Grófargili, Skagafirði	100	19,5	11,15	8,03
Guðrún og Þórarinn	Keldudal, Hegrnesi	193	19,3	11,09	7,72
Monika og Halldór	Rauðbarðaholti, Hvamssveit	504	18,6	11,08	8,39

Afurðir árið 2015

Frjósemi var svipuð á landinu öllu líkt og undangengin ár eða 1,82 fædd lömb á hverja kind. Hlutfall fleir-

lembna á landinu öllu var 6,4% og hefur það hlutfall ekki verið herra í nokkur ár. Frjósemi er mest í Suður-Þingeyjarsýslu en þar fæðast 1,91 lömb eftir hverja kind, skammt að

baki henni koma nágrannar í Norður-Þingeyjarsýslu með 1,90 lömb eftir hverja kind. Í nokkrum fjárræktarfélögum er meðalfjöldi fæddra lamba meiri en 1,90 lömb og eiga öll þessi félög það sameiginlegt að þar eru um og yfir 10% ána fleirlembdar.

Afurðir eftir fullorðnar ær voru 26,9 kíló eftir hverja kind árið 2015 sem er tæpu kíló minna en árið á undan (27,8 kg - 2014) og eins minna en meðalafurðir síðustu fimm ára sem reiknast 27,1 kíló.

Á meðfylgjandi mynd má sjá afurðir síðustu tveggja ára (2015 rauð súla, 2014 græn súla) sýndar eftir sýslum ásamt meðaltali árunna 2011-2015 (blá súla) í viðkomandi héraði.

Mestu afurðir í einu héraði árið 2015 voru í Vestur-Húnavatnssýslu en þær reiknast 29,6 kíló sem er jafnmikið og árið á undan og herra en meðalafurðir síðustu fimm ára á svæðinu.

Í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði eru afurðir einnig lítilla meiri en fimm ára meðaltal viðkomandi svæða. Í öðrum héruðum eru afurðir minni eða svipaðar og árið 2014 og ætíð undir 5 ára meðaltali svæðisins. Þarna hefur tíðarfarið líklega sitt að segja þar sem vanhöld á lömbum voru meiri en undangengin ár en 1,63 lömb komu til nytja 2015 (1,67 - 2014).

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

ráðunautur í sauðfjárrækt
eyjolfur@rml.is



Víða voru bændur með fé lengur heima að vori, þar sem úthagi gréri seint með aukinni hættu á vorhníslasótt í lömbum. Annars staðar var sumarið bæði kalt og votviðrasamt sem hefur áhrif á afdrif gripa. Afurðir eftir veturgömlu ærnar minnka einnig örlítið milli ára 10,9 kíló (11,3 kg - 2014).

Afurðahæstu búin

Afurðahæsta bú landsins árið 2015 er bú Eiríks Jónssonar í Gýgjarhólskoti, Biskupstungum með 44,9 kíló eftir hverja kind. Þær afurðir munu vera Íslandsmet í afurðum frá upphafi skýrsluhalds. Sífellt fleiri bú hafa verið að bæstast í hóp þeirra búa sem ná góðum árangri á síðustu árum og þessi bú má finna í flestum landshlutum. Í 1. töflu er listi yfir öll þau bú sem hafa 36 kg eða meira eftir hverja kind árið 2015 og fleiri en 100 ær í skýrsluhaldi.

Árið 2013 var í fyrsta skipti birtur listi yfir „úrvalsbú“ í sauðfjárrækt, þau eiga það sameiginlegt að ná góðum árangri fyrir marga þætti og eru mörkin sett með tilliti til ræktunarmarkmiðs í sauðfjárrækt. Árið 2015 náðu 95 bú þessum árangri á móti 104 árið 2014 og 70 árið 2013.

Gæðamatið

Í skýrsluhaldinu eru upplýsingar um rúmlega 500.000 sláturlömb haustið 2015. Meðalfallþungi þeirra var 16,5 kíló sem er sá hæsti í mörg ár. (16,4 - 2014) og meðaltal síðustu fimm ára er 16,2 kíló. Meðaltal fyrir holdfyllingu 8,87 árið 2015 (8,72 - 2014), fimm ára meðaltal 8,66 og meðaltal fyrir fitumat 6,54 árið 2015 (6,53 - 2014), fimm ára meðaltal 6,49.

Oft er þetta skoðað sem hlutfallstala holdfyllingar og fitu, sú tala var 1,36 haustið 2015. Hagstæðasta hlutfallið má finna í Suður-Þingeyjarsýslu (1,44) og í Norður-Þingeyjarsýslu (1,42). Af búum sem höfðu holdfyllingarmat yfir 9,5 árið 2014 er þetta hlutfall hagstæðast hjá Félagsbúinu í Baldursheimi 1, Mývatnssveit með hlutfallstölu 1,98. Í 2. töflu má finna öll þau bú sem höfðu gerðarmat 11,0 eða herra árið 2015 og fleiri en 100 sláturlömb.

Erfiðara er að bera saman árangur í fitumati vegna þess sambands sem er á milli fallþunga og fitumats. Stundum er þessi samanburður gerður milli fallþunga og fitumats, það hlutfall er 2,52 árið 2015 og hefur sú tala hækkað á undanförunum árum. Af búum sem höfðu holdfyllingarmat yfir 9,5 árið 2015 hafa tvö bú hlutfallstöluna 2,94, það eru bú Eiríks Jónssonar í Gýgjarhólskoti og bú Trausta og Kristínar að Austurhlíð í Biskupstungum.

Að lokum

Listar með öllum helstu niðurstöðum skýrsluhaldsins árið 2015 er hægt að finna á heimasíðu RML. Þar má einnig finna niðurstöður skýrsluhaldsins undanfarin ár. Árangurinn árið 2015 sýnir enn og aftur að ræktunarstarfið í sauðfjárrækt er að skila sér í auknum framförum. Grunnforsenda allrar upplýsingaöflunar er þó vel fært skýrsluhald og flest þau bú sem eru að ná góðum árangri eru að nýta sér kosti skýrsluhaldsins til fullnustu.

ER BARNIÐ ÖRUGGT Á ÞÍNU BÚÍ?

Börn eiga ekki að leika sér í dráttarvélum eða í kringum þær. Það getur reynst lífs-hættulegur leikur.

Landbúnaðurinn er frábrugðinn mörgum öðrum atvinnugreinum að því leyti að býlið er jafnframt heimili fjölskyldunnar. Þannig er vinnustaður bóndans oft á tíðum leikvöllur barnanna á sama tíma.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ
ÖRUGGT
OG GÓÐUR
VINNUSTAÐUR?

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Smáauglýsingar
56-30-300

Eldum sjálf

— Matreiðslubók fyrir börn
Eldum sjálf er matreiðslubók með uppskriftum fyrir börn á aldrinum 4-10 ára. Við val á uppskriftum var lögð áhersla á að hafa fá hráefni og tækjum og tölum var stillt í hóf.


Einfaldleikinn var hafður að leiðarljósi við val á uppskriftum í bókina svo allir í fjölskyldunni geti átt ánægjulega stund í eldhúsinu. Öll skrefin eru sýnd myndrænt þannig að börn þurfa ekki að kunna að lesa til að geta eldað þá rétti sem eru í bókinni.

Venjulegur heimilismatur

Uppskriftirnar í bókinni samanstanda af réttum sem hentugt er að snæða eftir skóla, með kaffinu og í kvöldmatinn. Þannig eru uppskriftirnar fjölbreyttar og hægt að nota við mismunandi aðstæður. T.d. er uppskrift að sígildum heimilismat, plockkfiski, sem er bæði hollur og góður matur fyrir alla fjölskylduna. Einnig er bakkelsi á borð við pönnukökur og múffur í bókinni þannig að börnin geta aðstoðað við undirbúning afmæli og annarra kökuböða.

18 krakkar

Eldum sjálf var gerð með mikilli



hjálp frá 18 litlum kokkum sem spreyttu sig á öllum uppskriftunum


fyrir framan ljósmyndara og tókst vel til. Maturinn var eldaður frá grunni og var hvert skref í undirbúningnum fest á filmu. Með því að elda með Eldum sjálf læra börn að fara eftir uppskriftum og fylgja þeim skref fyrir skref.

Uppskriftirnar í bókinni eru valdar af Dögg Hjaltalín, Þorbjörg Helga Ólafsdóttir setti bókina upp og aðstoðaði við myndatökur og Birgir Ísleifur Gunnarsson sá um myndatöku. Bókaútgáfan Salka gefur bókina út.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

**Eignatorg**
Skipholt 50b, 105 Reykjavík



Landbúnaður og hestasport

hesthús, reiðhallir, fjárhús, fjós og fleiri gerðir landbúnaðarbygginga
vönduð hús - stuttur afgreiðslufrestur

**LímtréVírnet**

Aðalnúmer: **412 5300** | Sóludeild: **412 5350**

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is



Já elskan mín

Í fyrrasumar kom út bókinn „Já elskan mín“ sem er vísna-safn eftir Odd Jónsson á Gili í Dýrafirði. Dætur Odds, þær Kristín Berglind og Valgerður Jóna, tóku saman.

Oddur var mikill hagyrðingur og eftir hann liggur fjöldi vísna og ljóða. Yrkisefnin voru af ýmsum toga, náttúran í Dýrafirði, samferðafólk hans, lífið í sveitinni, búskapurinn, þjóðfélagsmálin og fjölskyldan. Oddur hafði gaman af að kveðast á við vini og kunningja og allnokkuð af þeim kveðskap hefur varðveist. Fyrir vikið er kveðskapur Odds merkileg samtímaheimild og spegill á það samfélag og mannlíf sem einkenndi Dýrafjörð og Vestfirði á þeim tíma sem Oddur lifði.

Kristín Berglind og Valgerður Jóna standa sjálfar að útgáfunni og fengu styrk frá Menningarráði Vestfjarða.

Bókin er til sölu í nokkrum Eymundsson-verslunum, Kaupfélagi Steingrímsfjarðar og einnig er hægt að nálgast bókina í gegnum Facebook-síðuna Já elskan mín.



www.n1.is

facebook.com/enneinn



Hugsaðu um búnaðinn í vetur



Þjarkur samfestingur

Vnr. 9628 120020

Þunnur samfestingur með hnjúpúðavösum. Hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl Navy blár með royal bláu á brjósti.



Gildan háskólapeysa

Vnr. 9643 12000

Háskólapeysa úr bómullarblöndu. Litir: Svartur og navy. Stærðir: S - 3XL



Micorflex regngalli

Vnr. 5790 691935*

Microflex regnkuldagalli. Blár að lit.



COFRA nítrildýfðir hanskar Flexynit

Vnr. 7151 G007 K100

Vandaðir bómullarhanskar með sterkri NITRA-X húð. Ólíuþolnir og henta í allan iðnað. Litur: Grænn með svörtum lófa. Stærðir: 9, 10 og 11



Bragi regnstakkur með hettu

Vnr. A414 69118*

Lokaður að framan. Styrkingar á ermum og faldi. Stillanlegur strengur í hettu. Endurskinsmerki á ermum.



DUNLOP stígvél Purof Professional

Vnr. 9655 D460933

Hentug stígvél við margskonar aðstæður. Létt með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrifa þau. Græn. Stærðir: 37 - 48

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Grindavík s. 426 8290 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Hluti af vetrarverkunum



Lesendabás

Borgarbúar fá sitt „Dalalíf“ meðan bændur eru í frí

Hvað gerist þegar dæmigerð reyk-vísk fjölskylda ákveður að fara í sumarfrí og leggja land undir fót? Jú, þá kveður fólk vinnufélagana að sinni, pakkar fötum og við-legubúnaði, nesti og nauðsynjum, skutlar dótinu í bílinn, krökkunum í aftursætið, skellir heimilinu í lás og rennir sér af stað eftir malbikinu til móts við landsbyggðina. Eða brunar kannski út á Keflavíkurflugvöll og svífur á vit ævintýrana.

Með svolitlum fyrirvara og skipulagi er þetta harla einfalt. Krefst kannski einhverra tilfæringa varðandi vinnuna. Menn keppast við að klára það sem mestu máli skiptir, sumum verkefnum er slegið á frest og önnur færast yfir á hendur annarra. Og hvað heimilið varðar þá er ekki vitlaust að biðja nágranna eða ættingja að kíkja við og vökva blóm-in og henda Fréttablaðshrúgunni af til.

En hvað gerist þegar bændur landsins fá svona flugu í höfuðið? Þá geta málin vandast því sumt er einfaldlega ekki hægt að vinna fram í tímann og öðru verður ekki slegið á frest. Búsmaðinn krefst sinnar daglegu umönnunar. Heimili og vinna eru ein heild, aleigan og lífs-viðurværið eru á einni þúfu og það er kannski ekki svo einfalt mál að setja slíkt í hendurnar á öðrum.

Komast bændur þá aldrei í frí?

Hvað gera bændur þá? Fara þeir aldrei í frí? Jú, ætla má að flestir bændur taki sér eitthvert frí nú til dags. Bústörfin koma gjarnan í skorpum eins og þekkt er og þegar um hægist fá menn ættingja eða nágranna á næstu bæjum til að sinna reglubundum skyldustörfum við búið á meðan þeir sleikja sólina eða gera sér annað til skemmtunar og endurnæringar.

Einnig ráða bændur verktaka til að sjá um búið til lengri eða skemmri tíma eins og Gunnar bóndi í hinni skemmtilegu mynd Dalalíf eftir Þráin Bertelsson frá árinu 1984. Þar taka félagarnir Þór og Daníel að sér bústörfin og ferst það svona misvel úr hendi svo ekki sé meira sagt.

Til að flétta nú saman þessa þræði í eina heild þá fylgir hér frásögn af því þegar reykvísk kjarnafjölskylda á leið í sumarfrí brá sér í hlutverk Þórs og Danna og lenti í svolitlu Dalalífs-ævintýri á Mýrunum snemma sumars árið 2014. Nánar tiltekið á fyrirmyndarbylinu Þverá á Mýrum.

Reykvísk fjölskylda gerist sjálfstæðir bændur – um stundarsakir

Svo vildi til þessa júnídaga að Þveræingar allir voru á leið til Litháen þar sem einn úr fjölskyldunni hafði fastnað sér brúður og bauð til veislu og því var enginn til að hlaupa



Verkaskiptingin í bústörfunum var í nokkuð föstum skorðum en allir hjálpuðust að við að fódra nautgripina.



Fóðrið í nautgripina sótt í hlöðu.



Þórunna Guðrún Hallgrímsdóttir hafði yfirumsjón með fódun og umhirðu fiðurfjárins á Þverá í fjarveru bændna. Hún athugaði einnig reglulega, eða u.p.b. tíu sinnum á dag, hvort hænurnar stæðu sig ekki við eggjavarpíð. Ekki er útilokað að þessi hvatning hafi aukið í þeim nytin ef svo má að orði komast.

í skarðið. Vegna kunningjatengsla við aðra úr Þverárfjölskyldunni hafði Reykjavíkurfjölskyldan komið í heimsókn nokkrum vikum áður og fengið að sjá og upplifa einn dag í sauðburðinum í sveitinni.

Bundust menn þá fastmælum um að Reykjavíkurfjölskyldan tæki að sér hlutverk óðalsbænda og bústólpa í vikutíma á meðan Þveræingar inn-sigluðu ný fjölskyldutengsl við aust-anvert Eyrstrasaltið.

Reykjavíkurfjölskyldan var eins og áður segir nokkuð dæmigerð kjarnafjölskylda, samansett úr hjón-um á fertugsaldri og þremur börnum (tveimur drengjum, 11 og 15 ára og einni stúlku, 6 ára). Öll alin upp á mölinni og ekki beinlínis hámenntaðir búfræðingar en þó nægilega vel að sér og lífsreynir að munurinn á ær og kú, haus og hala var þeim fullkunnur. Verkefni þeirra voru líka einfaldari en hjá félögum í Dalalífi Þráins því sauðfé var komið á fjall og engar voru mjólkurkúyr á bænum.

Helstu verkefni voru umhirða húsdýrana og fódurgjöf. Strax á fyrsta degi komst á verkaskipting og skipulag sem hélst allan tímann. Yngri drengurinn tók að sér að gefa hundum, hleypa þeim út á morgnana og loka þá inni á kvöldin eða þegar farið var af bæ. Sú 6 ára komst fljótt upp á lagið með að gefa hæn-um og hirða eggin. Sá 15 ára gekk undanviltum bolakálfi í móðurstað og gaf honum pelann sinn kvölds og morgna og svo hjálpuðust allir að við að bera fódur í holdanaut í fjósi. Einnig var á bænum köttur sem þurfti sinn matarskammt.

Húsdýr með hegðunarvandamál

Kötturinn var reyndar með eindæmum feiminn og ómannblendinn og höfðu sumir, sérstaklega þeir yngstu í fjölskyldunni, miklar áhyggjur af þessu. Fljótt kom þó í ljós að full ástæða var fyrir hlédrægni kisa því litlir kærleikar voru milli hans og annars hundsins á bænum. Eitt sinn upphófst æsilegur eltingaleikur þar sem kisi rétt náði að forða sér og fela og í annað skipti þurfti beinlínis að ganga á milli og aðskilja þá félaga og forða frá tönnum og klóm hvor annars.

Svo tókst stálpuðum kálfi, meira af klaufaskap en illkvittni, að koma sér í vandræði. Þegar komið var í fjós einn morguninn sást að hann hafði smeygt afturfæti í rauf á gólf-grindinni og sat þar fastur. Boli var frekar styggur og ófélagslyndur og ef tvífætlingar nálguðust hans persónulega rými um of barðist hann um á hæl og hnakka. Þetta olli afleysingabændum nokkrum heilabrotum og áhyggjum. Þeir óttuðust jafnvel að hann myndi fótrjóta sig ef hamagangurinn yrði of mikill þ.e.a.s. ef hann væri þá ekki þegar búinn að því.

En Þveræingar eiga góða granna og bændur af næsta bæ brugðu við skjótt þegar hringt var og óskað eftir aðstoð. Gárungar vilja reyndar meina að forvitni þeirra í garð borgarbarnanna hafi rekið þá með hraði á staðinn. Hvað sem því líður þá hjálpuðust menn að við að hafa hemil á gripnum og losuðu hann hratt og örugglega og það án þess að hann stynji við eða haltraði á eftir. Eftir þetta var skepnan leidd yfir í næsta hölf og gengið þannig frá að slíkt óhapp henti ekki aftur.

Vistaskipti sem nýfast öllum

Sú rúma vika sem Reykjavíkurfjölskyldan dvaldi á Þverá gekk að öðru leyti fyrir sig eins og best verður á kosið. Ekki var blásið til útihátíðar líkt og í Dalalífi heldur farið í bíltúra og göngutúra um svæðið. Sopið var úr Rauðsmelsölkeldu og farið í fóta-bað í Landbrotalaug svo eitthvað sé nefnt. Og svo var tímanum líka varið í að gera ekki neitt eins og sæmir hjá fólki í sumarfrí.

Þegar sá fyrir endann á Bjarmalandsför Þveræinga og von var á þeim aftur í heimahagana pökk-ðu Reykvíkingar sínu hafurtaski í bílinn og héldu á vit frekari ævintýra í öðrum landslutum. Bændur á Þverá komu að búi sínu og bústofni í svipuðu horfi og skilið hafði verið við. Gengið hafði aðeins á heyrforðann sem eðlilegt var, lækkað hafði svolítið í frystikistunni enda til þess ætlast og stúrnar í fjárhúsinu voru hreinni en áður, sem kom sér ekki svo illa.

Hér fengu allir eitthvað fyrir sinn snúð. Bændur komust af bæ og fengu ákveðið frelsi til að njóta lífsins á meðan borgarbornin komust í snertingu við sveitalífið og urðu sjálfstæðir bændur um stundarsakir. Hver veit nema fleiri myndu vilja nýta sér tímabundin vistaskipti sem þessi í meira mæli. Nú á tímum samfélagsmiðla ætti að reynast tiltölulega einfalt að finna vettvang fyrir slíkt. Í öllu falli er ekki útilokað að þeir sem hér komu við sögu endurtaki leikinn síðar.

Hallgrímur Arnarson, sérfræðingur hjá KPMG í Reykjavík



Afleysingabændur nýttu lausan tíma til að skoða sig um í nágrenninu og fengu sér m.a. göngutúr að Rauðsmelsölkeldu og supu þar á hinum heilnæmu náttúruveigum.



Þessi kálfur saup pelann sinn af áfergu og stundum var hamagangurinn svo mikill að túttan fór af og mjólkinn sullaðist um allt. Seppi fylgdist spenntur með og lét ekki ljúffengan sopa fara til spillis.

Lesendabás

Kjöttmjöl – yfirburða áburðarefni til uppgræðslu lands

Kjöttmjöl hefur verið framleitt hjá Orkugerðinni ehf. í Hraungerði í Flóa í rúm 15 ár, úr sláturúrgangi og beinum stórgripa, sauðfjár og kjúklinga frá sunnlenskum sláturhúsum. Afurðir framleiðslunnar eru fita og kjöttmjöl. Fitan nýtist til að kynda verksmiðjuna og er kjöttmjölið selt sem áburðarmjöl til uppgræðslu, skógræktar og akurræktar.

Með framleiðslunni eru sköpuð verðmæti úr afurðum sem annars þyrfti að urða eða brenna með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umhverfið. Strangar reglur gilda um framleiðslu og notkun á kjöttmjöli og má lesa síðustu uppfærslu á þeim í reglugerð nr. 395/2012. Hér verður ekki fjallað um reglur þær sem gilda, nema hvað heimilt er orðið að dreifa efninu bæði á ræktunarland og uppgræðslusvæði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hver er reynslan af nýtingu kjöttmjöls sem áburðar til uppgræðslu?

Kjöttmjöl er seinleystur áburður og virðast áburðaráhrif hans vara í nokkur ár við íslenskar aðstæður. Í kjöttmjöli er að finna helstu næringarefni sem plöntur þurfa til vaxtar í hentugum hlutföllum, þ.e. nitur (N) ~ 8%, fosfór (P) ~ 5% og kalí (K) ~ 0,5%. Kjöttmjölið inniheldur tíu- til fimmtán sinnum meira nitur en húsdýraáburður, en um þriðjung af N miðað við algengan auðleystan kemískan túnáburð.

Heklusköggaverkefnið hefur síðan 2009 unnið markvisst að uppgræðslu með kjöttmjöli, sér í lagi á rýrum vikrum Þjórsárdals. Árangur verkefnisins er framar björtustu vonum og hafa um 700 ha verið græddir varanlega upp með kjöttmjöli síðan verkefnið hófst. Mjölinu hefur verið dreift í sem fingerðu dufti á yfirborð vikranna. Sígur það niður í jarðvegsyfirborðið eftir fyrstu rigningar, nýtist þeim gróðri sem fyrir er og auðveldar spírun á fræi sem leynist í vikrinum. Þau svæði sem valin hafa verið til dreifingar eru í mörgum tilfellum allraerfiðustu foksvæðin í dalnum,



Vikrar við Búrfellsskóg þar sem kjöttmjöli var dreift vorið 2012. Fyrsta myndin sýnir stöðuna í lok ágúst, næsta mynd í maí 2013 og sú lengst til hægri sýnir svæðið í júlí 2013 rúmu ári eftir dreifingu. Landið sem dreift var á er enn algróið og má þegar sjá töluvert af sjálfsánu birki spretta þar upp.



Reykholt í Þjórsárdal í júlí 2014. Þar var dreift kjöttmjöli vorið 2013. Svæðið vinstra megin við girðinguna sýnir hvernig landið leit út áður en uppgræðsluáðgerðir hófust.

þar sem ýmsar aðferðir hafa áður verið reyndar s.s. áburðargjöf með tilbúnum áburði og jafnvel grassáningar. Áburðargjöf með tilbúnum áburði á slík svæði hefur mjög jákvæð áhrif á fyrsta ári, en strax á öðru ári fjara áhrifin út og hafa slík svæði jafnvel farið að fjúka aftur eftir 3-4 ár. Þó áburðargjöf með kjöttmjöli sé nokkuð dýr á hvern ha hefur reynslan sýnt að sú leið er mun hagkvæmari en að bera tilbúinn áburð 2-4 sinnum á sama svæði.

Þess má geta að fleiri stofnanir og ýmsir aðilar hafa nýtt mjölið með góðum árangri s.s. Landgræðsla ríkisins og Suðurlandsskógar. Hefur kjöttmjöl verið notað til uppgræðslu á söndum í nágrenni Þorlákshafnar, víða í Landnámi Ingólfs, á Rangárvöllum og í Þjórsárdal, bæði á uppgræðslusvæði og afrétt.

Framtíð kjöttmjölsframleiðslu

Upp á síðkastið hafa borist fréttir af

rekstrarerfiðleikum og íþyngjandi regluverki kjöttmjölsframleiðslu hér á landi. Á sama tíma berast fréttir af því að sláturleyfishafar víða um land vilji taka í notkun brennsluofna fyrir sláturúrgang í áhættuflokk 1 til að draga úr kostnaði við förgun. Hætta er þó á að annar sláturúrgangur fari einnig í brennslu og er það afar vond og vanhugsuð þróun að mínu mati, Betri leið væri ef sláturleyfishafar tækju höndum saman og sameinuðust um að nýta verðmætan sláturúrgang til kjöttmjölsframleiðslu og færu frekar þá leið að nýta núverandi kjöttmjölsverksmiðju í Hraungerði og jafnvel setja upp nýjar verksmiðjur í öðrum landslutum. Framleiða þannig úrvals áburð sem nýst gæti til uppgræðslu, skógræktar eða sem áburður á akurlendi.

Hreinn Óskarsson
skógarvörður Skógræktar ríkisins á Suðurlandi og verkefnisstjóri Heklusköga

GÆÐI, ENDING OG GOTT VERÐ





CFORCE 450
Verð 1.179.000,-



CFORCE 500
Verð 1.249.000,-



CFORCE 550
Verð 1.399.000,-



CFORCE 800
Verð 2.190.000,-



2FORCE 550
Verð 1.999.000,-



2FORCE 800
Verð 2.690.000,-

*Öll tækin eru götuskráð tveggja manna með innspýtingu, spili og dráttarkúlu, hægt er að velja um rafmagnsstýri og sætisbak á fjórhjólin. Verð miðað við gengi 15. mars 2016. *CFORCE 500 er ekki með innspýtingu né möguleiga á rafmagnsstýri.



Nítró sport / Urðarharvari 4 / 203 Kópavogi / Sími 557 4848 / www.nitro.is

Kálfamúslí

- Frábært kálfamúslí, framleitt af belgiska fódurfyrtekinu Dumoulin, sem hefur verið starfrækt síðan 1937
- Kálfamúslí örvar þroska vambarinnar og vambatotanna og eykur þar með líkur á aukinni upptöku næringarefna
- Eykur líkur á meiri vexti og þar með aukinni mjólkurframleiðslu eða kjötframleiðslu
- Inniheldur góða blöndu af kolvetnum og meltanlegum próteinum
- Inniheldur öll nauðsynleg steinefni og vítamín sem kálfurinn þarfnast til vaxtar og til að viðhalda heilbrigðu ónæmiskerfi
- Jafnar súrustig í vömb



BÚREKSTRARDEILD
BORGARNESI

Inniheldur 21% prótín



3.900kr/25kg

Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sendum um land allt!



ÍSLENSKUR TEXTÍLDNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn miðvikudaginn 6. apríl 2016, kl. 20:00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

Dagskrá

- Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykpta félagsins.
- Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis. Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag. Verksmiðja Ístex verður opin frá kl. 19. Hluthafar eru hvattir til að mæta og skoða framleiðsluna. Léttar veitingar í boði.

Mosfellsbæ 14. mars 2016.
Stjórn ÍSTEX hf.

Fróðleiksbasinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufraeðingur



Hlynir – kjörviðir fínsmiðanna

Til hlynsættkvíslarinnar sem nú er talin til Sápuberjaættar, *Sapindaceae*, teljast um 160 tegundir sem dreifðar eru vítt um Norðurhvel, allt frá fjalladölum S-Asíu og Mið-Ameríku norður til Alaska, Noregs og Síberíu. Steingerðar leifar hlynlaufa hafa fundist í íslenskum surtarbrandslögum. Á hlýjum svæðum eru tegundirnar sigrænar en flestar vaxa þó þar sem vetrarríkis gætir og eru þá lauffellandi.

Þrjár í næsta nágrenni – en gera má betur!

Síðari reglan á við um þær þrjár tegundir hlyna sem vaxa í V- og NV-Evrópu. Tvær þeirra þrífast sæmilega hér á landi við bestu aðstæður, garðahlynur og broddhlynur. Hér að neðan verður nokkuð sagt frá þeim. Þriðja „norrena tegundin“, hagahlynur, *Acer campestre*, þrífst ekki hér nægilega vel, enda eru hin náttúrulegu norðurmörk hennar við Eyrarsund og ræktun hennar nokkrum takmörkunum háð þegar norðar kemur í norskar og sænskar sveitir. Nokkrar tegundir frá Asíu og Norður-Ameríku hafa verið reyndar í ræktun hér en ekki gefist sérlega vel. Líklega þarf að leita betur og skipulega að líklegustu kvæmunum og reyna í nokkru magni til að finna tegund eða tegundir sem geta með góðu móti sætt sig við íslenskar aðstæður. Það ætti að vera hægt og vissulega þess virði að fá harðgerðar hlyntegundir sem ívaf í íslenska skógrækt. Eina tegundin sem einhverju hefur skilað hér, aðrar en broddhlynur og garðahlynur, og virðist geta þrífist bærilega í skjólgóðri útmörk er hinn snotri fjallahlynur, *Acer spicatum*, frá vesturströnd N-Ameríku, m.a. frá Nýfundnalandi. Hann er fremur smávaxinn og runnkenndur í eðli sínu. En samt er viður hans kjörinn í ýmiss konar smáhluti og rennismíði. Úr safi hans má vinna hlynsiróp. Fjallahlynur er nett garðtré.

Broddhlynur, *Acer platanoides*

Broddhlynurinn er sú tegund sem frá fornu fari hefur vaxið um sunnanverða Skandinavíu. Í Skandinavíu nær útbreiðsla hans um hið norska Östland og norður til Upplanda í Svíþjóð og um suðurhluta Finnlands. Aðalútbreiðslan er frá Svartahafi sunanverðu og norður og austur um Úralfjöll til austurs, en vestur um Balkanskaga og fjalllendi Evrópu niður í Pýreneafjöll. Hann er meginlandstegund og nær ekki að ströndum Atlantshafs að sjálfsdáðum. En hefur verið gróðursettur víða um byggð ból á kaldtempruðum svæðum um heim allan, bæði í S- og N-Ameríku, Asíu, Nýjasjalandi og jafnvel Ástralíu. Víða í þeim löndum hefur hann verið settur á svarta lista sem „framandi og ágegn lífvera“ – þótt svo sem hvergi hafi komið fram hversu mikill vargur hann er í lífríki þessara landa. Eins og allt annað virðist ríkja gagnkvæm aðlögun og virðing milli plöntutegunda hvar sem nýir landnemar setjast að. Hvergi hefur berghlynurinn útrýmt þeirri flóru sem fyrir var. En ásjónd hennar og samsetning lífríkisins hefur víða breyst nokkuð. Það er viðkvæmt mál og hin yfirlýstu spjöll oft meira tilfinningamat heldur en grundvallarstaðreyndir. Í enskumælandi löndum er broddhlynur kenndur við Noreg og kallaður „Norway maple“. En lítil hætta er á að hann leggi íslenska lífríkið undir sig, því ég veit ekki til að hann hafi þroskað hér burðug fræ. Þótt það gerðist, þá eru litlar líkur



Garðahlynur – bolurinn dýri.



Blöð garðahlyns, hagahlyns og broddhlyns – bakhlið.

á að fræplöntur hans kæmust hér upp af sjálfsdáðum. Til eru nokkur myndarleg eintök af broddhlyn í görðum hér á landi, en þeim hættir æði oft við haustkali.

Garðahlynur, *Acer pseudoplatanus*

Garðahlynir hafa vaxið í íslenskum görðum frá því skömmu eftir aldamótin 1900. Frægastur þeirra, og líklega myndarlegastur, er sá sem stendur á gatnamótum Suðurgötu og Vonarstrætis í miðbæ Reykjavíkur. Þar var hann gróðursettur vorið 1918 ef ég man rétt. Sannkallað þjóðarminnismerki og vonandi friðlýstur í bak og fyrir, undir og allt-um-kring, þótt nokkrum sinnum hafi framkvæmdaglaðir byggingafjárfestar sótt að honum og fundist að svona dýrmætri byggingalóð væri betur ráðstafað undir arðbærari afnot og skjótfenginn gróða. Vonandi verður aldrei svo. En líkt og broddhlynurinn á garðahlynurinn í vök að verjast fyrir ákefð þeirra afla sem vilja svartlista allt sem ekki telst upprunalegt í lífríki hvers svæðis. Honum vegnar vel í flestum þeim löndum sem hann hefur verið fluttur til. Of vel þykir sumum þegar þeir sjá hann þar sem þeir vilja ekki sjá hann. En lítil hætta er á því hérlandis. Þótt garðahlynurinn þroski hér fræ árlega og að oftar en ekki spíri nokkur fræ í einstaka görðum, þá er hægur vandi að sporna við. Auk þess eiga ungsprotarnir mjög í vök að verjast við að komast á legg. Haustfrost og vetrarumhleyppingar gera útaf við þá flesta. Séu þeir sem

af komast á röngum stað, er auðvelt að flytja þá til. Garðahlynur verður afar stórt og fyrirferðamikilt tré sem ekki hentar í litla garða. Hann þarf gott skjól í uppvextinum og vegna þess hve honum hættir við haustkali áður en hann hefur náð að þroska endabrumin, þrífst hann betur ofarlega í landi þar sem loft er á hreyfingu og næturfrosta gætir því síður. Góð von er um að garðahlynur geti hér orðið verðmætt timburtré. En þá þarf að gróðursetja tveggja til þriggja metra há ungrtré á milli uppvaxinna trjáa, t.d. alaskaaspa eða sitkagrenis. Haustnæturfrostin ná venjulega ekki mikið upp fyrir 180-200cm frá jörðu svo að hæðin verndar. Skjóltrén hlífa líka vel og draga úr því að hlynurinn myndi strax breiða krónu, heldur leggi áherslu á að vaxa upp í ljósið. Dæmi um há, beinvaxin, einstofna og krónunett garðahlynstré má finna í nokkrum þröngum bakgördum í Þingholtum Reykjavíkur. Beinvaxnir og gallalausir bolir af garðahlyn er verðmætasta timbur Evrópu. Þýska timburvinnslan Fritz Kohl í Karlstadt við ána Main í Bæjaralandi keypti einn slíkan á uppboði í Frakklandi árið 2012. Fyrir hann þurfti að borga 61.000 evrur - sem samsvarar um 8.548.000 íslenskum krónum skv. gengi vikunnar. Þetta er hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir einn trjábol í Evrópu fram að þessu. Bolurinn var 975cm langur, gildur vel og úr honum fengust 5510 fermetrar af næfurþunnum og rándýrum hágæða-hlynspón, rjómahvítum með gylltum, jöfnum æðum. Hugsanlega gætum við framleitt hlyntimbur af þessu tagi með nokkrum klókindum og við bestu aðstæður. En arðurinn af því mun varla skila sér strax, því 80 til 150 ár tæki það að fá slíka boli. Samt væri það nú ald-eilis góð arfleifð sem barnabörn og barnabarnabörn gætu notið góðs af í fyllingu tímans.

Margt er líkt með skyldum

Broddhlynur og garðahlynur eru náskyldar tegundir. Tilsýndar af nokkru færi er ekki auðvelt að greina þá í sundur. Þegar að er gáð sést þó að broddhlynurinn ber sterklega fimmhyrnd lauf með oddhvassa flipa og strjalar tennur. Garðahlynur hefur líka fimmflipuð blöð, frekar kringluleit og fliparnir fjöltenntir en allir oddar mýkri en á broddhlyn. Blöð broddhlyns



Fræ – garðahlynur og broddhlynur.

eru fagurgræn og hárlaus báðum megin, en garðahlynur ber mattgræn blöð sem eru dálítið leðurgljáandi á efra borði en grágræn á neðra borði. Blómgunin er í klös-um sem áþekkir eru hjá báðum tegundum og blómin sjálffrjó með hjálp skordýra sem sækja í hunangssafann sem í þeim er. Aldin garðahlyns mynda hvassara horn en aldin broddhlynsins. Í upveldinu þurfa báðar tegundir sama atlæti. Sá þarf fræjunum að hausti um leið og þau eru orðin hálmgul, best að skorða þau hlið við hlið upp á rönd í finum, rökum vikursandi og hafa á frostlausum (og músheldum) stað fyrstu vikurnar meðan þau eru að eftirþroskast og búa sig undir álnu. Í nóvember-desember má setja sáðilátin út í músheldan reit og láta þau biða þar fram á vor. Ef gróðurhús er fyrir hendi má taka þau inn í mars og láta fræin spíra þar. Eftir að spírun er komin vel á veg og fyrstu tvö blöð ofan við kímblöðin hafa slegið út þarf að prikla fræplöntunum í uppeldisreit eða uppeldispotta. Best er að ala hlynplöntur upp inni í úpphитуðu og rúmgóðu plastgróðurhúsi þar sem hátt er til lofts. Eftir að plönturnar eru stálpaðar og komnar á beð úti í garðyrkjustöðinni þarf að byggja yfir þær gróðurhjáll úr gisnu grindverki sem hægt er að strekkja skjónet yfir til að verjast næturfrostum seinnipart sumars. Best er að taka netið af eftir að plönturnar hafa fellt lauf. Annars er hætta á að hjallurinn sligist og netið rifni af snjóum. Þessi skýling er nauðsynleg til að verja endabrumin gegn næturfrostum áður en plönturnar hafa gengið frá þeim fullþroskuðum fyrir veturinn. Þegar þær eru komnir í vetrarhaminn þola þær kulda og umhleyppinga bærilega. Sömuleiðis vorfrostin. Í upveldinu þarf að gæta að því að plönturnar fái ekki hringrót séu þær aldar upp í pottum. Betra er að hafa plönturnar á beði og róstunga reglulega. Hlynir

hafa gagnstæð blöð, þ.e. að hliðarbrumín á greinunum eru í þörum – eitt á móti öðru. Ef endabrumið ferst í frosti taka hliðarbrumín við, svo að greinarnar skipta sér og klofna í tvær eða fleiri áttir. Þetta er ástæðan fyrir því hversu ungir hlynir greina sig fljótt og mynda svara krónu á stuttum bol og með miklum hliðargreinum. Sé komið í veg fyrir þetta heldur toppbrumið áfram að leiða aðalbolinn uppávið svo að krónumyndunin tefst og trén mynda hærri boli og nettari krónu. Tveggja til þriggja metra há tré hafa yfirleitt alla burði í að vera plantað út í bærilegt skjól og spjara sig þaðan af. Hlynir eru ekki vandlátir á jarðveg, þrífast þó best í frjórrí og loftríkri mold, jafnrakri og gjarna með Ph-gildi ofan við 6 og ef aðgengi að dólómítalki eða skeljasandi er gott, bætir það mjög að sletta slurki af slíku í plöntunargröpinu. Eins og aðrar trjátegundir eru hlynir háðir svepparótum sem hjálpa þeim við að fást við vandamál lífsins. Í heimkynnum sínum eru þeir í mjög gagnkvæmu og ástríku sambandi við ýmsa glómu-sveppi. Garðahlynurinn einkum við *Glonus hoi* sem ekki hefur verið skráður hér en hjálpar mikið til við fosfórupptökuna. En hlynir munu líka geta nýtt sér sömu rótasveppi og aspir, víðitegundir, birkir og sitkagreni. Bæði broddhlynur og garðahlynur leggja til finan smíðavið. Viðurinn er þéttur, mjúkur og auðunninn en ekki sérlega sterkur og fúnar fljótt utanhúss. Hann er notaður í alls konar fínsmíði og tekur litun og póleringu afar vel. Í eðli sínu er hann rjómahvítur með gylltum æðum. Flestar fiðlur og hljóðþiljur í tónleikahúsum eru að miklu leyti gerðar úr hlynviði vegna þess hve „góðan resonans“, eins og það heitir á músikmáli, hann hefur. Og hlynviður er oftar en ekki hafður í taflmenn og talnabönd. Hvort tveggja er svolítið heilagt.

Meira vinnuhagræði – minni sóun

Anna Lóa
Sveinsdóttir
ráðunautur
als@rml.is



Eitt af verkefnum flestra búnaðarsambanda er að sinna túnkortagerð fyrir bændur, þar sem útbúið er stafrænt túnkort sem síðan er tengt við skýrsluhaldskerfið Jörð.is.

RML hefur sinnt þessari þjónustu fyrir Austurland, Skagafjörð og Vesturland samkvæmt samningi milli þeirra búnaðarsambanda og RML. Undirrituð er staðsett á Austurlandi og hefur sinnt þessari þjónustu þar og skrifar því þessa grein út frá þeirri reynslu en talar ekki fyrir hönd búnaðarsambanda almennt. RML hefur svo rétt til að sinna viðhaldsþjónustu túnkorta, þ.e. gera lagfæringar og breytingar eftir óskum hvers bónda.

Túnkort er yfirlitsmynd af ræktun viðkomandi bú þar sem gert er grein fyrir útlínun hverrar spildu fyrir sig og upplýsingar um auðkenni og stærð spildunnar koma fram í svokölluðum spildulista. Þegar túnkort hefur verið unnið af RML fær bóndi afrit á pappírformi en einnig er upplýsingum hlaðið inn í skýrsluhaldsforritið Jörð.is. Bóndi hefur tvenns konar ávinning af túnkorti, annars vegar sem vinnuskjal heima á búi og sem stafræn skráning á umfang ræktunar á búi. Stafrænt túnkort hefur mikla þýðingu fyrir bónda þar sem það er eitt af megin forsendum t.d. fyrir að fá styrkveitingar fyrir jarðrækt.

Hvernig nýtist svo túnkort bónda?

Að nota túnkort heima á búi gefur bónda yfirlitssýn yfir ræktun og er sem vinnuskjal síðan notað til að skrá upplýsingar inn í skýrsluhaldskerfið Jörð.is. Það mætti bera þetta



saman við fjárbók og Fjárvís eða að skrá mjólkurvigt í stílabók áður en skráð er í Huppu. Sem dæmi er RML með þjónustu fyrir bændur þar sem útbúin eru skráningarblöð ásamt

útprintun á túnkorti fyrir bændur til að hafa í dráttarvélinni við t.d. dreifingu búfjáraburðar eða tilbúins áburðar, skráningu á uppskeru sem margir nýta sér þegar rúllum er keyrt



af túni heim að búi, svo dæmi séu tekin. Hægt er að sjá frekar upplýsingar um þetta á heimasíðu RML, www.rml.is. Megintilgangur þessarar greinar er að hvetja bændur til að nýta túnkortin til hagræðingar frekar en að láta þau liggja ofan í skúffu.

Ýmsir möguleikar koma til greina á því hvernig hægt er að nota túnkort til daglegra verka. Hægt er að vera með afrit af túnkorti plastað upp á vegg í t.d. útihúsi og hlöðu, til að skrá af hvaða spildum er gefið á hverjum tíma eða jafnvel í lofti á dráttarvélinni sem mest er unnið á við jarðrækt, heyskap eða heimkeyrslu uppskeru. Ef túnkortið er plastað ætti að vera hægt að kaupa töflutúss til að skrifa á kortið ef ekki hentar að nota skráningarblöð, sem síðan er strokað út þegar innskráningu er lokið í Jörð.is. Ef menn eru ókunnugir þessu forriti, eða vilja læra meira en þeir nú þegar kunna, eru auglýst námskeið í Jörð.is sem stefnt er á að halda í apríl víðs vegar um landið í samvinnu RML og endurmenntunardeild Lbhí.

Ein af grunnforsendum nýtingar

Túnkort er ein af grunnforsendum


fyrir réttri nýtingu á skýrsluhaldskerfi jarðræktar, Jörð.is, ásamt innskráningu upplýsinga, líkt og öll skýrsluhaldskerfi byggja á.

Túnkortaupplýsingar eru nýttar við gerð t.d. áburðaráætlunar, skráningu endurræktunar en þá er einnig hægt að halda utan um ræktunarsögu hverrar spildu eða grunn að fóduröflunaráætlun svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að færa hluta gæðastýringar í sauðfjárrækt úr möppu í tölvu með því að skrá áburðarnotkun og uppskeru fyrir hvert ár inn í Jörð.is. Myndast því saga sem hægt er að fylgjast með á sjónrænan máta t.d. með samanburði á uppskeru og áburðarnotkun fyrir ákveðnar spildur.

Hægt er að sjá niðurstöður jarðvegs- eða heyefnagreininga fyrir hverja þá spildu sem efni voru greind á. Þá er einnig hægt að tengja fódurforða búinsins, sé uppskera skráð, við hin árlegu skýrsluskil forðagæslunnar. Möguleikar sem túnkort leiða út frá sér eru því margþættir og er hægt að sjá mikinn ávinning á að hafa túnkort og því er spurt:

Er til túnkort fyrir ræktun á þínu búi og ef svo er, er túnkortið nýtt til fullnustu?

Vertu til er vorið kallar



Kynntu þér sáðvörulistann á www.lifland.is
Frír flutningur ef pantað er fyrir 1. maí

Hafðu samband í síma 540-1100 eða
lifland@lifland.is og fáðu tilboð í sáðvöruna

Utan úr heimi



Helsta ástæða aukinna skógarelda er sögð vera loftslagsbreytingar og þurrkar í kjölfar þeirra.

Skógareldar í Bandaríkjunum 2015: Fjórar milljónir hektara brunnu

Rétt rúmir fjórar milljónir hektara af skóglendi urðu eldi að bráð í Bandaríkjunum Norður-Ameríku á síðasta ári.

Skógrækt Bandaríkjanna, US Forest Service, hefur umsjón með um 78 milljónum hektara af landi sem að mestu eru skógar. Talsmaður skógræktarinnar segir að eldarnir á síðasta ári hafi náð yfir tvöfalt stærra svæði en fyrir þrjátíu árum og að útbreiðsla þeirra aukist á hverju ári. Auk þess sem eldarnir brenni í 78 daga lengur en fyrir þrjátíu árum. Í dag fer 65% af öllu fjármagni skógræktarinnar í að berjast við skógar-

elda. Haldi áfram sem horfir telja talsmenn skógræktarinnar að tíðni skógarelda muni tvöfaldast fyrir árið 2050.

Skógareldar í Washington-ríki á síðasta ári voru þeir mestu sem vitað er um. Í þeim brunnu ríflega hundrað íbúðarhús og þrír létust af þeirra völdum. Lýst var yfir neyðar-ástandi í ríkinu um tíma vegna eldanna. Þrettán slökkviliðsmenn létust á landsvísi í Bandaríkjunum á síðasta ári vegna skógarelda.

Helsta ástæða aukinna skógarelda er sögð vera loftslagsbreytingar og þurrkar í kjölfar þeirra. /VH



Vibeke Fladkær Nielsen hélt erindi á fagþinginu, en hún mun halda námskeið á Íslandi með RML í apríl.

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2016 – annar hluti

Nýverið var haldið hið árlega fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku en þingið, sem kallast Kvægkongres, var að vanda haldið í bænum Herning á Jótlandi.

Hér á eftir fer annar hluti umfjöllunar um fagþingið en fyrsti hlutinn birtist í 5. tbl. Bændablaðsins 10. mars sl.

4. Bústjórn

Samhliða stækkandi kúabúum í Danmörku, en meðalkúabúið er um 180 árskýr núna, hefur starfssvið kúabænda landsins breyst mikið frá því sem áður var og úr því að vera hálfgerðir einyrkjir í það að vera framkvæmdastjórar. Vegna þessa hefur á undanförunum árum verið lögð mikil áhersla á þætti sem snúa að því hvernig er best að stjórna stórum búum sem hafa starfsmann eða starfsmenn. Það hlutskipti hentar eðlilega ekki öllum en í þessari málstofu fengu áheyrendur möguleikann á því að hlusta á sex erindi sem öll sneru að þessum verkþætti með einum eða öðrum hætti.

Af annars mörgum finum erindum er ástæða til þess að nefna sérstaklega erindi Vibeke Fladkær Nielsen. Hún er sérfræðingur SEGES í bústjórn og mun nú í apríl halda námskeið RML um leiðir til bættrar bústjórnar og er full ástæða til þess að hvetja alla áhugasama til þess að sækja þessi námskeið hennar. Í fyrirlestrinum gerði hún að umfjöllunarefni ýmis vandamál sem koma upp á búum við stjórnun á fólki, sérstaklega þegar það vantar frumkvæði hjá starfsfólki. Fór hún m.a. yfir þann mikla persónulega mun sem er á okkur öllum. Sumir eru einfaldlega að eðlisfari með mikið frumkvæði en öðrum er það hreint ekki gefið. Þetta má þó virkja með þekktum stjórnunaraðferðum. Þá er frumskilyrði að bóndinn þekki þær aðferðir sem beita þarf á ólíkar persónuleikagerðir.

Fór hún m.a. yfir það hvað það er mikill munur á því hvernig fólk lærir. Sumir gera það að mestu með heyrninni og sé maður með slíkan einstakling í vinnu er mikilvægt að útskýra vel með orðum um hvað verkefnið snýst. Aðrir læra mest með sjóninni þ.e. að sjá verkið unnið og læra þannig af öðrum. Þriðji hópurinn, sem reyndar er ekki stór, lærir best með því snerta á hlutum og í slíkum tilvikum þarf bóndinn að reyna að setja verkefnið þannig fram að viðkomandi tengi kennsluna við



snertingu t.d. við efni, hvernig áferð á að vera og svo framvegis. Síðasti hópurinn lærir með því að hreyfa sig og dregur til sín þekkingu mest út frá reynslu. Það getur verið nokkuð þungt verkefni að kenna fólki í þessum hópi enda oft mjög virkir einstaklingar. Sé maður með svona fólk í vinnu er best að kenna þeim og leiðbeina með því að gera verkþáttinn með viðkomandi frá A-Ö.

Önnur erindi í þessari málstofu voru einnig afar góð en sérstaklega má nefna að nokkur þeirra snéru að streitu við búskap en á streitu hefur borið í auknum mæli undanfarin ár, sérstaklega ef fjárhagsörðugleikar eru til staðar.

Fengu áheyrendur að heyra um orsakir vinnustreitu og hvað væri til ráða og var erindi Lisbeth Holt Lenskjöld einkar gagnlegt en hún er vinnusálfræðingur.

Í mjög stuttu máli má draga niðurstöðurnar sama í það að með bættu vinnuskipulagi og fyrirsjáanleika við dagleg störf er hægt að draga verulega úr hættunni á streitu auk þess sem það er gríðarlega mikilvægt að þekkja einkenni streitu sem geta verið líkamleg, andleg og/ eða hegðunarleg.

Líklegt er talið að töluvert margir þjáist af streitu án þess að vita af því og má því nefna hér að dæmi um líkamleg streitueinkenni eru t.d. eymsli í vöðvum, hár blóðþrýstingur, brjóstsvíði, hand- og fót kuldi, minni kynlífslöngun, tíð veikindi af umgangspæstum og breytt neysluhegðun.

Dæmi um andleg streitueinkenni eru t.d. þirringur og viðkomandi verður æst(ur) án mikils áreit- is, gleymaska, svartsýni, skortur á dómgreind, tómleikatilfinning, tíðar martraðir og biturleiki.

Dæmi um hegðunarleg streitueinkenni eru t.d. skortur á forgangsröðun og yfirsýn, einbeitingarleysi, erfiðleikar við að hefja verkefni, óreglulegur svefn, félagsleg ein-

angrun, aukinn flumbrugangur og skortur á frumkvæði.

5. Kjötframleiðsla

Í raun voru tvær málstofur sem snéru að kjötframleiðslu en í Danmörku er skilið á milli þeirra sem eru í kjötframleiðslu með naut af mjólkurkúakynjunum og þeirra sem eru í holdanautabúskap.

Sér málstofa var um holdanautabúskap og verður fjallað um hana síðar. Í málstofunni um kjötframleiðslu voru flutt fjögur erindi en öll snéru þau að efni sem snerti þá sem eru sérhæfðir í nautaelði en nánast undantekningarlaust er það svo í Danmörku að sé bóndi í mjólkurframleiðslu þá er hann ekki í nautaelði heldur selur nautkálana til bænda sem eru sérhæfðir í slíkri framleiðslu.

Eitt erindið var flutt af tveimur ungum bændum, þeim Daniel Tølle og Svend Amstrup, sem greindu frá reynslu sinni við það að hefja búskap með nautaelði. Svend hefur búið frá árinu 2007 og er í dag með 1.400 naut í eldi ásamt því að framleiða árlega 39 þúsund sláturgrísi. Hann er með sex starfsmenn og er með 10 jarðir undir starfsemi, þar af leigir hann sex þeirra. Hann kaupir eingöngu Holstein nautkálfa og nær feiknarlega góðum árangri með þá en að jafnaði vaxa þeir 1.246 grömm á dag en þeir fá 17% af daglegu fóðri sem kjarnfóður auk þess sem þeir fá valsað korn, maísvotney og hálm.

Daniel hóf hins vegar búskap árið 2014 og er í dag með 600 naut í eldi. Hann greindi frá því hve erfið það var að hefja búskapinn en fyrsta kostnaðaráætlunin hljóðaði upp á fjárfestingu sem nam um 40 milljónum króna en bankinn hafnaði því með öllu. Þá var skorið niður í skipulaginu og enn fékk hann höfnun. Að endingu leysti hann málið með því að gera fastan framleiðslusamning við sláturhús. Auk þess sem

LOFT Í LOFT
LOFT Í VATN
VATN Í VATN

198.400 Kr.

BESTA VERÐIÐ

verð frá:

517 0270

VERKLAGNIR.IS

Sérfræðingar í varmadælum!

Verklagnir ehf.
Smiðjuvegur 70
200 Kópavogur
Gul gata
Info@verklagnir.is
www.verklagnir.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

ER KROPPURINN Í LAGI?

Mörg búverk krefjast þess að bóndinn sé í líkamlega góðu formi. Hann verður að búa yfir styrk, lipurð og þoli til að mæta ólíkum verkefnum dagsins. Þess vegna er mikilvægt að halda sér í formi, gera reglulega æfingar og leggja áherslu á að styrkja alla vöðva líkamans.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ
ÖRUGGUR
OG GÓÐUR
VINNUSTAÐUR?





Lisbeth Holt Lenskjöld er vinnusálfræðingur og hefur sérhæft sig í streitu á vinnustöðum.

fóðurfyrirtæki kom að fjármögnun-inni með honum og þá gat hann haf-ist handa og bankinn lánaði honum sem nam um 5 milljónum íslenskra króna. Þá uppfylla 85% sláturgripa hans sérstakar danskar kröfur sem kallast „Dansk kalv“ en til þess þarf aðbúnaður, uppeldi og umhverfi allt að uppfylla mun strangari kröfur en hið opinbera gerir til framangreindra þátta. Kjöttið er enda selt og mark-aðssett sem slíkt í harðri samkeppni við innflutt kjöt. Ástæðan fyrir því að þetta eru naut af mjólkurkúakyni! Í „Dansk kalv“ kerfinu þarf að slátra nautunum 8–10 mánaða gömlum og er fallþungi þeirra þá um 200 kíló.

6. Kynbætur

Sjötta málstofan fjallaði um kynbætur og voru að þessu sinni einungis flutt tvö erindi. Annað um kynbætur með því að nota sæði úr öðru mjólkurkúakyni og ná þannig fram blendingsprótti.

Hitt erindið snéri að mjaltaeiginleikum og hvernig best sé að standa að því að mjólka kúr í dag. Tilfellið er að mun einfaldara er að breyta tækninni en kúnum og snéri umfjöllunin því að því hvort búið væri að ná þeim árangri sem ætla mætti með

þætti eins og jógurlagi, spenastærð, spenalögun og staðsetningu spena ásamt atriðum eins og jógurfestu og -bandi.

Erindið var flutt af fimm ólíkum fyrirlesurum og var komið inn á bæði hefðbundna mjalatækni sem og mjaltaþjóna og hvort tæknibúnaðurinn í dag væri nógu heppilegur fyrir kurnar.

Það þarf ekki að koma á óvart að tæknibúnaðurinn sem er notaður í dag hentar kúm ágætlega en allt of oft er hann ekki notaður rétt. Nefnd voru dæmi þessu til stuðnings en þáttur eins og mismjaltir er t.d. mjög bústengdur þ.e. bú með samskonar gripi geta verið með mikinn breytileika á þessum mjaltaeiginleika.

Skýringin felst fyrst og fremst í því hvernig mjalatækni er notuð á viðkomandi búum. Þá er töluverður munur á milli búa þegar atriði eins og spenagúmmistærð er skoðuð, lögun mjaltaþjónsins, notkun hjálparanna við að halda uppi mjalatækjum og/eða notkun á slöngustýringu og við hvaða flæði mjalatækin eru tekin af kúnum. Enn fremur var athyglisvert að sjá niðurstöður á rannsókn þar sem skoðaðar voru margs konar mjaltaupplýsingar og þær bornar saman við útlitsmat 1.800 Holstein kúa á fyrsta mjaltaskiði fyrir ofangreinda mjaltaeiginleika. Þar kom í ljós, og kemur svo sem ekki á óvart, að þeir þættir sem hafa mest áhrif á slök afköst mjaltaþjóna eru of nástæðir afturspenar, of framþung jógur og of mikil jógurdýpt.

Af þessum þremur þáttum skipti

jógurdýptin langmestu máli og tafði mest fyrir því að mjaltaþjónarnir gætu sett hratt á spenana. Atriði eins og spenastærð og spenalengd hafði mun minni áhrif en margur skyldi ætla en þó kom fram að séu spenar of grannir eiga mjaltaþjónarnir erfiðara með að „sjá“ þá en séu þeir breiðari. Mjög breiðir spenar eru reyndar ekki heldur góðir og voru mjaltaþjónar að jafnaði fljótastir að setja á kúr sem voru með 24–25 mm breiða og 45–50 mm langa spena.

Í næsta Bændablaði verður fjallað um síðustu málstofur fagþingsins. Þeir sem ekki geta beðið þeirrar umfjöllunar má benda sérstaklega á að bæði útdrættir og flest erindi, þ.e. afrit af glærum fyrirlesara, má hlaða niður af heimasíðunni www.kvaegkongres.dk, en rétt er að geta þess að mest allt efni er á dönsku en þó er hluti þess á ensku.

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Ráðgjafi hjá SEGES P/S
Danmörku

Vorverkin

- Haugsugubarkar
- Kraftklemmur
- Keðjur og hnallar í haugdreifarann
- Hnifar og festingar í jarðtætara
- Hnifar, kambar og klippur

Fyrir sumarið

Sláttuvélahnifar og tindar í flestar gerðir heyrinnuvéla.



Vélaval

580 Varmahlíð
453 8888
velaval.is
velaval@velaval.is

Gleðilega páska

VORTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

34 mm bjálki / Einfeld nótn

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 169.900,- án fylgihluta
kr. 199.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótn

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9m² - án gólfs
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 309.900,- m/fylgihlutum

28 mm bjálki / Einfeld nótn

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

70 mm bjálki / Tvöföld nótn

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd
kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðsla
VISA Lán

volundarhus.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is - Sími 864-2400

Bændablaðið
BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR FÖRMIÐLA & LANDSÞYGGINGA

Bændablaðið
Kemur næst út

14. apríl

FJÁRFLUTNINGAKERRUR AF ÖLLUM STÆRÐUM

TA 510 Kerra
Til með eða án milligólfs.

Q6e Off road Kerra
Góð aftan í fjórhjól og sexhjól.

Stockmaster Kerra
Yfirbygging með milligólfi.
Auðvelt að breyta í rúlluvagn.

Hyrjarhöfði 8 110 Reykjavík
sími: 577-1090
netfang: sala@vikurvagnar.is
www.vikurvagnar.is

Meira vinnuhagræði – minni sóun

Vinnuhagræðing, betri nýting aðfanga og skilvirkari rekstur er verkefni sem allir sem reka fyrirtæki standa frammi fyrir daglega.

Tölur úr búreikningum sýna svo ekki verður um villst að margir geta sótt talsvert í bætta rekstur búsins og því mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á að skoða allar færar leiðir í því skyni. Í nágrannalöndum okkar hafa menn í auknum mæli innleitt svokölluð skilvirkni-erfi eða bústjórnarkerfi inn í vinnu við landbúnað í því skyni að ná betur utan um verkferla og daglega vinnu á búnum til að hámarka nýtingu á aðföngum og vinnuafli í verðmætasköpun á búinu.

Síðustu ár hafa bú stækkað og þau orðið tæknivæddari. Með stærri framleiðslueiningum og breyttum búskaparháttum fjölga þeim sem koma að vinnu á búinu annaðhvort sem fastir starfsmenn eða verktakar í ákveðin verkefni. Góð verkstjórn og verkefnastjórnun er því orðinn mjög mikilvægur þáttur í rekstrinum.

LEAN management

„LEAN management“ er vel þekkt um allan heim í stjórnum. Á íslensku hefur þetta verið kallað straumlínu-stjórnun og á uppruna sinn hjá

Toyota-verksmiðjunum í Japan. Aðferðafræðin hefur verið aðlöguð að búrekstri og notuð með góðum árangri m.a. í Danmörku. Í grundvallaratriðum snýst LEAN um að draga úr sóun í framleiðsluferlunum. LEAN þýðir „magurt“ og því er markmiðið að skapa meiri verðmæti með minni aðföngum, eða að framleiðnin sé aukin með meiri skilvirkni.

Meðal grundvallaratriða í LEAN eru að öðlast skilning á virðiskeðju búsins, að búa til gott flæði í vinnuna og að stöðugt sé unnið að því að bæta verkferla. LEAN er ekki einsskiptis-aðgerð heldur snýst um að koma upp vinnuvenningu á búinu þar sem stöðugt er leitast við að finna skilvirkari og skynsamari leiðir við framkvæmd vinnunnar.

Hvernig er unnið með LEAN

LEAN byggir á þeirri hugmyndafræði að framleiðsla eigi að taka mið af eftirspurn þannig að eingöngu sé framleitt það sem viðskiptavinurinn vill kaupa. Hér er ekki eingöngu verið að tala um framleiðslu á mjólk eða kjöti fyrir neytendur heldur þarf að skilgreina innan framleiðslueiningarinnar/búsins hverjir eru



Í sveitinni.

Myndir / HKr.

framleiðendur og hverjir eru viðskiptavinir í hinum ýmsu ferlum á búinu.

Einfalt og skýrt dæmi er til dæmis að tún og akrar eru framleiðandi að fóðri fyrir þá gripi sem eru á búinu. Gripirnir eru viðskiptavinurinn og af túnum og ökrum þarf að koma fóður af réttu magni og réttum gæðum fyrir gripina. Of mikil framleiðsla á heyi sem ekki er not fyrir á búinu

og hugsanlega er ekki hægt að selja fyrir ásætlanlegt verð er sóun.

Í gegnum þessa aðferðafræði hefur verið hægt að sækja mikla hagræðingu í rekstri búa og það má sjá það fyrir sér að hægt sé að nýta hana, hvort heldur sem er hvað varðar einstaka lykilþætti í framleiðsluferlinu eða heildstætt í öllum búrekstrinum.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnað-

arins mun dagana 11.–13. apríl standa fyrir námskeiðum í notkun á LEAN til að auka skilvirkni í búrekstri. Fyrirlesari á námskeiðinu er Vibeke F. Nielsen, landsráðunautur hjá SEGES P/S í Danmörku. Sérsvið hennar er bústjórn og betri nýting framleiðslutækja. Hér í blaðinu er einnig þýdd og staðfærð grein eftir hana sem birtist í Kvæg í desember 2010.

LEAN – Mikill fjárhagslegur ávinningur af því að draga úr sóun

Grundvallarþáttur í notkun á LEAN er að draga úr sóun á verðmætum. En hvað er sóun og hvernig kemst maður hjá henni?

Í LEAN er allt sem felur í sér kostnað eða vinnu án þess að skila ávinningi flokkað sem sóun. Sóun getur leynst í mörgum verkferlum sem unnir eru á hverjum degi og því getur verið snúið að greina þessa þætti. Í LEAN er sóun flokkuð í 7 flokka sem eiga að auðvelda mönnum að nota þessar skilgreiningar í daglegum störfum.

Dauður tími (biðtími)

Dauður tími er sóun óháð því hvort verið er að tala um biðtíma hjá starfsmönnum, ónýttar vinnuvélar eða hreinlega upplýsingar sem ekki er unnið úr og nýtast því ekki sem skyldi. Biðtími er ónýttur tími sem leiðir til þess að ekki er eðlilegt flæði í vinnunni á búinu, sem dæmi má nefna:

- Ef vinnuskipulag er sett upp þannig að nota þarf sömu vélina á tveim stöðum í einu.
- Biðtími við vinnu við áfyllingar, t.d. þegar standa þarf við vatns-karið meðan rennur í það.
- Bið eftir samstarfsmönnum.
- Leit að hlutum sem ekki eru á sínum stað.
- Leiðir til að draga úr þessari tegund af sóun:
- Dreifa vinnuálaginu betur yfir daginn svo allir starfsmenn nýttist sem best.
- Leggja áherslu á að sem flest verkefni sé hægt að leysa af einum starfsmanni.
- Hafa ávallt tilbúinn verkefna-lista með verkefnum sem hægt er að vinna ef starfsmaður þarf að bíða.
- Koma góðu skipulagi á svo ekki fari tími í að leita að hlutum sem þarf að nota.

Flutningar

Miklir flutningar geta leitt af sér sóun. Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í landbúnaði síðustu ár, þar sem búin hafa stækkað og umfangið aukist, þarf sérstaklega að gefa þessu gaum. Stærri hjarðir, fleiri byggingar og flæði tún sem þarf að heyja auka allt umfang. Sem dæmi má nefna:

- Að geyma hluti tímabundið ein-



hvers staðar í staðinn fyrir að þeir fari beint þangað sem þörf er á þeim.

- Akstur með hálflestaðan vagn.
- Óþarfa flutningur á fóðri t.d. ef of mikið er tekið og það þarf að skila helmingnum til baka.
- Langir og vinnufrekir flutningar á mjólk í kálfa.
- Ef sækja þarf aðföng á marga mismunandi staði, t.d. fóður sem blanda á heilfóður úr.
- Leiðir til að draga úr þessari tegund af sóun:
- Forðist tímabundna geymslu á hlutum einhvers staðar.
- Lágmarka vegalengdir sem flytja þarf aðföng og hluti.
- Flokka og merkja tæki og tól sem nota þarf, t.d. að allt sem nota þarf við burðarhjálp sé sett saman og merkt þannig að ekki þurfi að fara margar ferðir hingað og þangað eftir verkfærum.

Stórir og óhagkvæmir vörulagerar

Óþarfa geymsla á miklu magni af vörum á lager er sóun. Ef mikið magn af vörum/aðföngum er geymt til lengri tíma getur verið erfitt að finna einstaka hluti þegar maður hefur þörf á þeim. Fóður og varahlutir eru eitthvað sem nauðsynlegt er að eiga á lager en þá gildir að lagerinn sé ekki óþarflega stór t.d. að ekki sé verið að geyma margra ára birgðir af heyi eða varahlutum. Sem dæmi má nefna:

- Mjög mikið af varahlutum til á lager eða geymsla á ónýtu fóðri.
- Stór og óskipulagður lager af hlutum þar sem erfitt er að finna það sem vantar.

- Lager af hlutum sem eru orðnir óþarfir eða skemmast áður en það þarf að nota þá.
- Leiðir til að draga úr þessari tegund af sóun:
- Kaupa inn í samræmi við þarfir og pláss.
- Minnka vörulagera og skipuleggja vel þannig að ekki fari óþarfa tími í að leita að hlutum sem þarf að nota.

Óþarfa vinna og endurtekningar

Hér er verið að tala um sóun vegna vinnu sem unnin er án þess að hún sé að skila árangri eða hagnaði. Sem dæmi má nefna:

- Að halda í gamalt og úrelt vinnulag þegar skilvirkari vinnuaðferðir eru til.
- Að gera hreint þar sem ekki er skítugt.
- Að nota margar mismunandi tegundir af fóðri þegar færri duga til að ná sama markmiði.
- Leiðir til að draga úr þessari tegund af sóun:
- Skoða hvert verk fyrir sig og hvernig þau eru unnin. Er vinnan skilvirk eða er hægt að draga úr vinnu við verkin og ná sama eða betri árangri?
- Skilgreinið verkferla svo allir séu samstiga um hvernig vinna á hlutina.

Offramleiðsla/offjáfesting

Hér er átt við þegar framleiðsla er umfram þarfir eða áður en þörf er á vörinni. Þannig dregur úr skilvirkni í framleiðslunni því að það gengur hraðar á aðföng og krefst meiri vinnu en raunverulega er þörf á. Einnig er

meiri hætta á að offramleiðsla leiði af sér annars konar sóun. Dæmi um sóun vegna offramleiðslu/offjáfestingu:

- Heyskapur er umfram þarfir eða ekki í réttu samhengi við þarfir þannig að mikið verður til af fyrningum sem þurfa geymslu-pláss og tapa gæðum.
- Nýbyggingar eða tæki (t.d. mjaltapjónn) sem ekki eru fullnýtt.
- Framleiðsla á mjólk sem ekki er hægt að selja.
- Leiðir til að draga úr þessari tegund af sóun:
- Setja fram skilgreiningar og staðla fyrir alla verkferla.
- Setja markmið um að framleiðsla/fjáfestingar séu í samræmi við eftirspurn (þarfir viðskiptavinarins).

Óþarfa snúningar

Óþarfa snúningar eru sóun á tíma. Verk á alltaf að vinna þannig að sem fæst handtök þurfi til að framkvæma verkið. Eftir því sem aðstæður á búinu kalla á meiri líkamlega vinnu eru líkur á sóun vegan óþarfa snúninga meiri. Sem dæmi má nefna:

- Stöðug hlaup eða leit eftir verkfærum.
- Stíga upp og niður úr dráttarvél til að opna og loka hliðum.
- Líkamleg vinna sem hægt er að framkvæma með vélum.
- Leiðir til að draga úr þessari tegund af sóun:
- Staðsetja hlutina þar sem stutt og þægilegt er að nálgast þá þar sem þeir eru notaðir.
- Þegar um er að ræða verk sem

eru tímafrek og slítandi getur borgað sig að fjárfesta í tæki sem leysir mannshöndina af hólmi. T.d. getur flógoði verið skynsamleg lausn þegar skafa þarf umtalsvert marga fermetra af rimlagólfi eða sópvél ef oft þarf að sópa stóra gólfleti.

Mistök:

Þegar mistök verða við vinnu getur það leitt til sóunar á verðmætum. Það er mannlegt að gera mistök og mikilvægt að draga úr líkum á að slíkt komi fyrir. Sem dæmi má nefna:

- Lyfjablönduð mjólk fer í tankinn.
- Röng lyfjagjöf eða meðhöndlun á veikum skepnum sem verður til þess að dýrið drepst.
- Léleg þökkun á rúllum þannig að fóður skemmist. Leiðir til að draga úr þessari tegund af sóun:
- Skilgreina verkferla þannig að allir starfsmenn geti á auðveldan hátt vitað hvernig á að vinna hlutina.
- Tryggja eðlileg samskipti og samstarf allra stafsmanna þannig að menn hjálpist að og minnki líkur á að mistök eigi sér stað.

Léleg nýting á vinnutíma og þekkingu

Í viðbót við þá sjö þætti sem hér hafa verið taldir upp má nefna tvo þætti sem snúa beint að einstökum starfsmönnum búsins. Annars vegar er hægt að tala um sóun þegar þekking og reynsla starfsmanns er ekki nýtt sem skyldi í vinnu á búinu og hins vegar ef starfsmaður nýtir vinnutíma sinn illa þannig að vinnuafköst eru ekki viðunandi. Með notkun á LEAN-verkfærum er hægt að vinna markvisst að því að minnka sóun á búinu og þannig bæta reksturinn í gegnum meiri skilvirkni og betri nýtingu aðfanga.

Greinin heitir á dönsku Lean: Mange penge at hente ved at undga spild og birtist áður í Kvæg í desember 2010. Höfundur er Vibeke Fladjær Nielsen, landsráðunautur hjá SEGES S/P í Danmörku. Þýtt og staðfært af Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur. RML

Góður gangur í starfsemi RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) er nú á sínu fjórða starfsári. Markmiðið með stofnun fyrirtækisins var að til yrði öflugt ráðgjafarfyrirtæki sem byði upp á faglega ráðgjöf ásamt því að sjá um framkvæmd skýrsluhalds og ræktunarstarf.

Í upphafi árs 2013 beið okkar stjórnenda og starfsmanna ögrandi verkefni að sameina í eitt fyrirtæki og byggja upp starfsemi sem bændur vildu nýta. Það voru ekki allir sáttir við þessar breytingar af margs konar ástæðum, aðrir sáu í þessu tækifæri.

Síðasta rekstrarár var hagstætt

Rekstrarárið 2015 kom vel út og fyrirtækið skilaði rúmum 16 milljóna króna hagnaði eftir taprekstur fyrstu tvö árin. Hagræðingaraðgerðir sem var farið í vorið 2014 ásamt vaxandi sölu á ráðgjöf til bænda hefur skilað sér í bættri afkomu fyrirtækisins. Mikil áhersla var lögð á það strax frá stofnun að halda vel utan um verkskráningar og gera upp helstu verkefni. Við höfum því í dag miklar upplýsingar um starfsemiina og hvernig fjármagnið sem við fáum er að nýtast í rekstrinum.

4.000 viðskiptavinir

Viðskiptamannahópurinn hefur stækkað um þriðjung frá fyrsta rekstrarári. Það þýðir að nýir viðskiptavinir eru um 1.000 og heildarfjöldi þeirra var um 4.000 á síðasta ári. Tekjur hafa aukist um 15% frá fyrsta rekstrarári, langmest vegna sértekna en þær hafa aukist um tæpar 50 milljónir. Á sama tíma hafa gjöld aukist um tæp 2%.

Árangur í rekstri er því verulegur og tekist hefur nokkuð vel að búa fyrirtækið rekstrarlega undir þá framtíð að standa án tekna úr búnaðargjaldi. Sú meginbreyting að

innheimta fyrir veitta ráðgjöf veitir okkur aðhald og styrkir faglega og árangursríka vinnu bændum til hagsbóta. Heilmikil vinna hefur farið í að þróa ráðgjöfina og gera hana aðlaðandi þannig að bændur sjái sér hag í því að nota hana. Það er metnaður okkar að gera betur ár frá ári og í því sambandi setjum við okkur mælanleg markmið í starfinu sem við nýtum okkur til hvatningar en ekki síður til að auka markvisst þann tíma sem við nýtum í beina ráðgjöf til bænda.

Faglegt starf

Fjölmörg dæmi eru um að bændur sjái ávinning af ráðgjafarþjónustunni, bæði beinan fjárhagslegan og til að hjálpa til við ákvarðanatöku. Við höfum einnig fengið mjög góðar umsagnir meðal annars frá lánastofnunum, búgreinafélögum og fyrirtækjum fyrir vel unnar áætlanir. Við höfum reynt að skapa svigrúm í rekstrinum til þess að þróa hjá okkur faglegt starf með endurmenntun ráðunauta, teymisvinnu og ýmiss konar þróunarvinnu.

Menntunarstigið í fyrirtækinu er hátt en einnig er starfsreynsla margra ráðunauta mikil. Þekking innan fyrirtækisins er því afar mikil sem nýtist nýjum starfsmönnum vel. Við höfum nýtt þá sjóði sem í boði eru til að styðja við þróunarstarf og á síðasta ári unnum við að fleiri þróunarverkefnum en nokkru sinni áður, sem eru þegar farin að skila sér inn í starfið hjá okkur.

Auðvitað eru alltaf tækifæri til að gera betur. Umhverfi landbúnaðarins er síbreytilegt og við þurfum stöðugt að leita okkur þekkingar, tileinka okkur nýjungar og fylgjast með áherslubreytingum í ráðgjöf erlendis. Við þurfum líka að flytja inn þekkingu ásamt því að styðja við og hvetja til að rannsóknir séu gerðar

innanlands. Innan fyrirtækisins er því unnið að gerð starfsþróunaráætla-ana fyrir hvern og einn starfsmann, sem tekur mið af áherslum viðkomandi en endurspeglar eftirspurnina á hverju sviði fyrir sig.

Breyting á búnaðargjaldi

Eins og kunnugt er eru allar líkur á að innheimtu búnaðargjalds verði hætt um næstu áramót. Búnaðargjaldshlutar RML hefur verið um þriðjungur af tekjustofni RML eða um 145 milljónir. Gjaldið hefur því verið féláginu mikilvægt og ljóst var að núverandi starfsemi myndi ekki þola það ef þessar tekjur hyrfu í einu veffangi. Með ramma-samningi sem samþykktur var á síðastliðnu búnaðarþingi hefur það verið tryggt að samsvarandi tekjur komi inn í RML árið 2017. Þær tekjur munu dragast saman ár frá ári þannig að í lok samningstímabilsins eftir 10 ár verða þær ekki lengur fyrir hendi. Því eru gerðar ríkar kröfur á fyrirtækið um að ná enn meiri árangri í rekstri, eigi að halda úti viðlíka starfsemi og verið hefur.

Stefnumótun

Stjórn RML hefur ákveðið að setja af stað stefnumótunavinnu sem áætlað er að verði lokið í haust. Umhverfið er að breytast, tekjustofnar að minnka og því er mikilvægt að fá rödd bænda og starfsfólks með skýrum hætti að mótun áherslna fyrirtækisins og sóknaráætlunar þess til næstu ára.

Á búnaðarþingi voru ýmsir þættir í rekstri RML til umfjöllunar hjá nefndum. Sú vinna ásamt spurningakönnun og jafnvel fundahöldum með bændum mun vera notuð til að draga fram hugmyndir bænda varðandi framtíðarstefnu RML. Fyrirtækinu er ætlað að starfa fyrir

og í þágu bænda og miklu máli skiptir að þeir láti sig varða hvert því er ætlað að stefna.

Ég er þess fullviss að RML muni gegna veigamiklu hlutverki til framtíðar og við viljum vera öflugur valkostur fyrir bændur sem eru bæði

Karvel Lindberg
Karvelsson
framkvæmdastjóri
klk@rml.is



okkar eigendur og viðskiptavinir. Við gerum ráð fyrir að þær breytingar sem boðaðar hafa verið í búvörusamningum sem nú eru í atkvæðagreiðslu hjá bændum muni leiða til þess að verkefni okkar muni aukast verulega á næstu misserum.



“Bóndi er bústólpi”

(Því skal hann skæddur vel)

NÝJU BÆNDASTÍGVÉLIN ERU KOMIN!

Há gúmmístígvél með gripgóðum sóla. Stílhrein og þægileg. Stígvélin eru víð um kálfana. Endurskinsmerki á hælnum. Stígvélið er 40 cm á hæð.

Verð kr. 8.900,-
Til í stærðum 38-47

Endursöluaðilar:

Baldvin og Þorvaldur, Selfoss
Fákasport, Akureyri
Fóðurblandan, Egilsstöðum
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
KM Þjónustan, Búðardal
Lífland Akureyri, Blönduós,
Borgarnes, Lynghálsi
Skipavík, Stykkishólmi
Varahlutaverslun Björns, Helli
Verslunin Eyri, Sauðárkrók
Verslunin Tákn, Húsavík
Vélsmíðja, Hornafjarðar
Búaðföng, Hvolsvelli

www.fjalli.is

Vild ehf. Heildverslun - Smíðsbúð 6, 210 Garðabær, S: 564-5040

Hugmynd verður hænsnakyn

Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is



Á gríðarlega áhugaverðu hugvísindafingi HÍ síðastliðinn föstudag og laugardag varð ég fyrir þeirri undarlegu lífsreynslu að vera nánast staðinn að verki í einu erindi sem þar var flutt. Var það í málstofu sem bar það virðulega heiti „Landnámið í skarpri upplausn“.

Þar voru Albína Hulda Pálsdóttir og Jón Hallsteinn Hallsson með erindi sem hét „Landnámsheitan – Er góð saga gögnum betri?“ Þetta var ákaflega áhugavert erindi sem ég hvet alla til að kynna sér (http://hugvis.hi.is/landnamid_i_skarpri_upplausn).

Í erindinu er saga landnámsheitanunnar rakin eins og skráðar heimildir leyfðu. Um upphaf þess starfs finnast ekki skráðar heimildir en ég þekki ögn til þar. Þegar í ljós kom að þetta væri nútímasaga var ekki áhugi fornleifafraeðinganna til að kynna sér hana nánar. Fornöldin hafði forgang umfram að leita sannleikans betur, sem ég hafði að visu vanist hjá þeim háskólum, sem ég þekki til, að þeir litu á sem hlutverk sitt. Hins vegar hvöttu nokkrir málstofugestir mig til að koma þessari sögu á blað og vil ég verða við óskum þeirra. Reynsla hefur líka þegar kennt mér að réttar frásagnir og heimildir geta, áður en maður sjálfur gerir sér grein fyrir, orðið ómetanlegar.

Hugmyndaríkur og einstakt ljúfmenni

Upphaf sögunnar er það að vorið 1972 sótti ég mitt fyrsta samnorrena liseniatnámskeið af fjölmörgum í búfjárflyngbótafræði. Fyrirlesari nám-



„Íslensk landnámsheitan“ í Bjarnarhöfn. Breski bóndinn Roger Mason verslaði allnokkur egg hjá Hildibrandi í Bjarnarhöfn og ungaði þeim út í Bretlandi.

Mynd / HKR.

skeiðsins var W.G. Hill frá Edinborg, en námskeiðið hafði prófessor Kalle Maijala í Finnlandi skipulagt og var það haldið í Helsinki. Örstutt um þessa einstöku heiðursmenn. Hill hafði þá nýverið skotið upp á himin þessara fræða sem skærasta ungstírinn. Þar hefur hann síðan skinið til þessa dags sem höfuðtungl

og leiðarstjarna þessarar fræðigreinar. Nýverið birti ég hér í blaðinu greinarflokki um úrvalstilraunir þar sem mikið af hugmyndum voru sóttar í fræðagarð Hill.

Maijala var hins vegar prófessor í Helsinki í nær fjóra áratugi og á þeim tíma heilinn að baki öllu búfjárræktarstarfi í Finnlandi (nema í hænsnum, sem hér eru til umræðu). Maijala var mjög hugmyndaríkur og einstakt ljúfmenni sem unun var að starfa með. Eins og síðar verður nefnt þá var hann ásamt Stefáni Aðalsteinssyni og fleirum sporgöngumaður norræns samstarfs um verndun erfðabreytileika hjá búfé. Þær fréttir bárust fyrir um hálfum mánuði að nú væri þessi heiðursmaður fallinn frá.

Varðveiting erfðabreytileikans

Setjumst aftur á skólabeck í Helsinki. Í lok hinna stórsnjöllu fyrirlestra fór Hill að fjalla um það sem fyrir öllum var þá ný hugsun. Jafnhið þá að við störfuðum að því að ná sem mestum kynbótaárangri með vinnu okkar væri fyllilega tímabært að fara að huga að því á hvern hátt við varðveittum erfðabreytileikann í stofnunum og ekki síður að ekki mætti útrýma öllum erfðabreytileika sem við í dag mætum gagnslausan vegna þess að þar gæti leynst margt,

sem kæmi ef til vill að notum fyrir en okkur grunaði. Fyrir okkur sem á hlýddum og vafalítið flesta þá voru þetta alveg ný fræði.

Þarna held ég að sé raunar að finna upphaf að því sem síðan varð á örfáum árum að heimshreyfingu í þessum málum. Maijala var þarna á staðnum og hugmyndirnar breiddust hratt til annarra landa með stúdentunum sem þarna voru. Forystumenn allra Norðurlandanna mynduðu strax starfshóp um málið. Þar voru Maijala og Stefán sem áður eru nefndir, Rendel frá Svíþjóð, Neimann-Sörensen frá Danmörku og Nils Kolstad í Noregi. Allt menn úr fylkingarbrjósti búfjárræktarstarfs í sínum löndum. Í framhaldinu kemur mjög öflugt starf á þessu sviði hjá Evrópska búfjárræktarsambandinu (EAAP) og starf á heimsvisu hjá FAO.

Á þessum tíma starfaði ég sem aðstoðarmaður hjá Stefáni Aðalsteinssyni á RALA. Við tömdu okkur þá að gefa okkur tíma á morgnana til að setjast niður og yfirfara það sem við vorum að vinna hverju sinni og skýra hvor fyrir öðrum það sem við höfðum nýjast lesið af athyglisverðum hugmyndum.

Heillaðist af nýjum hugmyndum

Nú kem ég þarna úr austurvegi útbólginna af nýjum hugmyndum að ég taldi. Svo kom síðan undir lokin hjá mér eins og verið hafði í fyrirlestrum hjá Hill að ég sagði að mögulega hefði samt verið það merkilegasta hjá honum þessar nýju hugmyndir um verndun erfðabreytileika. Þeir sem þekktu Stefán vita hve hann gat heillast af nýjum hugmyndum. Þarna var eins og eldingu lysti í höfuð honum. Fljótsagt er að þetta var nánast hans lífshugsjón til æviloka frá þessum tíma. Skilaði hann þar flestum öðrum meira starfi eins og vænta mátti þar sem hann beitti sér. Beinum afskiptum mínum að þessum málum lauk að mestu með þessu.

Sagan um hænsnin í þoku

Stefán þekkti öllum öðrum betur erfðir hjá og sögulega sérstöðu íslenska búfjárins. Ljóst var að íslenski hesturinn, íslenska kýrin og íslenska sauðféð voru gimsteinar sem öllu varðaði að yrðu varðveittir. Geitastofninn var í útrýmingarhættu. Heimildir sögðu okkur að engan séríslenskan svínastofn

var að finna. Hvað um hænsnin? Þar var sagan í þoku.

Stefán fékk þá hugsjón að reyna að koma upp gömlum íslenskum hænsnastofni ef mögulegt reyndist að finna þar einhver forn tengsl. Safnaði hann fuglum og eggjum til útungunar frá stöðum þar sem hann fékk upplýsingar um fugla sem mögulega ættu eldri stofnsögu. Eldri saga var yfirleitt ákaflega rýr.

Nýi „íslenski“ stofninn á RALA

Ég sá þessa fugla þarna, en þá hafði ég nýlengi námi í almennum búfjárfraeðum og fundist of margt þessara hænsna afsteypa af erlendum blendlínunum, sem ég hafði þá kynnst. Auk þess hafði ég lítt spennandi lífsreynslu af hænsnum. Sem strákstauli hafði ég lent í því þegar karl faðir minn ásamt fleiri hænsnaeigendum þar í sveit tóku upp þá sérkennilegu hugmynd að unga út hænsnaeggjum til að fjölga hænum en vegna þess að þeir kunnu ekki til að kyngreininga kvikindin kom stór hanahópur, sem kom í minn hlut að annast. Ég gat ekki varist því að útlitsbreytileikinn í þessum nýja „íslenska“ stofni á RALA minnti mig óþægilega á hanakvikindin. Óþarfi að nefna að þekkingar minnar á hænsnum var ekki frekar óskað vegna ræktunar „íslensku hænnunar“.

Stefán var sérlega vandur vísindamaður og í hans skrifum mun hvergi neitt að finna um uppruna landnámsheitananna, sem tengir þau við landnám. Eins og áður segir var norrænn uppruni íslenska búfjárins Stefáni hjartans mál og hann átti sér áreiðanlega þann draum að finna mætti norrænan uppruna hænsnanna, sem sennilega er nú ljóst að ekki er fyrir hendi.

Goðsögnin um „íslensku landnámsheitanuna“

Síðar tekur við ræktun á svokölluðum „landnámsheitanum“ hér á landi. Þar hygg ég að mest hafi farið fyrir einstöku áhuga- og hugsjónafólki. Þessu fólki hefur tekist, eins og Albína og Jón rekja svo skemmtilega, að koma upp goðsögninni um „íslensku landnámsheitanuna“. Eldri flökkusagnir tala um að ein fjöður geti orðið að nokkrum hænsnufuglum en þetta er fyrsta dæmi, sem ég þekki, um að hugmynd hafi orðið að nýjum hænsnastofni. Sjálfur kynntist ég í verki í vor hve útbreiðsla hænsnanna getur gengið hratt fyrir sig.

Í júníbyrjun kom hingað til lands breskur bóndi, Roger Mason, sem er þekktur fyrir það að vera sá einstaklingur, sem staðið hefur fyrir nánast öllum þekktum innflutningi til Bretlands á sauðfé til kynbóta síðustu tvo áratugi. Undir lok heimsóknar hans fór ég með hann í ferð vestur á Snæfellsnes. Heimsóttum við þar snillinginn Hildibrand í Bjarnarhöfn og Roger sá hjá honum „landnámsheitan“ þannig að hann verslaði allnokkur egg hjá Hildibrandi. Snemma vetrar fékk ég tölvupóst frá Roger, sem sagði hróðugur frá því að nokkrar skrautlegar „íslenskar landnámsheitanur“ hefðu seinnipart sumars sprangað um hlöð hjá honum fyrir þær á milli 30–40 þúsundir gesta, sem heimsækja hans opna bú á hverju ári.

Enn og aftur hvet ég lesendur til að kynna sér hið bráðskemmtilega erindi Albínu og Jóns. Lokaorð þeirra segja allt um það sem gerst hefur. „Íslenska landnámsheitan“ þjónar því sem skemmtilegt dæmi um hvernig markaðssetning og ófullnægjandi heimildanotkun fræðimanna geta í sameiningu myndað vítahring sem viðhaldið getur upprunagoðsögn í beinni móttöðu við fyrirliggjandi gögn.“



Háskólinn á Hólum

Þú finnur Hólaskeiðin bæði á Facebook og Twitter!



Hagnýtt háskólanám

- Ferðamálafræði
- Viðburðastjórnun
- Fiskeldisfræði
- Reiðmennska og reiðkennsla

Tækifærin eru í okkar greinum



Hólaskeiðin - Háskólinn á Hólum

Hólum í Hjalteidal 551 Sauðárkrúkur
Sími 455 6300 holaskoli@holar.is www.holar.is

Háskólasamfélag með langa sögu
Hólar í Hjalteidal er í senn mikill sögustaður og útivistarparadís.
Háskólinn á Hólum er lítill en öflugur háskóli sem sinnir kennslu og rannsóknum á sviði ört vaxandi atvinnugreina.



Hvenær þarf maður hjálp við vinnu?

— Ýmsar góðar ábendingar úr erlendum forvarnarbæklingum

Á heilli mannsævi eru misjöfn verk sem hver og einn þarf að vinna og alltaf má finna menn sem vilja gera allt sjálfir, einir og án hjálpar. Við lestur á ýmsum forvarnarbæklingum hef ég rekið á marga fróðlega lesningu um vinnuvernd og samantektir slysa við landbúnaðarstörf.

Á Írlandi var gefinn út vandaður bæklingur þar sem markhópurinn voru bændur sem orðnir voru 65 ára og eldri. Í bæklingnum voru teiknaðar myndir svipaðar og í nýja bæklingnum sem BÍ var að gefa út. Í þessum bæklingi voru margar teikningar um hvernig á að fara upp í og niður úr dráttarvél. Aðferðina mætti kalla þrítengingu sem kemur



frá að þegar stigið er í báða fætur þá er önnur höndin að færast upp eða

niður og þegar báðar hendur hafa
tak er annar fóturinn á leið upp eða

niður. Í bæklingnum voru u.þ.b. 10 teikningar upp í dráttarvélina og aðrar 10 niður til útskýringar.

**Framleiðendur John Deere
ötulir að kosta forvarnir í USA**

Í Ameríku er mesta áherslan lögð á forvarnir fyrir börn á sveitabýlum, en oft er notast við barnaskóla til að koma áherslunum heim á býlið í gegnum börnin. Það sem börnin læra í skólanum, sem er spennandi og gaman, þá segja þau frá náminu heima og þannig er skilaboðunum komið heim á býlið. Þessi aðferð í gegnum börnin hefur gefist vel í Ameríku í ýmsum forvörnum. Stundum telur maður sig geta allt

(ég er einn af þeim, nema að ég kann ekki að syngja). Að fá hjálp finnst sumum merki um linkind, en að fá hjálp við erfið verk er ekkert nema skjónsemi. John Deere dráttarvélaframleiðandinn hefur gefið út og kostað mikið af forvarnarbæklingum og í einum af bæklingum frá John Deere sá ég góða ábendingu þar sem talað var um erfiða vinnu. Þar var nefnd sérstaklega sú vinna að þegar skipta þarf um dekk á vélum ættu menn aldrei að vera einir við þá vinnu ef dekkið sem skipta á um er svipað að þyngd og maður sjálfur. Ef dekkið er þyngra en þú sjálfur, fáðu hjálp þér til öryggis, sagði í þessum bæklingi.

Lesendabás

Sala og dreifing á olíu til bænda

Eldsneytisverð skiptir okkur öll máli, hvar svo sem við búum. Við verðmyndun eldsneytis er tekið tillit til ótalmargra þátta, eins og flestum er ljóst. Þar má nefna birgðahald olíufélaganna, dreifingu eldsneytis til kaupenda, auk kostnaðar við vinnslu þess og flutning til landsins að ógleymdum sköttum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

Kostnaður við dreifingu eldsneytis hérlandis er töluverður, sérstaklega um hinar dreifðu byggðir landsins og þar sem fjarlægð frá birgðastöðum olíufélaganna skiptir miklu máli. Þennan kostnað má lækka með hagræðingaðgerðum og breyttu verklagi olíufélaganna en til þessa hefur skort á vilja til þess.

Á nokkrum svæðum á landsbyggðinni er markaðshlutdeild Skeljungs frekar lítil en kostnaður-



Sigurður Orri Jónsson.

inn við að þjóna viðskiptavinunum umtalsverður. Áðurnefnd fjarlægð frá birgðastöðum er þar mikilvægur þáttur enda kostnaðarsamt að flytja

tíltölulega lítið magn af eldsneyti um langan veg til að fylla á oliutanka bænda. Þetta á einkum við um viðskiptavinum félagsins á þremur svæðum landsins, bændur í Norðurþingi, Örfæisveit og Húnavatnssýslum.

Við hjá Skeljungu höfum í nokkurn tíma leitað leiða til þess að breyta verklagi og lækka dreifingar-
kostnaðinn. Það er illmögulegt til
lengdar fyrir félagið að bera þann
kostnað sem óneitanlega fylgir því
að halda uppi óbreyttri þjónustu sem
fellist í því að aka, jafnvel hundruð
kílómetra, til þess að fylla á einn
olíutank.

Skeljungur hefur hvorki viljað skerða þjónustuna við þessa viðskiptavini sína né innleiða afgreiðslugjöld af einhverju tagi. Eina raunhæfa leiðin til að ná hagræðingu í dreifingunni og viðhalda sama þjónustustigi við báendur á þessum



hafi nýtt sér birgðarými á tilteknum stöðum til þess að hindra innkomu keppinauta.

Það er hægt að hagræða töluvert á eldsneytismarkaðnum með breyttum áherslum hvað birgðahald og dreifingu varðar. En miðað við óbreytt ástand sér Skeljungur ekki fram á annað en að hætta olíudreifingu heim til bænda í Norðurþingi, Öræfasveit og Húnavatnssýslum. Þeim hefur þegar verið tilkynnt um þessa ákvörðun.

Sigurður Orri Jónsson,
framkvæmdastjóri
fyrirtækjasviðs Skeljungs.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	34	DÝR	STILLA	PRESSU- GER	TVEIR EINS	ÓBUNDINN		GÖGG	HREYSI	YFIRRÁÐ	RUGLA	
	BEIN											
	BAREFLI						Á FLÍK					
							MASA					
	GRÖM				HRINGUR							
					HRYGGJA							
FARG								HOLU- FISKUR				
								LÍFHVATI				
		SINNI	TVEIR EINS	NASL			TEYMA					
				SKRAF			SLÁ					
SJÚKDÓM					ASKA	MÁLMUR UM- HVERFIS				HLUT- DEILD	FLYTJA	ÓNEFNDUR
VEGA				LISTI				AD- RAKSTUR				
				HÁSETA- KLEFI				KVABB				
HLUTA- FÉLAG			DRALLA				LANGAN					
			PAR				STALLUR					
HYGGINDI				UTAN- HÚSS			EIN- HVERJIR					NÚÐLUR
				ÝKJUR			REIKA					
		OP Á ÍS				BÁGINDI			GUMS			
		SAMS- KONAR							KRAKKI			
RÆÐA						GLJÓFUR			Í RÖÐ		HYLLI	
						ÁI						
PUTTA							LJÓMA			ÖXULL		
							PÍPA			TVEIR EINS		
ELSKA					FLYTJA				KALDAKOL			
Í RÖÐ			FLYTJA					KNÚTA				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Áramótin 2014–2015 komu Marvin og Þorbjörg inn í búskap foreldra hennar, Jóns og Sigrúnar, og var stofnað ehf. um búreksturinn. Fjósið var þá stækkað lítillega og fénu fjölgað. Jón og Sigrún tóku við búinu af foreldrum Jóns árið 1996 en höfðu áður verið með sauðfé frá 1980.

Býli: Prestsbakki á Síðu.

Staðsett í sveit: Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Ábúendur: Tvær fjölskyldur sjá um búskapinn, Jón Jónsson og Sigrún Bøðvarsdóttir, ásamt Berglinði, dóttur þeirra, í fríum. Svo eru það Marvin Einarsson og Þorbjörg Ása Jónsdóttir.


Fjölskyldustærð (og gæludýra): Jón og Sigrún eiga þrjár dætur. Dóttir þeirra, Þorbjörg, ásamt kærasta hennar, Marvin, og eiga þau von á sínu fyrsta barni.



Stærð jarðar? Einhvers staðar á bilinu 3–4.000 hektarar. Ræktað land er um 65 ha í augnablikinu.

Gerð bús? Blandað bú, kýr, kindur og nokkur hross.

Fjöldi búfjár og tegundir? 24 kýr og víðeigandi geldneyti, rétt um 350 fjár, nokkrir hestar og hundarnir Tryggur og Skotta.



Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Byrjar á mjöltum og gegningum í fjósi og gegningum í fjárhúsi. Ýmis árstíðabundin störf yfir daginn. Seinni partinn er svo gefið aftur, mjólkað, og dagurinn endar svo á því að líta á kýrnar fyrir nóttina.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast þykir okkur heyskapur, smalamennskur í góðu veðri, flagvinna og svo er skítkeyrsla alltaf skemmtileg. Leiðinlegast hlýtur að vera að gera við ónýtar girðingar. Annars er allt skemmtilegt svo lengi sem vel gengur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Stærri, betri og meiri vinnuhagræðing.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við teljum að þau séu í ágætis standi.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Honum mun vegna vel ef okkur bændum tekst að halda hreinleika og heilnæmi íslenskra afurða á lofti.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?

Íslenska lambakjötið, þar eigum við hágæðavöru sem þarf að markaðssetja enn betur sem slíka.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur og smjör.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt með kartöflum og tilheyrandi sósu.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þorbjörgu og Marvin þykir sennilega eftirminnilegast þegar við komum inn í búskapinn, þegar við keyptum okkur lífgimbrar og fjölguðum fénu lítillega.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIDSLUMEISTARI

Fyllt súkkulaðiegg og svínakjöt í páskaöli

